


TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK JÚNÍ 2009



Uppvakin viðskiptavild
– víti til varnaðar

Skjól gegn skatti

Naglasúpan

Alþingi Íslendinga hefur samþykkt ný lög um styrkingu skattframtækvaðar. Með þeim er ljóst að á margan hátt mun skattyfirvöldum verða gert auðveldara að hemja undanskot frá sköttum sem ætla má að geti numið tugum milljarða og jafnframt er þeim gert kleift að auka þjónustu við framteljendur. Verkfæri skattyfirvalda eru fyrst og síðast upplýsingar um tekjur, skuldir og eignamyndun, sem endurspeglar uppruna og flæði fjármuna. Nú hefur það náðst fram að framlagning allra meginupplýsinga til grundvallar skattlagningu er lögð að jöfnu – og skiptir þá engu hvort upplýsingar stafa frá launagreiðendum, viðskiptamönnum, fjármálastofnunum eða öðrum. Löggjafinn hefur þannig undirstrikað það viðhorf að trygg skattlagning verður ekki eingöngu byggð á því hvað hver framteljandi telur sér rétt og skytt að upplýsa, nema unnt sé samtímis eða síðar að sannreyna grundvöll skattlagningar og bregðast við frávikum.

Það var reyndar einkar merkilegt að fylgjast með andstöðu við umbætur á þessu sviði skattframtækvaðarinnar. Þurfti til tvær ríkisstjórnir og tvo fjármálaráðherra til að flytja tvö stjórnarfrumvörp þessa efnis. Undrunar-efni var að þrátt fyrir hið alvarlega þjóðfélagsástand og hrun bankakerfisins þá skyldu mæta á þingnefndarfund fulltrúar fjármálaframtækvaða til að mæla gegn samþykkt frumvarpsins. Gengu þeir svo langt í sínum málflytningi að einn þingmannanna spurði hvort andstaða þeirra við frumvarpið væri með vitund fjármálaráðuneytisins, sem fer með eignarhald hinna nýju ríkisbanka. Andstæðingar frumvarpsins höfðu þó ekki árangur af erfiðri sínu en framganga þeirra er umhugsunarefni í því ljósi að markmiðið var aukið gagnsæi og styrking skattframtækvaðar. Með samþykkt lagabreytinganna munu skattyfirvöld geta, eftir áratugabið, tryggt færslu upplýsinga inn á skattframtöl og aukið skatteftirlit í því skyni að allir framteljendur skili þeim sköttum til samfélagsins sem þeim ber. Þá á það vel við að taka sér í munn hin fleygu orð bókmenn-ásögunnar „loksins, loksins“ eftir að lögin um styrkingu á skattframtækvað voru samþykkt á liðnum vetri.

Þótt Íslendingar hafi nú innleitt ríka upplýsingaskyldu fjármálastofnana sem lið í því að sporna gegn skattundanskotum er þó ljóst að baráttan við skattundandrætt er ekki möguleg nema í alþjóðlegri samvinnu og má heyra á þeim vettvangi óvenju hvassan tón í garð ríkja sem byggja afkomu sína á sérstakri þjónustu við skattfælna fjármagnseigendur. Afar mikilvægir í því ljósi eru tvísköttunarsamningar við erlend ríki, sem allir

byggjast á samningsfyrirmynd Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD. Alþjóðleg samvinna á sviði skattamála til að hamla gegn því að einstakir aðilar geti komist undan greiðslu skatta með því að færa eignir sínar til aflandsríkja getur því haft mikið að segja.

Skattaskjólín svokölluðu virðast í mörgum tilfellum notuð til að komast hjá skattgreiðslum og ennfremur til að dylja eignarhald. Einkar athyglisvert er í því samhengi að oft og tíðum eru hlutaðeigandi einstaklingar einvörðungu að reyna að koma sér undan greiðslu 10% fjármagnstekju-skatts. Meira að segja við slíka hóflega skattlagningu neyta einstakir aðilar allra bragða enda er hin forna tíund í formi fjármagnstekjuskatts 21. aldar jafnvel talin of hár skattur til þess að unnt sé að standa skil á þessu lágmarksframlagi til samfélagsins. Er það enda ljóst að miklu munar um hvert prósentíð þegar mögulegur skattstofn getur numið fjárhæð sem jafngildir samanlagt eðlilegum mánaðarlaunum tugþús-unda manna enda þarf mikið til að fjármagna skemmtanir og aðra einkaneyslu sem að fjölmiðla sögn kostar jafnvel á við heil jarðgöng eða nokkur mislæg gatnamót, eftir því hvaða viðmiðun er kosin.

Þrátt fyrir að þorri framteljenda hafi engan vilja til undanskota á tekjum hefur það sýnt sig aftur og aftur að hjá vissum hópum þjóðfélagsins er ásetningur um skattundanskot fyrir hendi. Það á einnig við um þá sem hafa mikla fjármuni handa á milli og a.m.k. í sumum tilfellum virðist þá muna meira en aðra um hverja krónu til hinna sameiginlegu þarfa þjóðfélagsins. Í því manngerða gjörningaveðri sem skolið hefur á íslenskt samfélag síðasta misseri er það eftirtektarvert að þess eru dæmi að sömu aðilar og treystast ekki til að greiða íslensku samfélagi lágmarks-skattgreiðslur lögum samkvæmt, geti jafnframt krafist allrar heilbrigðis- og félagsþjónustu ásamt réttarverndar – og að því er virðist án þess að blikna.

Í skýrslu Finnans Kaarlo Jännäri er því haldið fram að síðustu starfs-mánuði bankanna hafi margt brugðist – og undir það hafa aðrir tekið. Íslenska þjóðin spyr því ekki að ástæðulausu hverjar voru orsakir hinna viðtæku afleiðinga efnahagshrunsins. Hlutlæg rannsókn, þar sem haft verði hugfast að hver maður sé saklaus nema sekt sannist, gæti leitt í ljós hvað raunverulega gerðist á þeim örlagaríku misserum næst á undan hruninu. Upplýsa þarf einnig, hvort það hafi verið þáttur í starfsemi íslenskra banka að stofna lögaðila í skattaparadísnum og þá undir hvaða formerkjum og ef rétt reynist í hverra þágu slíkt hafi verið gert?

TÍUND

Blað nr. 51 - 2. tölublað - 23. árgangur

Útgefandi: RÍKISSKATTSTJÓRI

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir

Auk þeirra og höfunda greina unnu að blaðinu

eða tóku ljósmyndir: Ingibjörg Erlendsdóttir,

Bragi Leifur Hauksson o.fl.



Forsíðumyndin er eftir Halldór Baldursson. Hún var teiknuð í tilefni af útgáfu skattsvikaskýrslu árið 2004 og sýnir höfunda skýrslunnar þá Indriða H. Þorláksson, Skúla Eggert Þórðarson og Snorra Olsen.

Afleiðingar bankahrunsins eru ekki enn að fullu ljósar. Þó liggur fyrir að tugþúsundir Íslendinga hafa glatað hlutabréfum í bönkunum og öðrum félögum, hluta af inneignum í sjóðum, skuldabréfaeign og öðrum verðmætum að ótöldu því gríðarlega tjóni sem lífeyrissjóðir og fyrirtæki hafa orðið fyrir. Án efa hafa margir glatað stórum hluta ævisparnaðarins og sumir öllum. Skattýfirvöld hafa orðið þess rækilega vör að margir virðast líta til þess að ríkissjóður, sameiginlegur sjóður landsmanna, eigi að taka að sér við þessar aðstæður að bæta fyrir það tjón sem menn urðu fyrir í bankahruninu.

Margt beint og óbeint tengt bankahruninu hefur kallað á aðgerðir skattýfirvalda, þótt hljótt hafi farið. Skattaleg álitamál af margvíslegum toga hafa hrannast upp. Þar hefur m.a. þurft að skýra og skerpa á regluverkinu til að koma í veg fyrir að menn geti gengið frá borði án ábyrgðar og að tryggja að unnt verði að halda úti réttmætum skattkröfum. Margt var þó enginn vafi um, áður en sjálfskipaðir lögskýrendur komust á flug við að reyna á þanþol ákvæða skattalaga.

Það hefur löngum verið talin snautleg iðja að halda sjálfum sér veislu á kostnað annarra. Þannig hefur þó hluti íslensku þjóðarinnar hagað sér. Í skýrslu um skattsvik frá árinu 2004 voru áætlaðir undandregnir skattar 34 milljarðar króna. Að öllum líkindum voru þessir fjármunir vanmetnir þá og til viðbótar kemur að athafnamenn ýmsir hafa ekki dregið af sér hin síðustu ár við þá iðju að koma umsvifum sínum í skjól með stofnun eignarhaldsfélaga af ýmsum toga svo hundruðum skipti. Líkur eru á að verulegum fjármunum hafi verið komið undan skattlagningu í gegnum erlenda lögaðila og án efa eru það stærstu skipulögðu skattundanskot hérlendis um árabíl. Undandregnir skattar skipta þannig fjárhæðum sem munar um, en hljóma e.t.v. eins og smáaurar sé horft til þeirra fjármuna sem virðast hafa glatast í bankahruninu. Þegar skotið er undan skattlagningu kemur það með beinum eða óbeinum hætti niður á skilvísium skattgreiðendum sem standa þannig undir byrðum sem aðrir hafa komið sér hjá. Skal ósagt látið hvort slíkt háttalag sé hótí finna en þjófnaður að nóttu.

Sú veisla sem haldin var á kostnað almennings í landinu með flutningi fjármagns úr landi og skuldsetningu mun verða þjóðinni dýr. Mikilvægt er að leitað verði leiða til að uppræta þessi undanskot en með hertri skattframkvæmd yrði staða ríkissjóðs styrkt. Almennt séð er brýnt að



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

auka skatteftirlit og beina því gegn þeirri athafnasemi hérlendra manna sem m.a. hefur verið stunduð í fléttu eignarhaldsfélaga. Þá bendir margt til þess að dulin atvinnustarfsemi sé um þessar mundir að færast í aukana og samhliða sé verið að misnota velferðarkerfið með því að einstakir aðilar fái ranglega úthlutað nauðpurftarbotum úr ríkissjóði. Öllum má vera ljóst að ef slíkt er látið átölulaust býður það enn meiri svikum heim.

Það er verðugt verkefni að koma saman hópi sérfræðinga sem hefði það hlutverk eitt, að hafa uppi á þeim aðilum sem hafa komið óskattlögðum tekjum undan í skjóli erlendra eignarhaldsfélaga. Óvíst er að unnt verði að koma höndum yfir þá fjármuni sem runnið hafa framhjá skattlagningu nema með beinskeyttum og markvissum aðgerðum sem hafa þann tilgang að bjarga því sem bjargað verður.

Mitt í öllu þessu fári standa svo hinir skilvísu skattgreiðendur, sem þurfa að bera uppi þjóðfélagið svo unnt verði að standa vörð um velferðarsamfélag sem ljóst má vera að allnokkur hópur fólks hefur talið sér óviðkomandi, þegar ekki reyndi á þjónustu þess. – Undandráttur frá skatti er yfirleitt gerður með fullri vitund og oftast nær virðist það vera með skipulegum hætti og kinnroðalaust.

EFNI BLAÐSINS

Leiðari	2	Umfang skattsvika á Íslandi	24
Uppvakin viðskiptavild – víti til varnaðar	4	Skattstjórinn - Hanna Björnsdóttir	26
Viðtalið - Magnús Pétursson ríkissáttasemjari	6	Samrunar og skiptingar fyrirtækja	30
Samningur Íslands og Bresku Jómfrúreyja	11	Skjól gegn skatti og markaðsupplýsingum	32
Starfsmannafundur	12	Eigendur bankanna	35
Skatteftirlit á umbrotatímum	14	Fólkið á vaktinni	38
Fyrirmyndarstofnanir ársins 2009	16	Nýr vefur www.tiund.is	40
Gátu endurskoðendur gert betur?	17	Dómar	42
Vefframtalið 10 ára	20	Úrskurðir	45
Skattasniðganga og skilgreining hennar	22	Upplýsingatafla RSK	48

Uppvakin viðskiptavild

– víti til varnaðar



Aðalsteinn
Hákonarson

Í Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra, sem út kom í desember sl. var m.a. stutt umfjöllun um viðskiptavild í ársreikningum fyrirtækja sem mynduð var í gegnum öfugan samruna. Síðan þá hefur orðið nokkur umfjöllun um viðskiptavild í fjölmiðlum. Sú umræða hefur aðallega snúist um ágæti þessarar eignar sem hefur þanist út og skipað æ stærrí sess í eignasafni fyrirtækja ár frá ári. Sumir hafa haldið því fram að þessi eign sé ekkert annað en loft en aðrir hafa reynt að standa á því föstum fótum að um sé að ræða eign sem sé færð upp í samræmi við alþjóðlega reikningsskila- staðla. Vandinn er kannski sá að oft er erfitt og stundum ómögulegt að sjá hvernig viðskiptavildin hefur myndast.


Ég hef engan heyrnt halda því fram að óeðlilegt sé að færa upp viðskiptavild þeg-

ar eitt rekstrarfélag kaupir annað og samruni verður í kjölfarið. Hugsum okkur t.d. að Síminn keypti Vodafone, eða öfugt, og síðan sameinuðust félögin. Þá verða til samlegðaráhrif sem eðlilegt er að færa sem viðskiptavild hafi kaupverð hlutfjárins numið hærra verði en verðmæti eigna félagsins að frádrögnum skuldum. Þegar það gerist á hinn bóginn að félag er stofnað í þeim eina tilgangi að kaupa hlutfé annars félags sem er í rekstri og sameina þau síðan þá verður forsenda fyrir eignfærslu viðskiptavildarinnar oft hæpin. Eignarhaldsfélagið sem stofnað var leggur engar eignir inn í samrunann og því er í reynd bara verið að skuldsetja rekstrarfélagið sem keypt var. Lítum á eftirfarandi mynd, sem gengur undir nafninu legómódelið, þar sem samrunaferlið er sýnt í 5 skrefum þessu til útskýringar:

Skref 1 sýnir efnahagsreikning rekstrarfyrirtækisins A sem er samansettur úr 5 bláum einingum fyrir eignahlið, þremur rauðum einingum sem tákna skuldir og tveimur grænum einingum sem tákna eigið fé. Ein blá eining getur táknað varanlega rekstrarfjármuni, önnur birgðir, þriðja kröfur o.s.frv.

Skref 2 sýnir á sambærilegan hátt efnahagsreikning fyrirtækisins B sem hefur keypt allt hlutféð í A. Í eignahlið B eru 3 gular einingar sem tákna kaupverðið á A, sem bókfært var á 2 grænar einingar hjá A, en skuldamegin hjá B eru 2 rauðar einingar sem tákna skuldir og 1 græn eining sem tákna framlagt eigið fé. M.ö.o. þá hefur B keypt hlutféð í A á hærra verði en nam bókfærðu verði á eigin fé A og kaupverðið hefur runnið í formi peninga til einhverra hluthafa úti í bæ en ekki inn í félögin A eða B.


Skref 3 sýnir svo upphafsáðgerðir við samruna A og B þar sem úr verður félagið AB. Þá hafa efnahagsreikningar félaganna verið lagðir saman. Við eignahlið A hafa nú bæst 3 gular einingar, 2 rauðar einingar við skuldirnar og 1 græn eining til hækkunar á eigin fé sbr. einingarnar í skrefi 2 hér á undan. Þegar hér er komið sögu kemur upp ákveðið vandamál. Þar sem B lagði ekki fram neinar eignir nema eignarhlutann í A á félagið AB orðið allt hlutféð í sjálfu sér. Það er óheimilt samkvæmt lögum og við því þarf að bregðast eins og fram kemur í næsta skrefi.



Skref 4 sýnir það sem raunverulega gerðist með kaupnum og samrunum. Félagið AB hefur nú tekið burt gula eignarhlutann í sjálfu sér þar sem færsla hans er óheimil. Það þarf auðvitað að lækka skuldahliðina um sömu fjárhæð því að debet og kredit verða jú að standast á. Ekki er hægt að lækka eða eyða út skuldunum nema menn séu svo bítæfnir að flytja hluta þeirra til Tortola eins og dæmi eru reyndar um að hafi gerst. Því verður lækkinin öll að koma fram á eigin fé. Eigið fé AB er þar með allt horfið þannig að það sem eftir stendur af hinu sameinaða félagi AB er gamla félagið A sem nú er búið að skuldsetja um 2 rauðar einingar. Hér birtist nákvæmlega það sem gerst hefur, engar eignir komu inn í gamla félagið A við samrunann, það bættust bara við skuldir. Það getur ekki verið gott að selja hluti í AB eins og það lítur út núna með ekkert eigið fé. Við því hafa menn brugðist eins og fram kemur í lokaskrefinu.

Í skrefi 5 hefur viðskiptavild og eigin fé verið bætt ofan á efnahagsreikninginn sem sýndur var í skrefi 4. Venjan hefur verið, þó með mismunandi útfærslum, að færa kaupverð hlutabréfanna í A að frádregnu bókfærðu eigin fé A sem viðskiptavild og lyfta eigin fénu upp um sömu fjárhæð. Þar með er kominn sá efnahagsreikningur sem fjárfestar setja mögulega á markað og bjóða almenningi og lífeyrissjóðum til kaups. Oft er þessi hattur sem viðskiptavildin er mun stærra hlutfall af efnahagsreikningnum en hér kemur fram og þar af leiðandi eigið fé einnig.

Komið hefur fram í skrifum málsmetandi einstaklinga að eðlilegt sé og í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla að færa viðskiptavildina upp við svona aðstæður hafi kaup B á A farið fram í frjálsum viðskiptum ótengdra aðila. Ekki virðist manni sú túlkun skynsamleg þegar litið er til þess raunveruleika sem birtist í skrefi 4. Þar fyrir utan hefur mönnum verið algerlega hulið hér á landi hvað séu frjáls viðskipti ótengdra aðila. Menn hafa t.d. séð sömu félögin ganga kaupum og sölum á milli sömu aðilanna á síhækkandi verði hvað eftir annað og það gerviverð sem myndaðist í þeim viðskiptum enda sem eign inni í reikningum annarra félaga vegna eignatengsla. Það má ekki gleyma því að vegna mikils fjölda félaga hér á landi og innbyrðis eignatengsla er sami hagnaðurinn og sama eigið fé talið til tekna og eigna mörgum sinnum. Þar fyrir utan segir svo í alþjóðlegum reikningskilastaðli IAS 38,



sem fjallar um óefnislegar eignir, að ekki skuli færa viðskiptavild sem myndist innan félags sem óefnislega eign. Það er a.m.k. ljóst að þetta er ekki skyldubundið. Í skrefi 5 sjáum við að það hefur ekkert annað gerst en að gamla félagið A, þótt það heiti orðið AB, hefur fært upp viðskiptavildina í sjálfu sér.

Það er rétt að halda því líka til haga að oft er mjög óljóst hvernig sú viðskiptavild sem færð er í ársreikninga fyrirtækja hefur myndast og hvernig hún er færð. Í sumum tilvikum hefur kaupverðinu á A, að því leyti sem það er umfram bókfært eigið fé A, verið dreift á ýmsar eignir í efnahagsreikningi þannig að viðskiptavildin er ekki bókfærð undir nafninu viðskiptavild og enginn veit hvort dreifing yfirverðsins á eignir sé byggð á ásættanlegu mati. Það hefur líka sést í sjávarútvegsfyrirtækjum að viðskiptavild sem mynduð er eins og að framan greinir gengur þar undir nafninu aflahlutdeild eða aflaheimild. Því til viðbótar er sjaldan hægt að greina í ársreikningum hvort bókfærð viðskiptavild er til komin vegna eðlilegra samlegðaráhrifa eða hvort um sé að ræða að félag hefur

fært upp viðskiptavildina í sjálfu sér. Þá má benda á að ólík sjónarmið gilda þegar eitt félag kaupir annað út frá þeim væntingum að arður af fjárfestingunni standi undir kaupverðinu heldur en þegar kaupin eru gerð með samruna í huga. Í síðara tilvikinu er félaginu sjálfu ætlað að taka yfir lán og greiða þannig hluta af kaupverðinu í sjálfu sér, eins og skref 4 ber með sér, og við slíkar aðstæður er líklegt að fjárfestar séu tilbúnir til að greiða herra verð fyrir kaupin en ella, ekki hvað síst þegar offramboð er á lánsfé eins og þekktist hér á landi um tíma. Því er líklegt að yfirverðið sem greitt var sé alls ekki vísbending um verðmæti viðskiptavildar þess félags sem keypt var með samrunann í huga, jafnvel þótt viðskiptin hafi farið fram í frjálsum viðskiptum ótengdra aðila. Fróðlegt væri í þessu sambandi að skoða öll þau virðisrýrnunarpróf sem fyrirtæki segjast hafa látið gera til að ganga úr skugga um að raunhæft hefði verið að vekja upp viðskiptavildina og færa hana til eignar í ársreikningi. Stundum hefur maður á tilfinningunni að notaðir hafi verið svindlmiðar í þeim prófum.



Skilvirk stjórnsýsla

Magnús segir mikilvægt að velta öllum steinum við þegar leitað er að hagkvæmni og bættri stjórnsýslu. Þar talar maður með reynslu.

Magnús Pétursson tók við starfi ríkissáttasemjara 1. nóvember 2008. Hann kemur til starfa við afar sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu svo ekki sé meira sagt. Magnús útskrifaðist úr hagfræði frá Háskólanum í York á Englandi 1971 og stundaði framhaldsnám í hagfræði og skipulagsfræði við háskólana í Lundu og Umeå í Svíþjóð 1974 til 1976. Þá dvaldi hann vetur í Bandaríkjunum 2004-05 við nám og kennslu.

Magnús Pétursson er ekki einhamur maður. Hann hefur um margra ára skeið tekið þátt í starfi á vegum stjórnvalda um efnahags- og ríkisfjármál, opinbera stjórnsýslu og heilbrigðismál svo nokkuð sé nefnt. Hann var hagsýslustjóri ríkisins á árunum 1976 til 1988 og kom þá að gerð fjárlaga og umbótum í starfsemi ríkisins. Hann starfaði í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1988 til 1990 og var ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins 1990 til ársloka 1998. Þá varð Magnús forstjóri Landspítalans þegar Borgarspítalinn og Ríkisspítalar voru sameinaðir.

Mjög margir eru minnugir starfa Magnúsar sem athafnasams ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins. Þar endurskipulagði hann starf ráðuneytisins og var einn fremsti umbótamaður í opinberri stjórnsýslu um margra ára skeið. Á hans tíma í fjármálaráðuneytinu voru teknir upp árangursstjórnunarsamningar, öllum forstöðumönnum hins opinbera sett erindisbréf, auk fjölmargra umbóta í ríkisfjármálum. Án efa er þó gjörbreytt launastefna ríkisins eitt af helstu umbótaatriðunum sem hann náði þar fram. Snemma á ferli Magnúsar átti Morgunblaðið athyglisvert viðtal við hann þar sem hann kvað upp úr með að launakerfi ríkisins yrði að hugsa upp á nýtt. Blaðamaðurinn hafði þá á orði að engu væri líkara en að minkur væri kominn í hænsnabúið.

Tíund ræddi við Magnús m.a. um þær breytingar í ríkisrekstri sem hann hefur átt þátt í og þann vanda sem stjórnvöld standa frammi fyrir um þessar mundir.

Þú hefur starfað fyrir hið opinbera um langt skeið og séð miklar breytingar á þeim vettvangi.

Jú, það er mikið rétt. Á yfir þrjátíu árum hefur margt breyst; samfélagið allt og vitanlega margt í starfi hins opinbera. Utan- aðkomandi áhrifa hefur gætt hjá ríki og

” Dreifing ábyrgðar á starfsmannahaldi og launaákvörðunum var eitt af því sem við töldum að ætti að hrinda í framkvæmd og gerðum eftirminnilega

sveitarfélögum eins og í svo mörgu í samfélaginu en sumt er einnig heimager og nýttist okkur líka vel.

Þú vannst jöfnum höndum fyrir félagsmálaráðuneytið og fjárlaga- og hagsýslustofnun þegar þú komst til starfa, var það ekki?

Þegar ég kom frá Svíþjóð 1976 tók ég þátt í eftirminnilegu starfi sem fjallaði um stöðu sveitarfélaganna í landinu. Þá kom sterklega til álita að fækka sveitarfélögum verulega og fela landshlutasamtökum

þeirra hlutverk. Rökin hér voru í sjálfu sér hin sömu og á Norðurlöndunum þ.e. að ef fela á sveitarstjórnartiginu aukin verkefni verði að fækka sveitarfélögum og efla þau. Á þessum árum voru sveitarfélögin 224 talsins og enn í dag tel ég þau of mörg þó svo þeim hafi vitanlega fækkað. Stjórnvöld hér á landi hafa ekki verið reiðubúin að lögfesta fjölda sveitarfélaga andstætt því sem var í Svíþjóð. Hvort það var og er rétt viðhorf er vitanlega umdeilanlegt en ég er sannfærður um að viðfangsefni sveitarfélaganna hefðu þróast með öðrum hætti hefði fækkan sveitarfélaganna verið ákveðin með lögum. Nú er rétt um að flytja mál efni fatlaðra og málefni aldraðra til sveitarfélaganna. Við verðum að vera sannfærð um að sveitarfélögin ráði við verkefnið, bæði skipulagslega og fjárhagslega, áður en út í það verður farið. Á endanum er þetta þó pólitísk ákvörðun og vitanlega verður að gæta þess að landsmenn sitji sem mest við sama borð hvað þjónustu varðar.

Hvaða viðfangsefni voru einkum á sviði fjárlagagerðar og umbóta í ríkisrekstri á þessum tíma?

Mitt fyrsta verk var vinna að fjárlagaáætlun til fjögurra ára. Töluvert var einnig horft til þess sem var að gerast á Norðurlöndunum í þessu efni. Minna varð úr þessu starfi en efni stóðu til vegna óstöðugs efnahagslífs og áhugi stjórn- málamanna á að binda ríkisútgjöld til lengri tíma en eins árs var takmarkaður. Ég fann fyrir því á Landspítalanum að það er afar erfitt að stjórna stofnun þar sem fjárveitingar eru ákveðnar frá ári til árs. Vandaðar breytingar á rekstri stofnana krefjast oft langs undirbúnings svo sem í starfsmannahaldi, á leigusamningum og í innkaupum. Nú gerir Alþjóða-

gjaldeyrissjóðurinn kröfu um að horft sé til ríkisbúskaðarinnar til nokkurra ára. Það er ágætt og hefði þurft að vera búið að gera fyrr.

Margir minnst þeirra breytinga í opinberri stjórnsýslu sem urðu á tíunda áratugnum. Þá kvaðst þú stundum fast að orði og beittir þér fyrir miklum breytingum. Hvað stendur þar upp úr að þínu mati?

Friðrik Sophusson, fyrrverandi fjármálaráðherra, stóð fyrir mörgum nýjungum að fyrirmynd annarra landa. Dreifing ábyrgðar á starfsmannahaldi og launaákvörðunum var eitt af því sem við töldum að ætti að hrinda í framkvæmd og gerðum eftirminniliga. Nú er meira en áratugur frá því að forstöðumenn ríkisstofnana fengu heimild til þess að ráða starfsfólk og víkja því úr starfi ef svo ber undir. Það var skynsamlegt að fela forstöðumönnum stofnana og starfsmönnum ábyrgð á launaákvörðunum og fyrri tilhögun þar sem miðstýring starfsmannamála var algjör hafði gengið sér fullkomlega til húðar. Fjármálaráðuneytið hafði verið sterkelega gagnrýnt, jafnt af stjórnendum sem starfsmönnum, fyrir að ábyrgðin á starfsmannahaldi væri allt of fjarlæg forstöðumönnum. Ég held að breytingin hafi verið hárrétt og að enginn myndi vilja hverfa aftur til fyrra horfs.

Var ekki einnig dregið úr miðstýringu í fjárlagagerðinni?

Jú, einstökum ráðuneytum var markvisst falin meiri ábyrgð á gerð og framkvæmd fjárlaga. Útgjaldarammar ráðuneyta eru

enn við líði og það er alveg ljóst að ráðuneytin höfðu þá strax og hafa enn mun meira að segja um hvernig verkefnum er raðað í forgang heldur en áður var. Ég man vel þegar stjórnendur og starfsmenn ríkisstofnana vermdu bekkina í biðstofu fjármálaráðherra ef tala þurfti fyrir málum, oft án nokkurrar þátttöku hlutaðeigandi ráðuneyta. Mörg ár eru frá því að þetta var aflagt.

”
Ég tel t.d. mjög óæskilegt að verið sé að breyta opinberum stofnunum í svokölluð opinber hlutafélög til þess eins að komast undan lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og upplýsingalögum

Nú stöndum við frammi fyrir miklum niðurskurði í ríkisútgjöldum, hvernig líst þér á það?

Halli sem nemur 150-160 milljörðum króna eða þaðan af meira er þess eðlis að hefðbundnum leiðum hagræðingar og aðhalds verður ekki beitt einum og sér. Ég held að það fari ekki milli mála að óhjákvæmilegt verður að endurstilla velferðarkerfin og ráðuneyta- og stofnanaskipan ríkisins. Þetta

verður ekki létt verk en markvisst samvinna hlutaðeigandi ráðherra, stjórnenda stofnana ríkisins og starfsmanna um lausn þessa máls skiptir öllu máli. Mín reynsla af Landspítalanum er að starfsfólk stofnana hefur margt fram að færa og vill vera þátttakendur í aðgerðunum. Að þessu þarf að gæta.

Hvað fleira var gert á tíunda áratugnum sem þér er minnisstætt?

Einna minnistæðast frá þessum árum er ákvörðun fjármálaráðherra og stjórnenda Seðlabankans að taka fyrir yfirdrátt ríkissjóðs í bankanum. Samhliða var hafið útboð á verðbréfum til skamms og langs tíma til þess að mæta fjárþörf ríkissjóðs. Ég er sannfærður um að þessi ákvörðun hafi töluverð áhrif á að verðbréfamarkaður eflidist hér á landi. Þá nefni ég setningu stjórnsýslulaga og upplýsingalaga á vegum forsætisráðuneytisins, ný lög um starfsemi lífeyrissjóða, lög um fjárreiður ríkisins og lög um bókhald fyrirtækja í landinu. Svokallaðir árangursstjórnunarsamningar voru gerðir en þeir eru tiltekin formleg tilhögun á samskiptum ráðuneyta og stofnana. Kjarni málsins er sá að ef umbætur í starfsemi hins opinbera eiga að heppnast verða stjórnvöld, einkum fjármálaráðherra, að leiða þær. Það gerði Friðrik ljómandi vel og ég held að við þurfum nýtt átak í þessu efni nú. Forsætisráðherra hefur sagt að nú eigi að skoða sameiningu ráðuneyta og stofnana. Ég er sammála þessu.

Stundum hefur verið sagt að þetta hafi verið áratugur nýskipunar í ríkisrekstri. Fyrir því eru nokkur rök og það er ekki ofsagt að vönduð stjórnsýsla og gott skipulag hennar á að vera keppikefli. Af henni er samfélagið á sinn hátt metið og dæmt. Það er fagnaðarefni verði grunnþættir stjórnsýslunnar endurskoðaðir sem hluti af endurskoðun stjórnarskrárinnar sem framundan er.

Hvaða stjórnsýsluverkefnum þyrfti að þínu mati að taka á um þessar mundir? Eru horfur á að við hverfum aftur til miðstýringar?


Ég held að það væri misráðið að hverfa aftur til miðstýringar því sú hugsun er liðin tíð en þrennt get ég nefnt sem getur bætt stjórnsýsluna:

Í fyrsta lagi þarf að huga vel að því hvernig við lítum á stöðu ráðherra og ráðuneyta



Höfðaborg, aðsetur ríkissáttasemjara, Borgartúni 21.

því láðandi frá Hinnarhólshaga. Þetta er
 „ÞÁÐ þarf að stefna undan launak-
 kerfi ríkisins.“ Menntakerfið er megin-
 gæla.“ Sir Humphrey ráðuneytis-
 stjórnir í sjómargþjófum. Á ríðlærum
 hefir hvítnað og bíland hefir hann
 heyrir starfsáður sinn segja þessi
 orð. En það er samt Magnús IV. Ný-
 rson ráðuneytisstjórnir fjármálaráðuney-
 tins sem hefur orðið; hann hefur
 ákveðnar skóðanir á málinu en er jafn-
 framt hreinskilinn og mest til þess
 sama á móti. „Ég hef það markmið
 að vinna þess ráðuneyti traustr.“ segir
 hann.



VERFIÐ ER AÐ HVERJI KOMIÐ

Fjármálaráðuneytið hefur hringt á
 sig þessa málefna. Það er einn af
 þeim þingmálum sem eru á dagskrá
 þess þings. Það er einn af þeim
 málum sem eru á dagskrá þess
 þings. Það er einn af þeim málum
 sem eru á dagskrá þess þings.

Þetta er einn af þeim málum sem
 eru á dagskrá þess þings. Það er
 einn af þeim málum sem eru á
 dagskrá þess þings. Það er einn
 af þeim málum sem eru á dagskrá
 þess þings.

Þetta er einn af þeim málum sem
 eru á dagskrá þess þings. Það er
 einn af þeim málum sem eru á
 dagskrá þess þings. Það er einn
 af þeim málum sem eru á dagskrá
 þess þings.

Þetta er einn af þeim málum sem
 eru á dagskrá þess þings. Það er
 einn af þeim málum sem eru á
 dagskrá þess þings. Það er einn
 af þeim málum sem eru á dagskrá
 þess þings.

Magnús Pétursson, nýi ráðuneytisstjórnir í fjármálaráðuneytinu, vill röt-tækur breytingar í skipulagi ráðuneytisins, uppstokkun í ríkisrekstrinum og umbyltingu í menntakerfinu sem hann segir komið að fótum fram. Það er engu líkara en kominn sé minkur í hænsnabúð.

Þetta er einn af þeim málum sem
 eru á dagskrá þess þings. Það er
 einn af þeim málum sem eru á
 dagskrá þess þings. Það er einn
 af þeim málum sem eru á dagskrá
 þess þings.

Snemma á ráðuneytisferli Magnúsar birtist viðtal við hann í Morgunblaðinu þar sem hann gagnrýndi launakerfi ríkisins. Nokkrum árum síðar var því gjörbreytt.

m.t.t. skyldna og ábyrgðar því það mun reyna á hana nú þegar við veltum öllum steinum í samfélaginu. Það er alþekkt að hugtakið ráðherraábyrgð er komið nokkuð til ára sinna og hefur sjaldan verið látið á það reyna. Þessu tengist staða og skyldur stofnana gagnvart ráðuneytum sem er með mjög mismunandi hætti. Sumar ríkisstofnanir lúta í einu og öllu boðvaldi ráðuneytis, aðrar lögbodnum stjórnunum sem sumar hafa veikt umboð og óljóla ábyrgð og þá eru stofnanir sem líkjast nánast fyrirtækjum og fara að regluverki hins opinbera eða einkageirans, mér liggur við að segja eftir því sem hentar. Ég tel t.d. mjög óæskilegt að verið sé að breyta opinberum stofnum í svokölluð opinber hlutafélög til þess eins að komast undan lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og upplýsingalögum. Upp til hópna tel ég að opinberar stofnanir séu dával rekna og gagnrýni ráðuneyta á starf þeirra oft illa ígrunduð. Stofnanir búa iðulega yfir yfirburðapækkingu, ekki síst í faglegum mállefnum, sem ráðuneytin ættu að nýta miklu betur frekar en að sjá ofsjónum yfir eins og hefur vilj-

að brenna við. Ráðuneytum er of gjart að líta á sig sem yfirvald fremur en að líta svo á að ráðuneyti og stofnanir þess séu ákveðin tilhögun á skipulagi stjórnsýslunnar. Mér hefur komið til hugar að víkka út

”
Stofnanir búa iðulega yfir yfirburðapækkingu, ekki síst í faglegum mállefnum, sem ráðuneytin ættu að nýta miklu betur frekar en að sjá ofsjónum yfir eins og hefur vilj-
 ”

hugtakið ráðuneyti þannig að það spannaði allt starf ráðuneytis og stofnana þess og að ráðuneyti vinni fyrst og fremst að stefnumótun og eftirliti en feli stofnumum alla framkvæmd. Í annan stað sýnist mér

verk að vinna þegar kemur að fjárlögum. Menn óskapast oft yfir því að stofnumum og reyndar ráðuneytum sjálfum gangi illa að halda fjárlög. Að stjórnendur þeirra séu ekki starfi sínu vaxnir er afar einfölduð mynd. Ég er og hef lengi verið gagnrýninn á það sameiginleg umfjöllun margra ráðuneyta og stofnana þeirra um viðfangsefnum er léttvæg. Iðulega er tiltekinni fjárhæð veitt á fjárlögum til stofnana og þeim síðan eftirlátið án umræðu að leysa hvers manns þarfir. Margt verður aldrei skrifað í lög eða reglur og því geri ég mér fulla grein fyrir. En það á að vera sameiginlegt verkefni ráðuneytis og stofnunar að leiða fram samsílega rökræna niðurstöðu þó ekki sé dýpra tekið í árinni. Ég tala hér af reynslu eftir að hafa setið beggja vegna borðs, fyrst í fjármálaráðuneytinu og síðan sem stjórnandi stærstu stofnunar ríkisins. Það er ófært að mat á rekstri stofnana felist fyrst og síðast í því hvort menn standast fjárlögin en ekki hvort stofnanir séu að uppfylla þær skyldur sem til þeirra eru gerðar í lögum og af almenningi. Oft angraði mig hversu ófullkomin samskipti voru



Magnús Pétursson á skrifstofu sinni.

við heilbrigðisráðuneytið en steininn tók úr undir starfslok mín á Landspítalanum þegar enga afstöðu var að fá til aðhalds- og sparnaðaraðgerða. Það verður að stórbæta vinnuna við gerð fjárlaga, ef ekki kollvarpa, ef styrkja á ríkisfjármálin og ná betri árangri á því sviði.

Loks vil ég nefna að á undanförnum árum hefur færst í vöxt að einkaaðilar; einstaklingar, sjálfseignarstofnanir eða einkafyrirtæki, taki að sér að veita þjónustu fyrir hönd hins opinbera. Við getum kallað þetta útvistun, einkarekstur eða einkavæðingu, það gildir einu. Mér sýnir að þróun í þessa veru hafi fremur átt sér stað á hugmyndafræðilegum forsendum heldur en fjárhagslegum. Að mínu mati er sjaldnast sýnt fram á með óbyggjandi rökum að þjónusta sem veitt er af einka-

”

Að mínu mati er sjaldnast sýnt fram á með óbyggjandi rökum að þjónusta sem veitt er af einkaaðilum sé hagkvæmari en sé hún veitt af hinu opinbera

aðilum sé hagkvæmari en sé hún veitt af hinu opinbera. Sjálfseignarstofnanir og einkafyrirtæki reka til dæmis stærsta hluta hjúkrunarheimilanna í landinu. Sjaldn-

ast eru í gildi samningar milli ríkisins og hlutaðeigandi fyrirtækja um þá þjónustu sem veitt er og um réttarstöðu þeirra sem þar dvelja. Ég dreg sterklega í efa að fólk viti hver réttarstaða þess er ef á því væri brotið og mér er til efs að þeim sem þjónustu veita sé nægjanlega ljós sín skylda þó svo fjárhagsábyrgðin megi vera skýr. Það er slæm stjórnsýsla að ekki skuli undantekningarlaust gerðir formlegir samningar við einkaaðila sem taka að sér að fara með skyldur ríkisins gagnvart borgurunum.

Hvernig þykir þér horfa um þessar mundir í samfélaginu?

Það blandast engum hugur um að við búum við afar sérstæðar aðstæður og óljósa framtíð. Því fyrr sem við getum sameinast um uppbyggilegar aðgerðir því betra. Utanaðkomandi aðilar hafa mikil áhrif hér á landi um þessar mundir, einkum erlendir bankar, kröfuhafar og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. Hvort sem okkur líkar betur eða verr tel ég að ráð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði helst til að greiða úr þeim ógöngum sem við erum komin í. Víkjum við frá áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verður róðurinn enn þyngrri og við munum eiga enn erfiðara með að treysta stöðu okkar gagnvart umheiminum sem hefur óneitanlega laskast.

Hvernig kom annars til að þú tókst að þér að vera ríkissáttasemjari og hver verða helstu viðfangsefnin á næstu mánuðum og misserum?

Tæp tíu ár á Landspítalanum er dágóður tími. Að veita honum forstöðu er ekki það einfaldasta sem maður tekur sér fyrir hendur, því máttu trúa. Á spítalanum er unnið mjög gott starf sem mér finnst stundum vanmetið. Margar starfsstéttir, ólíkir siðir, jafn margar skoðanir og starfsmenn, almenningur sem gerir ríka kröfu til að væntingum hans sé mætt og fjárhagsrammi sem er jafnan þröngur. Allt er þetta til staðar og því er á sinn hátt sáttasemjara-starf að leiða spítalann. En þú spyrð, hvað er framundan næstu mánuðina? Þeir sem fylgjast með gangi mála, og það gera allir landsmenn, þekkja að kjarasamningar við fjölmenna hópa í samfélaginu eru útrunnir eða að renna sitt skeið. Hvernig úr þessari stöðu verður leikið er ekki gott að segja, en líklegast reynir á samstillt átak allra sem eitthvað hafa um málið að segja; atvinnurekenda, launþega og stjórnvalda.

IHG



Samningur Íslands og Bresku Jómfrúreyja

Á árinu 2006 var skipaður samnorrænn stýrihópur sem hafði það hlutverk að hefja samningaviðræður við lágs kattaríki/skattaparadísir um upplýsingaskipti. Stýrihópurinn hefur starfað mjög ötulllega að markmiði sínu og náð góðum árangri. Einn samningur hefur nú þegar tekið gildi og búið er að undirrita samninga við Guernsey, Jersey, Bresku Jómfrúreyjar og Bermuda. Fyrirhugað er að undirrita samninginn við Cayman eyjar þann 17. júní nk. og Arúba og Hollensku Antillaeyjar næstkomandi haust. Upphaflega átti stýrihópurinn að starfa í tvö ár en nýlega var ákveðið, ekki síst í ljósi þess árangurs sem náðst hefur, að hópurinn starfi áfram. Fulltrúi Íslands í hópnum er Ása Ögmundsdóttir, sérfræðingur í Fjármálaráðuneytinu. Fyrirkomulag samningaviðræðnanna er þannig að þær fara fram sameiginlega fyrir hönd allra Norðurlandanna en samningarnir sem eru svo gerðir eru tvíhliða, þ.e. einn samningur fyrir hverja Norðurlandapjóð.



Guðrún Jenný Jónsdóttir

Þann 18. maí sl. var undirritaður samningur milli Íslands og Bresku Jómfrúreyja um upplýsingaskipti á sviði skatta. Samningurinn hefur ekki verið þýddur á íslensku og hann hefur ekki verið fullgiltur. Gera má ráð fyrir að hann taki gildi í haust. Hér er ætlunin að gera grein fyrir helstu efnisatriðum samningsins sem tekur til upplýsingaskipta vegna skattamála og gildir einu hvort um refsímál er að ræða eða almennt mál sem lýkur með endurákvörðun opinberra gjalda. Ríki skuldbinda sig til að aðstoða með því að skiptast á upplýsingum sem skipta geta máli við ákvörðun, álagningu og innheimtu skatta. Samningurinn tekur til, af Íslands hálfu; tekjuskatts, útsvars og virðisaukaskatts. Þá hefur samningurinn að geyma skilgreiningar á ýmsum hugtökum eins og fyrirtæki, upplýsingar, einstaklingur, sameiginlegur opinber fjárfestingarsjóður o.fl.

Ákvæðin um sjálf upplýsingaskiptin er að finna í 5. gr. samningsins. Þar kemur fram að bært stjórnvald skuli veita upplýsingar sé farið fram á þær. Upplýsingamiðlunin skal fara fram án tillits

til þess hvort sá sem veita á upplýsingarnar þarfnast þeirra vegna sinna eigin skattamála. Það ríki sem á að veita upplýsingarnar skal beita öllum nauðsynlegum leiðum og aðferðum sem það hefur yfir að ráða til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er. Jafnframt er kveðið á um að ríkin skuldbinda sig til að sjá til þess að þau hafi heimildir til að afla nauðsynlegra upplýsinga frá fjármála fyrirtækjum. Þetta þýðir að ríkin geta ekki borið fyrir sig bankaleynd þegar upplýsingar eru óskað. Takmarkanir á upplýsingagjöfinni lúta einkum að félögum sem skráð eru í kauphöll eða eru sameiginlegir opinberir fjárfestingarsjóðir. Þá eru settar skorður við því hversu langt aftur í tímann unnt er að biðja um upplýsingar og í samningnum við Bresku Jómfrúreyjar er hann sex ár. Ákvæðið hefur verið túlkað þannig að heimilt er að óska eftir upplýsingum vegna skattamála sem eru í rannsókn eða skoðun þegar samningurinn tekur gildi og varða eldri ár, þ.e. ár áður en samningurinn tók gildi.

Það ríki sem óskar upplýsinga sendir ítarlega, skriflega beiðni þar sem fram kemur að hvaða aðila rannsókn eða skoðun beinist. Tilgreina þarf til hvaða tímabils skoðunin eða rannsóknin tekur, hvers eðlis upplýsingarnar eru sem beiðið er um og í hvaða tilgangi upplýsingaöflunin er. Þá þarf beiðniríkið að lýsa því yfir að beiðnin sé í samræmi við lög, stjórnsýsluvenjur og samninginn og að nýtt hafi verið allra tiltækra ráða á eig-

in yfirráðasvæði til að afla umbeðinna upplýsinga. Ríkið sem á að afla upplýsinganna og miðla þeim skal tilkynna um móttöku á beiðninni og hefur það 90 daga til að afla upplýsinganna. Náist ekki að afla umbeðinna upplýsinga á þeim tíma skal beiðniríkinu tilkynnt um það tafarlaust.

Samningurinn hefur að geyma ákvæði um skatranssóknir erlendis. Samkvæmt þeim ákvæðum er unnt að óska eftir því að fulltrúar frá beiðniríkinu komi til móttökuríkisins til að taka viðtöl og rannsaka skrár. Þessar heimildir takmarkast við þær heimildir sem fyrir hendi eru í móttökuríkinu, þ.e. aðgerðirnar takmarkast við það sem heimilt er samkvæmt móttökuríkinu.

Móttökuríkið getur synjað um aðstoð ef t.a.m. beiðnin er ekki í samræmi við samninginn, ekki hefur verið leitað allra tiltækra ráða á eigin yfirráðasvæði til að afla upplýsinganna og ef miðlun upplýsinganna stríðir gegn allsherjarreglu. Móttökuríkið getur ekki synjað um aðstoð með því að vísa til þess að ágreiningur sé uppi um skattkröfuna sem liggur til grundvallar upplýsingabeidninni. Þá er í samningnum ákvæði sem kemur í veg fyrir að hægt sé að óska eftir upplýsingum sem ganga gegn trúnaðarskyldum lögmannna. Samningurinn hefur að geyma ákvæði um gagnkvæmni, þ.e. móttökuríkið þarf ekki að afla og veita upplýsingar sem beiðniríkið getur ekki aflað samkvæmt eigin lögum.

Í 8. gr. samningsins er að finna trúnaðarákvæði. Þar kemur fram að allar upplýsingar sem fara á milli ríkjanna séu trúnaðarmál. Hvorki má nota upplýsingarnar utan beiðniríkisins né í öðrum tilgangi en þeirra var aflað. Þá er að finna í samningnum ákvæði um gagnkvæmt samkomulag og kostnaðarskiptingu vegna upplýsingaöflunar.

Eins og fyrr sagði er ráðgert að samningurinn öðlist gildi næsta haust. Gera má ráð fyrir að samningurinn verði mikilvægt vopn í baráttunni við að upplýsa um eignarhald erlendra lögaðila í íslensku atvinnulífi og að varpa ljósi á hverjir séu eigendur erlendu lögaðilanna.

Starfsmannafundir

Einn þeirra þátta sem mikilvægir eru í stjórnun á vinnustöðum er að upplýsingaflæði sé gott. Það er ótvírætt eitt af lykilatriðum til að virkja alla starfsmenn til að vinna sameiginlega og samhent að heildarmarkmiðum hlutaðeigandi stofnunar eða hluta hennar.



Inga Hanna
Guðmundsdóttir


Hægt er að beita mörgum aðferðum við miðlun upplýsinga og ætla má að best sé að nýta þær í bland til að ná sem bestum árangri. Hjá ríkisskattstjóra hafa allir starfsmenn aðgang að fundargerðum vikulegra yfirstjórnarfunda og er leitast við að birta þær sem fyrst eftir að fundi lýkur. Reynslan sýnir að starfsmenn kunna að meta að hafa þetta aðgengi. Þeir kynna sér vel efni fundargerðanna og eru þannig upplýstir um helstu mál sem eru á döfinni.

Stór þáttur í upplýsingamiðlun til starfsmanna er að reglulega eru haldnir starfsmannafundir sem rík áhersla er lögð á að allir starfsmenn sækji. Tilgangur starfsmannafundanna er að efla samkennd meðal starfsmanna, miðla upplýsingum og ræða einstök mál. Reynslan sýnir að hvarvetna á vinnustöðum kunna starfsmenn að meta fundi sem þessa, bæði til að fá upplýsingar og koma sjónarmiðum á framfæri. Það er augljós kostur við slíka fundi að þá fá allir starfsmenn upp-

lýsingarnar á sama tíma og tryggt að enginn fari á mis við þær. Hjá ríkisskattstjóra eru starfsmannafundir að jafnaði haldnir að morgunlagi og standa yfirleitt í tvo til þrjá stundarfjórðunga. Tímasetningin er valin með það að leiðarljósi að raska starfsemi sem allra minnst og að skerðing þjónustu sé í lágmarki, en almennt eru heimsóknir viðskiptavina fæstar fyrst á morgnana.

Í framsögu á starfsmannafundi eru þau mál rædd sem hæst ber hverju sinni og gefst öllum starfsmönnum færi á því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í kjölfarið. Leitast er við að allir séu meðvitaðir um stöðu embættisins hverju sinni, fjárhagslega sem og verkefnalega, hvaða mál séu mest aðkallandi sem og verkefni og stöðu mála hjá öðrum sviðum embættisins.

Reynsla af starfsmannafundum hefur verið mjög góð og almenn ánægja virðist vera með fyrirkomulagið.



Aðalsteinn Hákonarson notaðist við legómódel til að sýna á myndrænan hátt hvað gerist þegar félag er stofnað í þeim eina tilgangi að kaupa hlutafé annars félags sem er í rekstri og sameina þau síðan. Forsenda fyrir eignfærslu viðskiptavildar verður þá oft hæpin sbr. grein Aðalsteins á bls. 4.



Þegar ástæða þykir til gera starfsmenn sér dagamun og hefur það jákvæð áhrif á starfsandann.

Hugmyndavinna fer oft fram í afmörkuðum hópum, en myndin er frá hópastarfi á stefnumótunardegi RSK í febrúar sl.



Útbúin hefur verið ágæt aðstaða sem rúmar alla 95 starfsmenn embættisins á fund.

Skatteftirlit á umbrotatímum

Samræmi – Samvinna – Kraftur



Gunnar
Karlsson

Á örfáum árum hefur orðið bylting í skattframtalsgerðum hér á landi. Þorra skattframtala er skilað rafrænt, framtalsgerðin auðveldari frá ári til árs með tilkomu aukinnar fyrirframáritunar og rafræn þjónusta skattfyrvalda eykst stöðugt. Á næsta ári mun megnið af bankaupplýsingum verða fært inn á framtölin og yfir helmingur framtölenda mun lítið þurfa að gera annað en að yfirfara að allt sé rétt skráð. Auk þægindanna stuðlar þetta að auknu samræmi og jafnræði meðal skattborgaranna.

Þennan góða árangur má að verulegu leyti rekja til þess að áherslur í skattkerfinu hafa breyst. Stóráaukin áhersla er lögð á að leiðbeina og aðstoða við framtalsgerð og auka verulega ýmiskonar þjónustu við almenning, fyrirtæki og fagaðila. Allt stuðlar þetta að bættum skattskilum, réttari framtölum og álagningu, færri kærnum og ánægðari gjaldendum.

Þetta hefur m.a. fært okkur nær því æskilega markmiði að frumkvæði þurfi í sem fæstum tilvikum að eiga sér stað af hálfu skattfyrvalda gagnvart skattgreiðendum.

Samræmd skattframtalsgerð

Ef horft er um öxl og rýnt í þá gagnrýni sem skattkerfið hefur orðið fyrir í árána rás, má sjá að talsverðan hluta hennar má rekja til þess að ekki er talið nægjanlegt samræmi í störfum og starfsháttum innan skattkerfisins. Samræmi verður að vera í skattframtalsgerð þannig að tekið sé eins á samskonar málum og jafnræðis sé gætt þó að málin séu í ýmsum atriðum mismunandi.

Við verðum að tryggja að gjaldendur búi við jafnræði í skattalegu tilliti, m.a. að jafnvægi ríki á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þegar horft er til núverandi ástands í þjóðfélaginu má segja að nauðsyn þess að allir sitji við sama borð hafi sjaldan eða aldrei verið meiri. Jafnræði milli manna, sanngjörn dreifing skattbyrði og að skattfyrvöld komi fram af sanngirni, hlýtur að skipa öndvegi í hugum fólks þegar vikið er að skattheimtunni. Samræmt verklag í skattkerfinu, vélræn yfirferð og ábendingar tryggja þetta að nokkru en einnig þarf að kappkosta að auka þekkingu starfsmanna, þróa rafrænar handbækur enn frekar

”

Skattkerfið þarf að vera meira áberandi sem leiðbeinandi aðili í samfélaginu og reyna á eftir mætti að vekja almenning til umhugsunar um að undanskot og skattsvik veikja samfélagið

og leggja áherslu á virkara samstarf á milli stofnana skattkerfisins. Skattkerfið þarf að vera meira áberandi sem leiðbeinandi aðili í samfélaginu og reyna á eftir mætti að vekja almenning til umhugsunar um að undanskot og skattsvik veikja samfélagið. Fólk situr þá ekki við sama borð og skilar ekki sínu til samneyslunnar. Skatteftirlitið hefur fyrirbyggjandi áhrif þar sem vitneskja um virkt eftirlit stuðlar að löghlýðni borgaranna.

Það þarf að tryggja samræmd vinnubrögð þeirra sem vinna við þessa þætti. Samræming er alltaf nauðsynleg hvornig svo sem fyrirkomulagi skattkerfisins kann að vera háttáð hverju sinni.

Það þarf að tryggja rétt skattgreiðenda, eða eins og sagt hefur verið, „réttur skattur með réttum hætti.“ Til að almenningur nái að fóta sig í þessu flókna umhverfi og sinna þeim skyldum sem á hann eru lagðar og réttur hans sé jafnframt tryggður, er nauðsynlegt að veita góða þjónustu í formi upplýsingagjafar og ýmiskonar aðstoðar.

Góð og greið samskipti við gjaldendur stuðla tvímælaust að bættri ímynd skattkerfisins. Réttar og fullnægjandi upplýsingar skila sér í bættum skattskilum, færri mistökum gjaldenda vegna þekkingarskorts og takmarkaðs skilnings á gildandi reglum. Afköst og virkni skattkerfisins aukast vegna þess tíma sem sparast í kjölfar minni leiðréttinga á framtölum og öflunar upplýsinga og skýringa vegna ófullnægjandi framtala.

Góð þjónusta í formi greinargóðra upplýsinga og aðstoðar skattfyrvalda eykur tvímælaust traust og tiltrú almennings á skattkerfinu. Það er einnig mikilvægt að koma fræðslu um tilgang og uppbyggingu skattkerfisins inn í námskrá grunn- og framhaldsskóla þar sem lögð yrði áhersla á mikilvægi skattheimtunnar fyrir þjóðfélagið í heild.

Eftirlitsáætlanir

Eftirlitsáætlanirnar sem unnið hefur verið eftir eru nauðsynlegar fyrir eftirlitseiningarnar, m.a. til þess að samræma skattframtalsgerðina milli landshluta. Samræmdri hlutinn hefur verið aukinn frá því sem áður var og ætti að leggja enn ríkari áherslu á hann og samræmt val á þeim aðilum sem valdir eru til skoðunar. Það er mikilvægur þáttur í að tryggja jafnræði gjaldenda og tryggja samræmi í vinnubrögðum milli eftirlitseininganna. Samræmdri hlutinn á því tvímælaust að vera uppistaðan í þeim málum sem rata á borð eftirlitseininganna. Til að tryggja samræmingu þarf að auka samstarf eftirlitseininga skattstjóra og eftirlitsdeildar ríkisskattstjóra, sem myndi annast valið og einnig undirbúning málna, þ.e. ákveða aðferðafræðina hverju sinni, rökstuðning, lagatilvísanir o.fl.



Soffía Pétursdóttir, deildarstjóri eftirlitsdeildar, Gunnar Karlsson, skattstjóri, Ágúst Lárusson og Fanney Steinsdóttir.

Það yrði mikill stuðningur, sérstaklega fyrir minni einingarnar, að hafa þannig náð samstarf við starfsmenn ríkisskattstjóra, bæði varðandi val málanna, uppsetningu og vinnslu allt frá fyrirsögn til úrskurðar. Á þann hátt skiptist fólk á skoðunum, markar í sameiningu áherslur og annað sem skiptir máli fyrir þróun eftirlitsins.

Samstarf eftirlitseininga skattstofanna og ríkisskattstjóra í formi átaks í eftirliti t.d. með tekjuskráningu, hefði vafalaust mjög góð áhrif og myndi vekja athygli og umtal í samfélaginu. Þó þarf að huga að eftirfylgni slíkra aðgerða, þ.e. úrræði varðandi fyrirtæki sem eru ekki með hlutina í lagi, t.d. ófullnægjandi tekjuskráningu, reikninga sem standast ekki formkröfur, starfsmenn ekki á launaskrá, bókhald ekki löglegt o.s.frv. Taka verður á þessu með samræmdum hætti. Oft er nóg að veita áminningu eða aðvörun og gefa aðilum kost á að bæta úr, en sé því ekki sinnt er ákveðin aðgerð eða eftirfylgni nauðsynleg af hálfu skattyfirvalda.

Áherslur í skatteftirliti

Öll mál sem stofnað er til að frumkvæði skattstjóra eftir álagningu svo og samtímaeftirlit flokkast sem skatteftirlit. Það þarf að bæta skatteftirlit og fjölga þeim starfsmönnum sem vinna við eftirlit. Skatteftirlit þarf að vera sýnilegt og leiðbeinandi. Jafnframt þarf að tryggja að skattlagningin sé rétt og í samræmi við lög og reglur sem gilda hverju sinni, þ.e. að hver greiði það sem honum ber, hvorki of né van. Nauðsynlegt er að veita góða þjónustu í formi

aðgengilegra upplýsinga, leiðbeininga og ýmis konar aðstoðar til að almenningur nái að fóta sig í þessu flókna umhverfi, sinna þeim skyldum sem á hann eru lagðar og gæta þess að réttur hans sé tryggður. Góð og greið samskipti við gjaldendur stuðla tvímælalaust að bættri ímynd skattkerfisins. Réttar og fullnægjandi upplýsingar skila sér í bættem skattskilum, færri mistökum gjaldenda vegna þekkingarskorts og takmarkaðs skilnings á gildandi reglum og skilar sér þannig í auknum afköstum og virkni skattkerfisins vegna þess tíma sem sparast í kjölfar minni leiðréttinga á framtölum og tíma sem færi í öflun upplýsinga og skýringa vegna ófullnægjandi framtala.

Leggja ætti aukna áherslu á samræmdan hluta eftirlitsáætlananna og enn meiri áherslu á val og síun úrtaks þannig að sem bestur árangur náist.

Það er mikilvægt að aðilar úti í samfélaginu skynji jafnræðið sem felst í markvissum aðgerðum skattkerfisins hvað þetta varðar og að eftirlitinu sé beint þangað sem þess er þörf.

Leggja ætti höfuðáherslu á félög, en einnig einstaklinga með rekstur. Úttektarmálin í ýmsum myndum virðast óþrjótandi, þ.m.t. óheimilar arðsúthlutanir svo dæmi sé nefnt.

Nokkuð er um að aðilar séu ekki með hlutina í lagi vegna vankunnáttu, eða vegna ónægrar eða lélegrar ráðgjafar. Fólk virðist almennt hvorki gera sér grein fyrir því að skattkerfið getur í mörgum tilfellum skoðað skattskil 6 ár aftur í tímann,

né þeirri áhættu sem því fylgir að vera ekki með hlutina í lagi.

Skipulag og verkefni skattstofanna

Það hlýtur að vera í eðli sínu tilefni til að skoða skipulag skattkerfisins með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á skattlagningu frá því núverandi fyrirkomulagi skattstofa var komið á fót og þróunar byggðar í landinu á sama tíma. Í ljósi þróunarinnar kann að vera rétt að endurskoða t.d. verkefni skattstofanna. Eins kynni að vera skynsamlegt að flytja verkefni tímabundið eða til frambúðar á milli skattstofa eða breyta hlutverki þeirra, í því skyni að ná fram hagræðingu og skilvirkari skattframkvæmd. Kjörorð okkar ættu að vera:

Samræmi – Samvinna – Kraftur

Tryggja þarf samræmd vinnubrögð og samræmda þjónustu, sama hvar hún er veitt. Samstarf á milli stofnana skattkerfisins og starfsmanna, sem og samstarf við gjaldendur, einstaklinga og fyrirtæki, endurskoðendur, bókara, innheimtumenn, fjármálastofnanirnar og aðra er tengjast skattkerfinu með einum eða öðrum hætti er lykilatriði í að bæta skattframkvæmdina til frambúðar og auka skilvirkni skattkerfisins. Góð þjónusta í formi greinargóðra upplýsinga og aðstoðar skattyfirvalda eykur tvímælalaust traust og tiltrú almennings á skattkerfinu. Hún stuðlar að jákvæðum samskiptum, bættem og réttari skattskilum.



Inga Hanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri, Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Ásgeir Heimir Guðmundsson skrifstofustjóri.

Fyrirmyndarstofnanir ársins 2009

SFR - stéttarfélag í almannajónustu kynnti þann 8. maí sl. niðurstöður í vali á stofnun ársins 2009. Ríkisskattstjóri fékk viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun í flokki stærri stofnana og var jafnframt í 2. sæti í vali á stofnun ársins. Skattrannsóknarstjóri ríkisins var fyrirmyndarstofnun í flokki minni stofnana og í 3. sæti í vali á stofnun ársins.

Könnunin átti sér stað meðal félagsmanna SFR á starfsskilyrðum þeirra og líðan á vinnustað en ennfremur var

stofnunum ríkisins sem fyrir gefinn kostur á því að allir starfsmenn þeirra, óháð því í hvaða stéttarfélögum þeir eru, gætu tekið þátt. Könnun sem þessi gefur góða mynd af starfsumhverfi stofnunarinnar og starfsánægju og geta starfsmenn notað niðurstöðurnar til að meta eigin vinnustað í samanburði við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Hún veitir stjórnendum einnig tækifæri til að gera sér grein fyrir stöðu starfsmannamála í stofnuninni og hvar þeir standa í samanburði við aðra. Upp-

lýsingarnar eru dýrmætar fyrir stjórnendur þar sem þær ýmist staðfesta það sem vel er gert eða hvetja til úrbóta á ákveðnum sviðum.

Valið á stofnun ársins 2009 byggist á heildareinkunn sem er samsett úr átta þáttum sem hafa mis mikið vægi. Það eru: trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar og ánægja og stolt.

	Stærri stofnanir	Minni stofnanir
1. sæti	Umferðarstofa	Sýslumaðurinn í Vík
2. sæti	Ríkisskattstjóri	Biskupsstofa
3. sæti	Sjálfsbjargarheimilið	Skattrannsóknarstjóri ríkisins
4. sæti	Reykjalundur	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
5. sæti	Siglingastofnun Íslands	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði



Hrun bankakerfisins

Gátu endurskoðendur gert betur?

Þegar horft er yfir sviðið í kjölfar bankahrunsins eru vonbrigði kannski sú tilfinning sem rís hæst í því hugarróti sem bærast með fólki. Það er sárt til þess að vita að kannski hefði þetta ekki þurft að fara svona illa ef þeir sem réðu ferðinni hefðu haldið betur á spilunum. Það er ekki bara að víða erlendis sé nú lítið á okkur sem lítt vel gefna og óráðdeildarsama þjóð. Fólk mun líka horfa fram á að launin munu lækka, vörur og þjónusta munu hækka, skattar munu hækka og lífeyririnn sem búið var að leggja til hliðar mun lækka. Í ofanálag munu afkomendur okkar ekki eiga sömu tækifæri og áður til að byggja sér framtíð í landinu.



Horft yfir sviðið

Á þessu efnahagshruni bera tiltölulega fáir menn ábyrgð og hún er sýnu mest í afmörkuðum hópi bankamanna. Þeir tóku erlend lán sem voru í engu samræmi við stærð hagkerfisins og skvísuðu þeim út með margvíslegum en misvel ígrunduðum hætti. Þeir fjárfestu og bjuggu til allskyns viðskiptakonsept sem þeir seldu útrásarvíkingum og fleirum. Þeir lánuðu sömu aðilum og öðrum ómældar fjárhæðir til fjárfestinga þótt engan veginn lægi fyrir að þær skilugu arði. Það var jafnvel ferðast á sveitabæi til að bjóða erlend lán á vildarvöxtum til að koma peningunum í umferð. Starfsemin var líka að hluta til flutt til annarra ríkja, þar á meðal skattaparadísar, til þess að hún yrði ekki sýnileg og hægt væri að stunda hana í friði. Þetta gaf bönkunum gríðarmiklar tekjur á meðan allt lék í lyndi. Þeir sem bera að mínu mati næstmesta ábyrgð á því hvernig fór eru útrásarvíkingar, eftirlitsstofnanir og forystumenn í stjórnámálum sem létu bankamenn segja sér fyrir verkum og telja sér trú um ofurmátt sinn. Útrásarvíkingarnir voru margir hverjir stórir hluthafar í bönkunum og tóku þátt í aðgerðum þeirra. Þeir voru einnig undir mikilli pressu frá bönkunum og létu þá selja sér margvíslegar viðskiptahugmyndir þótt auðvitað hafi

þeir einnig haft frumkvæði til fjárfestinga sjálfir. Eftirlitsstofnanir voru vanbúnar til að takast á við alþjóðavæðinguna og þann mikla vöxt sem henni fylgdi. Því náðu þær ekki að fylgja eftir þeirri þróun sem varð í kjölfar einkavæðingar bankanna. Nú blæðir sumum út, aðrir sleikja sárin og það er ekki skrytið þótt fólk sé ekki lengur tilbúið að klappa fyrir Gunnari og Njáli hinum nýju þótt ráðamenn hafi um tíma séð ástæðu til að sæma þá riddarakrossi og



Það væri samt óraunhæft að halda því fram að endurskoðendur hefðu getað stöðvað þessa þróun en þeir hefðu að mínu mati getað látið meira til sín taka

afreksmedalíum. En hvernig stóð á því, miðað við allt og alla sem fást við að fylgjast með og upplýsa um árangur fyrirtækja, að allt dundi þetta yfir eins og þruma úr heiðskíru lofti? Ekki báru áritanir endurskoðenda það með sér að eitthvað væri að.

Hver var þáttur endurskoðenda?

Ég hef oft verið spurður að því sem fyrrverandi slíkur hvort endurskoðendur beri ekki einhverja ábyrgð á því hvernig fór, það séu jú þeir sem staðfesti hvort ársreikningar fyrirtækjanna gefi glögga mynd af árangri þeirra eða ekki. Það var aldrei hægt að merkja annað en að t.d. bankarnir væru að gera það gott. Auðvitað er erfitt að

meta eða mæla ábyrgð af þessu tagi því að það er ljóst að endurskoðendur taka ekki ákvarðanir í rekstri sinna viðskiptavina. Þá vitum við ekki heldur hvað endurskoðendur hafa sagt í skýrslum sínum til stjórnenda banka og stórfyrirtækja en það getur haft mikið að segja um þeirra stöðu. Samt hefur þessi spurning um ábyrgðina orðið áleitnari eftir því sem fleiri hafa spurt og eins vegna þess að á undanförunum mánuðum hefur maður rekist á blaðagreinar með tilvitnunum í endurskoðendur þar sem þeir hafa gert lítið úr þætti sínum í efnahagshruninu. Helst er á þeim að skilja að verk þeirra byggja á svo sterku og öflugum regluverki og miklu eftirliti með störfum þeirra að ekki sé hægt að halda því fram að eitthvað hafi getað farið úrskeiðis af þeirra hálfu. Til þess að slá fyrirspyrjendur út af laginu vitna þeir jafnan í alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS og IAS) sem innleiddir voru hér á landi á árunum 2004 og 2005. Fáir hafa orðið til að mæla þessu mót enda staðlarnir mikil lesning og þeir eru eflaust fáir sem hafa kynnt sér innihald þeirra að frátöldum endurskoðendum. Blaðamenn fyllast lotningu og hætta sér ekki út í umræður um staðlana þegar endurskoðendur eða stjórnendur félaga vísa til þess í viðtölum að þeir hafi í störfum sínum farið algerlega eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Það er þó mitt mat eftir að hafa öðlast nokkra innsýn í þessi mál að staðlarnir séu yfirgripsmeiri og taki til mun fleiri efnisatriða en ársreikningalögin og aðrar reglur sem byggt hefur verið á við gerð reikningsskila hér á landi. Aftur á móti séu þeir túlkunarlega rýmri og kalli þar af leiðandi á skynsamlegt mat og rökvísi af hálfu þeirra sem beita stöðlunum. Þeir sem beita IFRS og IAS eiga hvorki að fylgja þeim í blindni

né nýta þá í þágu sérhagsmuna. Þeir verða að hafa góðan skilning á öllum ytri og innri aðstæðum þar sem stöðlunum er beitt og horfa á samhengi hlutanna. Maður sem gengur eftir áttavita getur ekki alltaf farið beint af augum. Hann getur þurft að taka á sig sveig til að hrapa ekki fram af björgum. Sama er að segja um þá sem beita stöðlunum, þeir verða á stundum að gæta tilhlýðilegra varúðarsjónarmiða og varast að framsetning reikningsskila miðist við að þjóna sérhagsmunum með því að teygja á stöðlunum og láta þá ná yfir atriði sem betur hefðu verið sett fram með öðrum hætti. Það eru því miður dæmi um að formið hafi verið túlkað með þeim hætti að hið raunverulega innihald, sem reikningsskilin áttu að sýna, hafi gleymst og annar veruleiki en raunveruleikinn hafi verið birtur lesendum þeirra. M.ö.o. mætti kannski orða það svo að gefið hafi verið út heilbrigðisvottorð þótt sjúklingurinn hafi ekki verið vel eða jafnvel illa á sig kominn. Þannig finnst manni hálf hjákátlegt að lesa þá yfirlýsingu í skýrslu endurskoðenda að reikningsskil gefi glögga mynd í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla ef enginn nema þeir sjálfir og kannski örfáir aðrir vita hvaða innihald staðlarnir hafa að geyma.

Ég held að á engan sé hallað þótt því sé haldið fram að fáir hafi betri sýn á rekstur og stöðu fyrirtækja en endurskoðendur þeirra. Þótt sjálfur hafi ég ekki starfað við endurskoðun í meira en fjögur ár þá eru margir til vitnis um að ég var farinn að hafa orð á því um áramótin 2005/2006 að forystuöflin í fjármála- og útrásargeiranum myndu með sama áframhaldi sökkva

okkur í skuldafen og setja okkur öll á hausinn. Þessi sjónarmið byggðust á ýmsum teiknum sem sjá mátti víða. Ég á því bágð með að trúa því að endurskoðendur, sem voru jafnan með fingurinn á púlsi atvinnulífsins, hafi ekki leitt hugann að þeirri áhættu sem stöðugt safnaðist upp í efnahagslífinu. Þetta blasti hvarvetna við. Efnahagsreikningar stóru bankanna þriggja í júnílok 2008 voru t.d. á við hátt í 1.000 tónlistarhús, 1500 Siglufjarðargöng eða 20 föld fjárlög ríkisins eins og þau



Ef endurskoðendur skrifuðu upp á og staðfestu allt sem stjórnendur fyrirtækja vilja sýna í reikningsskilum væri lítil þörf á þessari stétt

voru fyrir hrún. Þessi vitleysa gat í raun og veru ekki endað nema á einn veg. Það er of billegt að kenna um alþjóðlegri fjármálakreppu. Hvergi hefur allt fjármálakerfi heillar þjóðar hrunið nema hér og það nánast á fyrsta degi. Því trúi ég því með varúð þegar endurskoðendur halda því fram að þetta séu náttúruhamfarir sem þeir hafi allt í einu staðið frammi fyrir. Það væri samt óraunhæft að halda því fram að endurskoðendur hefðu getað stöðvað þessa þróun en þeir hefðu að mínu mati getað látið meira til sín taka og

verið óniskari á gulu- og rauðu spjöldin, a.m.k. þeir sem dæmdu í úrvalsdeildinni. Ég hugsa að það sé ekki fjarri lagi að þóknunir til endurskoðunarfyrirtækja hafi verið um 15 milljarðar króna á ári síðustu árin. Þriðjungur þeirrar fjárhæðar gæti mögulega verið tilkominn vegna beinna endurskoðunarstarfa en tveir þriðju eru þá annars konar þjónusta sem í mörgum tilvikum er verið að veita sömu aðilum og greiða fyrir endurskoðunina. Með öðrum orðum þá er verið að aðstoða sömu aðila við fyrirtækjafirtökur, skiptingar félaga, samruna, skattaráðgjöf o.fl. Auðvitað felst í þessu viss tvískinnungsháttur. Ég man t.d. eftir því að fyrir mörgum árum lýsti ég því fyrir erlendum endurskoðanda sem staddur var hér á landi að nú væru allir hættir að reykja á stofunni þar sem ég starfaði og menn yrðu nú að fara út ef þeir vildu fá sér smók. Hann hló og sagði: „Þú mundir nú seint reka milljón dollara klíentinn þinn út í frostið til að reykja þótt hann kveikti sér í pípu inni á skrifstofunni.“ Þetta er einmitt málið. Hagsmunirnir geta orðið það miklir og samvinnnaðir að ekki sé hægt að standa gegn kröfum eða vilja kunnans nema verða fyrir fjárhagslegum skaða. Eina svarið við þessu er að bæta réttarstöðu endurskoðenda með einhverjum þeim hætti að þeir geti staðið á meiningu sinni án þess að þeim sé vikið úr starfi nema þeir hafi hreinlega brotið af sér.

Til hvers eru endurskoðendur?

Endurskoðendur mega aldrei gleyma því að þeir eru ekki bara til fyrir sjálfa sig og fyrirtækin sem þeir reka í kringum starfsemi sína. Eitt af meginhlutverkum þeirra er að gefa álit á fjárhagslegum upplýsingum sem notaðar eru í viðskiptum, einkum til þess að skapa traust. Ef endurskoðendur skrifuðu upp á og staðfestu allt sem stjórnendur fyrirtækja vilja sýna í reikningsskilum væri lítil þörf á þessari stétt. Þannig má líkja þeim við dómara og línuverði sem ber að tryggja að leikurinn sem þeir dæma fari vel og drengilega fram og eftir settum reglum. Sumum hefur þó fundist að þeir sem dæmdu í úrvalsdeildinni hafi lítið beitt gulum og rauðum spjöldum. Kannski voru þeir sjálfir orðnir svo uppteknir af að taka þátt í leiknum að þeir voru orðnir „medspillere“ eins og danskur blaðamaður orðaði það í spjalli við mig. Hvað sem því líður þá blasa við ýmis dæmi um fullárituð reikningsskil, uppáskrifuð gögn og óvenjulega viðskiptaatburði sem erfitt er að skilja eða frekari skýringar vantar á. Nefnum hér nokkur dæmi um þetta:



1. Vaxandi tilhneigingar hefur gætt hjá fyrirtækjum á undanförunum árum til að færa eignir og þar með eigið fé í reikningum sínum á hærra verði en innstæða hefur verið fyrir. Nefna má viðskiptavild sem hefur margfaldast í reikningum fyrirtækja, hlutabréf sem færð hafa verið til eignar á mun hærra verði en markaðsverði og fasteignir sem færðar hafa verið á ímynduðu markaðsverði, oft á veikum grunni. Til eru um þetta mörg og misjöfn dæmi sem þekkt eru úr viðskiptalífínu og hægt væri að nafngreina. Þá hefur sést að fyrirtæki sem lent hafa í þröngri stöðu hafa verið að endurmeta eignir sínar í þeim tilgangi að lyfta eiginfjárstöðunni og bjarga andlitinu. Samhliða virðist hafa verið dregið úr varúðarfærslum og niðurfærslum á vafasömum eignum og loftkennd virðisrýrnunarpróf notuð til að réttlæta færslu eigna á fullu verði. Ekki er hægt að halda því fram að þessi þróun hafi verið skyldubundin samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Það er aftur á móti erfitt að mæla hvaða skaða hún hefur valdið.

2. Á forsíðu Fréttablaðsins 28. febrúar sl. segir að bankarnir afskrifi sex þúsund milljarða eða rúm 40%. Er hægt að trúá því nema á því sé tekið að allt þetta tap hafi átt sér stað frá 1. júlí 2008 til og með hruninu? Á þeim tímamarki voru allar eignir bankanna bókfærðar eins og allt væri með felldu. Hvers vegna hrundi t.d. Glitnir banki sem talinn var fjármagnaður a.m.k. út árið 2008 samkvæmt „going concern“ áritun í ársreikningi 2007? Ekki féll hann vegna áhlaups. Við höfum enn ekki fengið skýringar á því hvort raunverulega hafi skort upp á fjármögnun bankans, hvort lánaveitur hafi brugðist eftir 30. júní 2008 eða hvort fjármunir, sem átti að verja til afborgana af lánum bankans, hafi verið notaðir í annað. Hvernig stendur á því ef í

ársreikningum banka segir að starfsmenn hans hafi fengið lán hjá bankanum á sömu kjörum og aðrir þegar allt annað kemur á daginn og kannski gufa 50 milljarða kröfur á hendur þeim hreinlega upp samkvæmt því sem fram kemur í fjölmiðlum? Við höfum heldur ekki fengið skýringar á því hvort dótturfélögum eins bankans hafi verið haldið utan ársreikninga hans á umliðnum árum eins og komið hefur fram í fjölmiðlum eða hvort rétt sé að bankarnir hafi stofnað félög í öðrum ríkjum til að geyma eitraðar eignir og komast þannig hjá því að bókfæra tap. Þá vantar að fá upp á borðið hvað hæft sé í meiningum um að bankarnir hafi beitt kerfisbundnum aðferðum til að halda uppi gengi á hlutabréfum í hverjum öðrum og einnig sjálfum sér og eins hvort lánveitingar til tengdra viðskiptavina hafi farið út fyrir mörk reglna og velsæmis.

3. Hvernig var með stóru fjárfestingarfélögin sem keyptu upp önnur félög út um allan heim? Þar var heldur betur oft hrært í pottunum og ýmsu bætt í súpuna þegar tengdir aðilar keyptu og seldu hver í öðrum. Alltaf skráfæst hagnaðurinn upp og endaði inni í stóru félögunum sem sátu á toppnum og voru jafnvel skráð á markaði. Á meðan lífeyrissjóðir og verðbréfasjóðir kepptust við að kaupa hlutabréf í þessum félögum, eða skuldabréf sem þau gáfu út, áttu sér oft stað miklar sviptingar innan þeirra þar sem eignum og skuldum þeirra var hreinlega hrært á milli félaga í gegnum eignasölur, skiptingar, skuldsettar yfirtökur og samruna. Þannig voru lífeyrissjóðirnir og verðbréfasjóðir nánast rændir um hábjartan dag án þess að stjórnendur þeirra tækju eftir því fyrir en allt var komið á hliðina. Það var eiginlega ótrúlegt hvað menn komust langt með svona tilfæringar án þess að nokkrar athugasemdir kæmu fram í opinberum gögnum. Allt virtist vera

heimilt hvernig sem hlutirnir voru unnir og fyrir mér er ljóst að eftirlitsiðnaðurinn sem að þessu kom stóð sig ekki sem skyldi þótt eflaust megi halda því fram að vantað hafi reglur.

4. Hverjum þjónar það að birta handónýt uppgjör sem engum eru til gagns eins og gerðist þegar Exista og SPRON birtu uppgjör sín miðað við 30. september 2008? Þegar uppgjörin komu út í nóvember 2008 voru bæði félögin í raun gjaldþrota nema til hefði komið sérstök skuldaniðurfelling frá lánadrottnum þeirra. Mjög litlar upplýsingar birtust í reikningsskilunum sem gáfu þessa stöðu til kynna og einhvern veginn virtist, þegar SPRON féll í mars 2009, hafa tekist að halda henni leyndri fyrir starfsfólkinu allan þennan tíma. Meira að segja ráðherra var vændur um að haft sagt fólkinu upp störfum í beinni útsendingu af stjórnendum bankans. Er þetta ekki dæmi um óskammfeilnina, blekkingarnar og ógagnsæið, ég bara spyr?


5. Ég hef áður vikið að því í Tíund að staðfestingar sem endurskoðendur láta frá sér fara séu ekki alltaf nógu nákvæmar og geti beinlínis verið rangar. Bent var á í grein um skuldsettar yfirtökur og öfugan samruna í desemberblaði Tíundar 2008 að skuldir væru færðar inn í félög svo milljörðum skipti án þess að nokkrar eignir kæmu þar á móti. Þrátt fyrir það væru mörg dæmi um að staðhæft væri af stjórnendum og endurskoðendum í gögnum sem lögð væru fram í fyrirtækjaskrá, og ættu að birtast almenníngi, að yfirfærsla skuldanna væri ekki því til fyrirstöðu að lánadrottnar félaganna gætu fengið fullnustu krafna sinna. Erfitt er að sjá hvernig hægt er að gefa slík loforð enda hafa þau ekki öll staðist.

Horft til framtíðar

Hér hefur verið fjallað um nokkur dæmi þar sem endurskoðendur hafa gefið álit í einu eða öðru formi á fjárhagsupplýsingum án þess að séð verði að þeir hafi haft að leiðarljósi hagsmuni markaðarins eða hins almenna lesanda ársreikninganna. Það er slæmt til þess að vita ef trúverðugleiki þeirra hefur beðið hnekki í þeim efnahagslega ólgusjó sem brotið hefur á okkur síðustu árin. Það er illt að þurfa að setta sig við að ef það álit sem endurskoðandi lætur í ljós á ársreikningi er ekki meira virði en svo að notandi ársreikningsins þurfi mögulega að

kaupa sér þjónustu hjá öðrum endurskoðanda til að túlka fyrir sig niðurstöðuna. Endurskoðendur eru vel menntuð stétt sem býr yfir mikilli þekkingu á atvinnulífínu og vel til þess hæfir að sinna sínu starfi. Það veit aftur á móti ekki á gott ef ekki tekst að virkja þessa þekkingu í þágu almannahagsmuna. Til þess að tryggja að svo verði kann að þurfa að treysta stöðu endurskoðenda gagnvart viðskiptavinum sínum, t.d. með lagasetningu. Það gengur ekki að hægt sé að beita endurskoðendum hagsmunaprýstíngi. Sér í lagi á þetta við þegar í hlut eiga félög sem skráð eru á markaði eða félög sem

tengjast almannahagsmunum. Ég vil í framtíðinni geta treyst því að endurskoðendur leggi sig fram um að sýna almenningi inn í þann veruleika sem við búum við en ekki einhvern sýndarveruleika sem sjálfmiðuð öfl vilja draga þjóðina inn í. Eftirlitsiðnaðurinn, af hvaða toga sem hann er, á að skilja hlutverk sitt og tilgang og hann á að beina sjónum sínum að raunhæfum verkefnum og réttum aðilum en ekki siga hundum sínum á t.d. blaðamenn eins og frægt er orðið. Menn verða að hafa fullt jarðsamband og það er kjarni málsins í greininni.



Vefframtalið 10 ára



Haraldur Hansson

Það var skömmu fyrir jólafoðstuna 1998 að menn ræddu þann möguleika, í eilíttill alvöru, að gefa fólki kost á að skila skattframtali sínu á vefnum. Upplýsingavefur ríkisskattstjóra hafði þá ekki enn verið opnaður en smíði hans hófst í september það ár eftir nokkurra vikna undirbúning. Lénið rsk.is var tilbúið í nóvember og fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, opnaði vefinn formlega 30. desember 1998.

Í desember 1998 var tekin endanleg ákvörðun um að láta til skarar skriða og fyrsta framtalið á vefnum var opnað í byrjun febrúar 1999. Þá hafði heimasíða

embættisins aðeins verið starfrækt í tvo mánuði. Um leið var nokkrum endurskoðendum og bókurum boðið uppá að senda framtöl í textaskrá sem útbúnað voru í sérstökum framtalsforritum. Reyndar hafði verið tekið forskot með rafræn skil á skattframtölum félaga tveimur árum áður. Þau fóru ekki um netið heldur sóttu notendur forrit á disk til ríkisskattstjóra og skiluðu framtalinu líka á disk.

Ágætis byrjun


Strax á fyrsta ári nýttu tæp 10% einstaklinga sér þennan nýja framtalsmáta, alls 19.435 manns. Þar af skiluðu 15.741 á vefnum en 3.694 framtöl bárust rafrænt frá endurskoðendum. Allt frá byrjun hafa veflyklar verið notaðir en það eru aðgangsorð sem dreift var í pósti til allra notenda fyrstu árin.

Hið rafræna framtal var nokkuð frábrugðið því sem flestir þekka í dag. Þá þurfti að sækja forritið með niðurhali, vista það á tölvunni, fylla út framtalið

og skila því fullbúnu. M.a. var tekið mið af því að notandinn þyrfti ekki að vera tengdur netinu á meðan hann vann við framtalið sitt enda var hver mínúta dýr á netinu á þeim tíma. Auk þess var áritun upplýsinga ekki komin til sögunnar svo framtalsgerðin gat tekið mikinn tíma. Framtalið var eingöngu ætlað fyrir launamenn en þeir sem voru með einhvern atvinnurekstur áttu ekki kost á netskilum.

Tæknilega þótti þetta heldur þungt í framkvæmd svo strax á árinu 2000 var ákveðið að breyta um form. Síðan þá hefur framtalið verið keyrt á vefþjóni hjá ríkisskattstjóra og öll gögn vistuð í Oracle gagnagrunni. Notandinn tengist vefþjóni og getur „geymt“ framtalið sitt þar en þarf ekki að ljúka því í einni lotu. Jafnframt fóru framtalsforrit frá Stjórnkerfi ehf. og DK hugbúnaði ehf. í almenna dreifingu meðal endurskoðenda og bókara enda hafði tilraunin á fyrsta ári gengið að óskum.

Með opnun netframtalsins í febrúar 2000 hófst fyrir alvöru sú þróun sem enn



stendur yfir. Notendum fjölgaði hratt með hverju ári. Árið 2000 skiluðu 32% rafrænt, árið 2001 fór talan í 57%, síðan í 68% og upp í 77% árið 2003. Við framtalsgerð 2005 fór fjöldi framtala yfir 200.000, árið eftir fór skilahlutfallið yfir 90% og hefur mjakast upp um eitt prósentustig árlega síðan.

Aukin þjónusta, léttara verk

Mestu breytingarnar undanfarin ár eru vegna þjónustu við framteljendur. Fyrstu árituðu fjárhagsupplýsingarnar voru settar inn á framtalið 2001. Þá var um leið gerð breyting á framtalsfresti sem í áratugi hafði verið til 10. febrúar. Opnunardagur var færður aftur í marsbyrjun og framtalsfrestur rennur út fljótlega eftir 20. mars. Til að byrja með voru áritaðar upplýsingar frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum auk launagreiðslna frá ríkissjóði og Reykjavíkurborg. Síðan hefur árlega verið bætt inn nýjum liðum; fasteignum, ökutækjum, lánnum frá Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðum og alls kyns bótum og styrkjum. Árið 2007 var boðið upp á flutning úr heima-bönkum þar sem hægt var að flytja upplýsingar um inneignir og skuldir yfir á framtal. Hinn liðurinn í þróuninni hef-

ur verið að fjölga þeim eyðublöðum sem hægt er að skila með framtali. Á fyrsta ári voru það eingöngu launamenn sem áttu kost á netframtali. Síðan bættust við blöð fyrir minni háttar verktakagreiðslur, 2002 bættist rekstrarskýrslan í safnið og 2003 gátu bændur talið fram á netinu þegar landbúnaðarskýrslan var útbúin á rafrænu formi. Síðast kom svo inn eyðublað fyrir stærri rekstur og um leið var skattframtal lögaðila búið til í netútgáfu. Það leysti þá af hólmi forritið sem dreift hafði verið með diskum í sjö ár og gefið góða raun. Engu að síður var netútgáfan mikið framfaraskref.

Áfram skal haldið

Samhliða þróun á einstökum þáttum framtals hefur ýmislegt sem framtalinu tengist verið þróað og bætt. Veflyklaumsýsla er mun minni en áður, margir hafa útbúið varanlega veflykla, stórir hópar fólks fá enga lykla senda og ef þeir tapast er hægt að fá nýjan sendan í heimabanka á augabragði. Nú hillir loks undir að rafræn skilríki leysi veflykla af hólmi og má gera ráð fyrir að þau verði komin í almenna notkun á árinu 2010.

Villuprófun hefur einnig breyst talsvert og tekur æ meira mið af því að gera framtalsgerðina auðveldari. Hægt er að fá staðfest afrit á þjónustusiðu, rafrænt og ókeypis, og flókin eyðublöð fyrir atvinnurekstur eru forskráð með tilheyrandi vinnusparnaði. Á árinu 2010 mun svo enn ein nýjungin líta dagsins ljós, en þá mun nokkur hópur fólks fá fullbúið framtal upp á skjáinn og ekki þurfa að gera annað en að líta yfir framtalið og staðfesta það.

Framar öðrum þjóðum í rafrænum skilum

Með því að taka upp rafræn framtalskill á sínum tíma var stigið eitt stærsta skrefið í þróun rafrænna samskipta í opinberri stjórnsýslu hér á landi. Enginn vafi er á því að sú ákvörðun ruddi brautina fyrir margar aðrar stofnanir. Það var einnig eftirtektarvert að í alþjóðlegum samanburði voru Íslendingar í fremstu röð þegar rafræn skil hófust og fátítt að aðrar þjóðir gætu státað af jafn háu hlutfalli rafrænna skila framtala. Árangur Íslendinga vakti verðskuld aða athygli og þess voru allmörg dæmi að aðrar þjóðir kynntu sér framkvæmdina hérlandis til eftirbreytni.

Skattasniðganga og skilgreining hennar

Tekist á um heimild ríkisskattstjóra til að tjá sig.
Hér er rífað upp meiðyrðamál sem höfðað var af þessu tilefni gegn Indriða H. Þorlákssyni.

Leiðari Tíundar í desember 2003 bar heitið „Ný viðhorf“. Í honum fjallaði Indriði H. Þorláksson þáverandi ríkisskattstjóri um fyrirtækjagæðgi og nefndi að gróða-boðorðið virtist öllu æðra, allt ætti að vera leyfilegt ef það skilaði arði og sjálftaka á verðmætum væri talin sjálfsgöð í augum þeirra sem væru í aðstöðu til hennar. Í kjölfar þessa hafi stórfelldum skattasniðgöngumálum fjölgað en þar höfðu gerendur notið ráðgjafar sérfræðinga sem falbuðu aðstoð við gjörninga sem þeim mátti vera ljóst að ekki væru til annars gjörðir en að komast hjá eðlilegum skattgreiðslum. Indriði taldi eftirfarandi vísukorn glögggt lýsa reiflistigum hins löglega siðleysis:


„Hans var jafnan höndin treg að hjálpa náungunum. Gekk hann aldrei glæpaveg en götuna meðfram honum.“

Framkvæmdastjóri samtaka banka og verðbréfafyrirtækja ritaði grein í Morgunblaðið 18. desember 2003 þar sem hann gerði athugasemdir við ummæli Indriða í leiðaranum og taldi ekki sæmandi fyrir embættismann í þessari stöðu að kasta með þessum hætti rýrð á íslenskt atvinnulíf sem hefði verið að eflast og þróast á síðustu árum meðal annars með uppstokkun á fyrirtækjamarkaði og aukinni þekkingu í fjármálastjórnun.

Daginn eftir birtist frétt í Morgunblaðinu sem bar yfirskriftina „Reyna að nýta sér ákvæði tvísköttunarsamninga“. Í fréttinni vitnar blaðamaður til Indriða H. Þorlákssonar og hefur eftirfarandi eftir

honum: „Það kemur nokkuð á óvart að þeir láti svo sem þeim sé ókunnugt um starfsemi af þessum toga, einkum með tilliti til þess að einn þeirra, þ.e. framkvæmda-

landi. Það má kannski bæta við að það fór nú kannski ekki svo vel fyrir þessum danska ráðgjafa eða ráðgjafarfyrirtæki því það lenti í hremmingum vegna starfsemi sinnar í Danmörku.“



stjóri Sambands viðskipta-banka og fjármálafyrirtækja, skrifaði fyrir nokkrum árum grein ásamt þekktum dönskum sérfræðingi í skattasniðgöngumálum, þar sem beinlínis eru gefnar leiðbeiningar og lagt á ráðin hvernig færa megi fé skattfrjálst úr

H. Þorlákssyni og krafðist þess að ummæli greinar hans í Morgunblaðinu þann 19. desember 2003 yrðu dæmd dauð og ómerk. Shelton hélt fram að Indriði vændi sig meðal annars um að brjóta gegn skattalögum í

Efni framangreindrar Morgunblaðsgreinar var kynnt Edwin George Shelton og í kjölfarið ritaði lögmaður Shelton bréf til Indriða 29. janúar 2004. Í bréfi hans voru rakin þau ummæli sem hann taldi æru meiðandi og þess óskað að þau yrðu tekin til baka innan tíu daga og að afsökunarbeiðni yrði birt vegna þeirra. Shelton kvað aðild sína að málinu byggða á 16. gr. laga nr. 91/1991. Í kjölfar bréfsins frá lögmanni Shelton óskaði Indriði eftir nánari upplýsingum um hvaða ummæli hans væru rakin ósannindi og óskaði rökstuðnings. Ágreiningur aðila leystist ekki og því höfðaði Shelton mál á hendur Indriða

*Indriði H. Þorláksson þáverandi
ríkisskattstjóri þurfti að sæta því að
vera stefnt fyrir varnaðarorð.
Hann var sýknaður.*



ráðgjöf sinni þar sem hann sé sérfræðingur í skattasniðgöngumálum. Skattasniðganga hafi verið skilgreind sem ólögmaett undanskot á sköttum. Fari sniðgangan til dæmis þannig fram að gerðir séu málamyndagerningar, þ.e. gerningar sem ekki eigi að hafa aðrar afleiðingar en að komast hjá skattgreiðslum. Slíkt sé brot á skattalögum og hafi skattayfirvöld heimildir til að víkja slíkum gerningum til hliðar til þess að réttur skattur verði lagður á viðkomandi aðila. Ráðgjöf um skattasniðgöngu kunni að vera refsiverð.

Í síðari ummælum Indriða sem Shelton átalði kom fram að það hafi ekki farið „svo vel fyrir þessum danska ráðgjafa [Shelton] eða ráðgjafarfyrirtæki því það lenti í hremmingum vegna starfsemi sinnar í Danmörku.“ Af þessum orðum og því samhengi sem þau séu sett fram í mætti skilja að Shelton eða fyrirtæki hans hefði lent í hremmingum vegna skattamála í Danmörku. Hérna slái Indriði fram fullyrðingum sem séu efnislega rangar og til þess fallnar að valda tortryggni í sinn garð. Ummæli í þá veru að sérfræðingur í skattamálum hafi lent í vandræðum eða deilum við skattayfirvöld vegna fyrri athafna geti valdið miklum spjöllum á trausti, en traust sé undirstaða þess að fá ný verkefni og halda í viðskiptavini. Taldi Shelton síðari ummælin varða við 234. gr. almennra hegningarlaga.

Shelton taldi öll framangreind ummæli stefnda verða að skoða í því ljósi að hann væri æðsti yfirmaður skattamála á Íslandi. Gera verði ríkar kröfur til manns í slíkri stöðu að hann gæti orða sinna, sérstaklega þegar rætt sé um skattamál og brot á skattalögum. Taldi Shelton að Indriði hafi haft í frammi ummælin gegn betri vitund og þannig brotið efnislega gegn ákvæðum 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig 236. gr. sömu laga þar sem ásetningsbrot séu gerð refsiverð.

verð. Vegna alls þessa var þess krafist að ummælin yrðu ómerkt.

Indriði kvað að sér, sem æðsta yfirmanni skattamála hér á landi, bæri skylda til að sjá til þess að skattalögum væri fylgt í hvívetna og þau væru hvorki sniðgengin né að bein skattsvik væruá-

”

Taldi Hæstiréttur að það fælist í embættis- skyldum ríkisskattstjóra að vara við ástandi sem hann teldi vera athugavert

stunduð. Því væri eðlilegt að hann léti til sín heyra bæði í ræðu og riti um þennan mikilvæga málaflökk, bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og þjóðfélagið í heild. Af umdeildri grein verði ráðið að hann hafi áhyggjur af þeirri þróun, sem hann telur að hafi orðið í kjölfar aukins frelsis í fjármagnsflutningum milli landa, að skattasniðgöngumálum hafi fjölgað þar sem í mörgum tilfellum sé verið að reyna að nýta mismunandi skattareglur milli landa og ákvæði tvísköttunarsamninga sem séu ætluð til þess að aflétta tvísköttun. Í umdeildri grein hans kom fram að þar sem löggjöf landanna sé mismunandi geti myndast holur. Þá kom og fram hjá Indriða að ef slíkar ráðstafanir væru gerðar í þeim tilgangi einum að komast

undan skattlagningu líti skattayfirvöld svo á að þeim megi víkja til hliðar og skattleggja viðkomandi aðila eins og þær hefðu aldrei verið gerðar.

Sérstaklega aðspurður í umdeildri grein í Morgunblaðinu hvort hann teldi að um ólögmaeta starfsemi væri að ræða kvað Indriði að starfsemin sem slík væri ekki ólögmaet í þeim skilningi að einstakur athafnir brytu lög þótt hann líti svo á að þær stæðust ekki gagnvart skattalögum.

Þann 4. mars 2005 gekk dómur í héræði vegna málsins og var Indriði H. Þorláksson sýknaður af öllum kröfum Shelton í málinu. Var málinu áfrýjað og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 15. desember 2005 var niðurstaða sú sama að Indriði skyldi sýkn saka.

Taldi Hæstiréttur að það fælist í embættisskyldum ríkisskattstjóra að vara við ástandi sem hann teldi vera athugavert.

Í lok umræddrar fréttar í Morgunblaðinu þann 19. desember 2003 er eftirfarandi einnig haft eftir Indriða:

„Ég held að það sé enginn vafi að það tengist því að breytt viðskiptaumhverfi hefur gert þetta mögulegt, en þó að þessum málum hafi fjölgað er auðvitað allur obbinn af skattborgurum og fyrirtækjum sem hagar sínum málum með réttum og eðlilegum hætti. Síðan bitnar svona starfsemi á öllum í reynd þegar upp er staðið.“

Við upprifjun á þessu gamla dómsmáli er ljóst að síðastgreind ummæli Indriða eiga sérlega vel við nú á tímum.

IHG/SEP

Umfang skattsvika á Íslandi



Inga Hanna
Guðmundsdóttir

Í desembermánuði 2004 kom út skýrsla um umfang skattsvika á Íslandi sem fjármálaráðherra lagði fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005. Um var að ræða fjórðu úttekt á skattsvikum sem gerð var hér á landi á tveimur áratugum. Í skýrslunni var meðal annars greint frá því að ráðgjöf um skattasniðgöngu hefði aukist og nýjar skattsvikaleiðir í gegnum útlönd bæst við. Gildandi skattalöggjöf dygði ekki nægjanlega til varnar gegn skattsvikum.

Með samþykkt þingsályktunartillögu 3. maí 2002 ályktaði Alþingi að gera bæri úttekt á umfangi skattsvika, skattasniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Flutningsmaður tillögunnar var Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður. Í kjölfarið skipaði Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, nefnd 16. júlí 2002 til að gera úttekt á skattsvikum. Í

hana voru skipaðir Snorri Olsen tollstjóri í Reykjavík, formaður, Indriði H. Þorláksson þáverandi ríkisskattstjóri og Skúli Eggert Þórðarson þáverandi skattrannsóknarstjóri ríkisins. Ritari nefndarinnar var Ólafur Páll Gunnarsson lögfræðingur. Nefndinni var ætlað að kanna hvernig skattsvik, skattasniðganga og dulin efnahagsstarfsemi hefðu þróast frá því að nefnd sem kannaði umfang skattsvika skilaði skýrslu á árinu 1993, eftir skatttegundum, atvinnugreinum, landsvæðum og í samanburði við aðrar þjóðir og hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hefði verið af þessum sökum. Einnig skyldi nefndin kanna helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti megi rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmdar hins vegar.

Helstu niðurstöður úr starfi nefndarinnar

Nefndin fór yfir öll svið skattframkvæmdar hérlendis og leitaði einnig fanga erlendis. Niðurstaða hennar var einkum sú að skattsvik í formi vanframtalinna tekna kunni að hafa minnkað og skil í virðisaukaskatti batnað. Á hinn bóginn hafi skipulögð skattsvik aukist og nýjar skattsvikaleiðir bæst við, einkum í gegnum erlend samskipti. Þar sé ýmist um raunveruleg viðskipti tengdra aðila eða hreina málamyndagjörnina eins

og sama skattaðila að ræða. Þessi þróun sé tilkomin með auknum fjármálaviðskiptum milli landa í kjölfar aukins viðskipta- og fjármálafrelsis um allan heim. Aukin skattsvik á þessum vettvangi séu þess vegna ekki séríslenskt fyrirbæri heldur hafi þessa gætt um allan heim.

Nefnd eru ýmis tilvik skattsvika:

- o Eignir og tekjur erlendis ekki taldar fram
- o Innlend þjónusta seld í nafni erlends félags
- o Vinna hér á landi fyrir erlent félag
- o Málamyndabúseta erlendis
- o Yfirfærsla hagnaðar til erlends dótturfélags
- o Viðskipti við fjármunaleigur í skattaparadísu
- o Stofnun eignarhaldsfélaga í skattaparadísu og vildarsvæðum
- o Kaupréttarsamningar og erlend eignarhaldsfélög
- o Skattaparadísir og skattavildarreglur

Að gefnum þeim fyrirvörum sem í skýrslunni eru um aðferð nefndarinnar við að meta skattsvik hérlendis var það niðurstaða úttektarinnar að tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika gæti verið

Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir þingsályktunartillögu um að gerð væri úttekt á umfangi skattsvika, skattasniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Geir H. Haarde þáverandi fjármálaráðherra skipaði nefnd til að gera úttektina og lagði skýrslu hennar fyrir Alþingi. Geir ákvað að nefndin skyldi eingöngu skipuð embættismönnum en hann taldi að þannig fengist áreiðanlegri niðurstaða. Fyrir það sætti Geir gagnrýni ýmissa athafnamanna.



8,5% til 11,5% af heildarskatttekjum ríkis og sveitarfélaga. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar frá 1986 og 1993 var talið að umfang undanskotinna tekna væri 6% (1986) og 4,25% (1993) af vergri landsframleiðslu. Tekjutap ríkis og sveitarfélaga var áætlað 7–8% (1986) og 9% (1993) af heildarskatttekjum opinberra aðila.

Nefndin taldi að ástæður skattsvika hér á landi væru margvíslegar. M.a. hafi að-


stæður í atvinnu- og viðskiptalífi breyst og skapað ný tækifæri til skattsvika. Þá hafi ráðgjöf um hvernig koma megj tekjum undan skatti aukist. Vitnað er til rannsóknna um hvaða meginþættir hafi helst áhrif á það hversu menn eru tilbúnir til að stunda skattsvik:

- o Ávinningur af skattsvikum
- o Fjárhagsleg viðurlög vegna skattsvika
- o Líkur á að upp um skattsvik komist

- o Refsingar við skattsvikum
- o Skattsvikatækifæri
- o Ríkjandi félagsleg viðhorf
- o Viðhorf og þarfir einstaklingsins
- o Manngerð

Í skýrslunni voru settar fram tillögur um margvíslegar ráðstafanir sem flestar miða að því að tryggja eðlilega skattlagningu:

- Nefndin lagði til að gerðar yrðu ýmsar breytingar á lögum sem m.a. beindust að því að koma í veg fyrir að skattalög væru sniðgengin með því að íslenskir skattaðilar nýttu sér skattaparadísir og ýmiss konar lágskattasvæði til að koma undan tekjum sem sæta ættu skattlagningu hér á landi. Þá þyrfti að styrkja upplýsingaöflun skattyfirvalda í þessu tilliti.
- Nefndin taldi að styrkja þyrfti skattframkvæmd og laga hana betur að breyttum aðstæðum, efla skatteftirlit og skattrannsóknir og gera starfsskilyrði skattyfirvalda þannig að sem bestum árangri verði náð í baráttu gegn skattsvikum.
- Nefndin taldi óhjákvæmilegt að ábyrgð ráðgjafa sem stæðu að vafasamri eða óábyrgri skattaráðgjöf, rangfærslu bókhalds eða rangri framtalsgerð yrði gerð skýrari. Enn fremur að persónuleg ábyrgð eigenda og forsvarsmanna fyrirtækja vegna skattalagabrota sem framin eru í nafni fyrirtækja þeirra verði skýr.
- Nefndin taldi að með tilliti til þeirra fjölmörgu ráðstafana sem grípa mætti til, bæði í löggjöf og framkvæmd, væri líklegt að draga mætti verulega úr skattsvikum. Breytingar á lögum í þeim tilgangi og markvissar aðgerðir á sviði skattframkvæmdar gætu því skilað miklum fjárhagslegum ávinningi, bætt starfsskilyrði og samkeppnisstöðu heiðarlegs atvinnureksturs og aukið jafnræði meðal borgaranna.



Hanna Björnsdóttir

Skattstjóri Norðurlandsumdæmis vestra

Samstillt skattkerfi eykur tiltrú

Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra er Hanna Björnsdóttir. Hún tók við embætti skattstjóra 1. desember 2007 af Boga Sigurbjörnssyni. Umdæmið tekur yfir vestari hluta Norðurlands, Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók og Fjallabyggð. Skattstofan er staðsett á Siglufirði, þeim forna kaupstað sem nú er orðinn hluti af stærra sveitarfélagi. Hanna Björnsdóttir er viðskiptafræðingur að mennt en hafði áður en hún lauk námi unnið á skattstofunni á Siglufirði með hléum frá árinu 1992. Hún var því öllum hnútum vel kunnug þegar hún varð skattstjóri. Tíund hitti Hönnu að máli og innti hana eftir viðhorfum hennar til skattframkvæmdarinnar.

Ég er fædd og uppalin í Kópavogi og útskrifaðist frá Menntaskólanum í Kópavogi árið 1981. Sama ár hóf ég nám í landfræði við Háskóla Íslands og þótt það nám hafi verið mjög skemmtilegt komst ég að því að það hentaði mér ekki þannig að ég hætti því og fór að vinna hjá Sjónvörpinu. Ég flutti síðan til Danmerkur árið 1983 og bjó þar til ársins 1985.

Árið 1990 flutti ég ásamt fjölskyldu minni til Siglufjarðar. Þessi flutningur kom þannig til að árið áður hafði ég eignast tvíbura og var heimavinnandi húsmóðir og satt best að segja þá hundleiddist mér í Reykjavík. Þáverandi eiginmanni mínum hafði boðist starf hjá Síldarverksmiðjum ríkisins og kom það sér vel á þeim tíma þar sem atvinnuástand, allavega á höfuðborgarsvæðinu, hafði versnað til muna. Var stefnan því tekin út á landsbyggðina. Árið 1992 hóf ég störf á skattstofunni og vann þar til ársins 2000. Ástæða þess að ég hætti var sú að mig langaði aðeins til að vikka sjóndeildarhringinn og fór að vinna á endurskoðunarskrifstofu. Stofan hafði því miður ekki nægilega mörg verkefni svo ég hætti störfum og fór að vinna í rækjuverksmiðju. Vegna erfiðleika í rekstri og minnkandi veiða fór svo að öllu starfsfólki verksmiðjunnar var sagt upp og ég varð atvinnulaus. Ég mátti því sætta mig við að lifa á atvinnuleysisbótum um hríð því á þessum tíma voru þrengingar á vinnumarkaði. Ég veit því hvað fólk á við þegar það talar um hversu erfitt sé að vera

án vinnu. Á endanum fékk ég þó vinnu hjá fyrirtæki sem heitir Prímex og vinnur ýmis efni úr rækjuskel. Þar vann ég við útflutning afurða og markaðsstörf sem var á margan hátt spennandi starf því fyrirtækið var að vinna sér stöðu á markaðinum. Árið 2002 var opnaður möguleiki til fjarnáms frá Siglufirði við Háskól-

”

Skattstjórinn þarf að vera áhugasamur og vel vakandi fyrir því sem er að gerast og jafnframt að geta miðlað sem flestu til starfsfólksins

ann á Akureyri. Ég ákvað þá að drífa mig í nám í viðskiptafræði sem ég lauk vorið 2006. Þá hafði ég nokkru áður hafið aftur störf á skattstofunni og í það skipti sem deildarstjóri virðisaukaskattsdeildar. Það má kannski segja að ég hafi byrjað aftur að vinna á skattstofunni því mér fannst gott að vinna þar. Ekki spillti fyrir að mjög gott var að vinna undir stjórn Boga Sigurbjörnssonar. Maður kom aldrei að tómunum kofanum hjá honum ef vantaði hjálp við að leysa úr einhverjum erfiðum

málum. Bogi hefur reynt mér mjög vel, bæði sem yfirmaður og einnig sem góður félagi, og ég hef oft fengið góðar leiðbeiningar hjá honum hvort heldur það er varðandi vinnuna eða um daglega lífið. Ég held að margir sakni hans úr þessu starfi því hér hafði hann starfað í 41 ár, þar af sem skattstjóri frá 1980. Sem betur fer er hann nú ekki alveg hættur í „bransanum“ því hann er vinum og kunningjum enn innan handar við frágang skattframtala og við erum því í tengslum við hann þótt með öðrum hætti sé, okkur á skattstofunni til mikillar ánægju.

Aukið vægi stjórnunar

Þegar Bogi var að hætta störfum sakir aldurs ákvað ég að slá til og sækja um stöðu skattstjóra. Mér fannst ég hafa góða þekkingu á skattkerfinu þar sem ég hafði unnið á öllum sviðum kerfisins og einnig fengið innsýn í störf á endurskoðunarskrifstofu sem mér finnst hafa komið að góðum notum.

Það var í sjálfu sér ekki margt nýtt sem bar fyrir sjónir og fátt sem kom sérstaklega á óvart. Ég var að því leyti ágætlega undirbúin undir starfið. Mesta breytingin var auðvitað fólgin í stjórnunarstörfum sem eru einn mikilvægasti þátturinn í þessu starfi. Skattstjórinn þarf að vera áhugasamur og vel vakandi fyrir því sem er að gerast og jafnframt að geta miðlað sem flestu til starfsfólksins. Með því að starfsfólkið taki virkan þátt í





Bórhallur Benediktsson, Guðlaug Steingrímsdóttir, Hanna Björnsdóttir, Ingvar Hreinsson, Katrín Freysdóttir, Kristín Bogadóttir og Anna Hermína Gunnarsdóttir.

málunum skapast góð samvinna meðal starfsmanna, sem er af hinu góða. Ég var reyndar heppin því ég tók við góðu búi á margan hátt. Hér starfa sex starfsmenn í fullu starfi að mér meðtalinni og einn í hálfu starfi. Allir starfsmennirnir hafa einhverja menntun en það er á ýmsum sviðum og reynsla þeirra er margvísleg utan skattkerfisins. Mín upplifun er að þótt menntun og starfsreynsla sé ekki endilega beintengd við skattakerfið þá nýtist hún á einhvern hátt. Starfsfólkið hefur líka sótt ýmis námskeið vegna starfsins sem eru hluti starfsmenntunar. Flest þessara námskeiða hafa verið haldin á vegum RSK og má þar t.d. nefna námskeið um rafræn skil, atvinnurekstur, staðgreiðslu- og tryggingagjald, stjórn-sýslulögin og málsmeðferðarreglur, ársreikninga, alþjóðlega reikningsskilastaðla og virðisaukaskatt svo eitthvað sé nefnt. Einnig hefur starfsfólkið sótt ýmis námskeið sem haldin hafa verið á vegum SFR eins og fræðslu fyrir trúnaðarmenn.

”

Það gefur tíma til að fara betur yfir og skoða einstök mál þar sem eru einhver frávik. Þetta leiðir til betra eftirlits

Elsti starfsmaður skattstofunnar, sérfræðingurinn í staðgreiðsludeild, er Guðlaug Steingrímsdóttir sem hefur tæplega 43 ára starfsreynslu. Á þessum tíma hefur hún safnað upp mikilli og ómetanlegri vitneskju og reynslu. Þegar hún hóf starfsferil sinn hérna voru aðrir tímar og annar yfirmaður. Hún fékk eingöngu vinnu á álagstímum og þar sem ekki var hægt að hafa hana alltaf á launaskrá vann hún, þegar minna var að gera á skattstofunni, í verslun sem eiginkona skattstjórans rak. Annar starfsmaður, Kristín Bogadóttir, hefur unnið hérna í 24 ár, aðallega í virðisaukanum. Hún hefur því mikla reynslu í þeim málum og tók við mínu starfi þegar ég flutti mig til. Aðrir sem hér starfa hafa skemmri starfsaldur, en allir nema einn hafa samt verið við störf hér í meira en fimm ár. Það hefur verið og er ómetanlegt að hafa svo traust og reynslumikið starfsfólk og hefur auðveldað mér mikið að ná tökum á starfinu. Að sjálfsögðu

er ýmislegt sem þarf að breyta í tímans rás en engar stórvægilegar breytingar eru í farvatninu. Starfsandi og samvinna starfsmanna er almennt í mjög góðu lagi og við höfum ágætan tækjabúnað. Það sem helst þarf að huga að er húsnæðið sem er bæði óhentugt á margan hátt og lítið hefur verið gert til að bæta það á liðnum árum. Húsið var upphaflega byggt sem íbúðarhúsnæði og erfitt hefur reynst að breyta því í skrifstofu svo vel sé. Þá er aðgengið alls ekki til fyrirmyndar þar sem við erum á annarri hæð og til dæmis er ekkert aðgengi fyrir fatlaða og aldraða. Engin lyfta er í húsinu heldur bara langur stigi. Það hefur margoft komið fyrir að starfsfólkið hefur þurft að fara með stól fram á stigapall fyrir eldri borgara sem hafa verið aðframkomnir eftir að hafa gengið upp stigann til okkar. Nú standa fyrir dyrum nokkrar lagfæringar á húsnæðinu sem er mjög gott, enda löngu kominn tími á þær.

Skattumdæmið

Skattumdæmið okkar nær frá Brú í vestri til Ólafsfjarðar í austri sem sýnir að það er nokkuð stórt svæði sem tilheyrir okkur. Þar sem umdæmið nær yfir svona dreift svæði er ekki mikið um heimsóknir gjaldenda til okkar á skattstofuna. Þá kemur á móti að síminn er mikið notaður og við reynum eftir fremsta megni að sinna okkar gjaldendum og senda þeim gögn sem þá vantar.

Helsti atvinnuvegurinn í umdæminu er landbúnaður og þar á eftir er það útgerð og sjómennska. Síðan eru auðvitað allir aðrir almennir atvinnuvegir stundaðir í



okkar umdæmi eins og gerist og gengur annars staðar á landinu. En það er sérstaða umdæmisins hversu stór hluti gjaldenda er í landbúnaði og sjómennsku. Þar sem landbúnaður hefur ýmsa sérstöðu í skattalöggjöfinni eru skattskil og bókhald á margan hátt frábrugðin því sem gerist í öðrum atvinnurekstri. Eitt sem skiptir máli í þessu er að bændur hafa því miður ekki búið við sömu tækni í fjarskiptamálum og þeir sem eru búsettir í þéttbýli. Bæði er netsambandið mun verra og hægvir kara og kostnaðurinn miklu hærri. Þetta veldur því til dæmis að margir bændur kjósa að vera ekki í rafrænum skilum. Ef þessu yrði breytt myndi það koma til góða fyrir báða aðila. Þá eru framtöl sjómanna einnig svolítið frábrugðin venjulegum einstaklingsframtölum þar sem þeir sem stunda sjómennsku njóta sérstaks sjómannaafsláttar á tekjuskatti. Hann reiknast hlutfallslega eftir því hversu marga daga sjómaður hefur verið ráðinn til sjómannsstarfa og nokkur álitæfni geta alltaf komið upp í því sambandi.

Samhæfing í kerfinu

Störf skattstjóra felast meðal annars í skipulagningu og samþættingu á vinnu og verklagi þar sem vinnan á skattstofunni er nokkuð mismunandi eftir árstíðum. Það koma toppar í kringum skattskil einstaklinga á vorin og skil lögaðila á haustin, auk þess sem álag eykst nokkuð við virðisaukaskattsskil. Við erum ekki stór stofnun en þrátt fyrir það reynir á flesta þætti skattkerfisins hjá okkur og mér finnst afar mikilvægt að verklag og slíkt sé samræmt á milli skattumdæma enda til þess ætlast í skattalögum. Í þessu sambandi hafa skattstjórafundir mikla og vaxandi þýðingu vegna þeirrar miðlunar á þekkingu og reynslu sem þar fer fram. Á undanföllum árum hefur verið mikill hraði og örur breytingar í atvinnulífinu og oft komið upp ný úrlausnarefni í einstökum umdæmum sem síðan hafa verið rædd á skattstjórafundum og hugmyndum og lausnum miðlað á milli fólks. Miðlun og samhæfing með þessum hætti skiptir miklu máli því samhæft og samstillt skattkerfi eykur tiltrú gjaldenda á kerfinu og gerir þá sáttari við hlutskipti sitt. Það er líka ómetanlegt að hitta fólkið í skattkerfinu augliti til auglitis því það auðveldar öll samskipti. Samskipti eru einnig mikil við starfsmenn ríkisskattstjóra, m.a. þegar leysa þarf úr málum eða afla upplýsinga. Reynsla mín er sú að þau samskipti séu almennt mjög góð og mjög mikilvæg fyrir okkur.

Breytt hlutverk skattstofa

Skattstofan er að mínu mati fyrst og fremst þjónustustofnun og ég hef lagt mikla áherslu á góða þjónustu og góð og jákvæð samskipti við gjaldendur. Þetta var Boga fyrrverandi skattstjóra einnig mjög umhugað og kannski hefur sýn mín á þetta hlutverk skattstofunnar tekið mið af skoðunum hans. Það er auðvitað hlutverk okkar að hafa ákveðið eftirlit með gjaldendum, en mér finnst líka skipta miklu máli að leiðbeina þeim og aðstoða eftir því sem efni standa til og heimildir okkar leyfa. Það skilar sér á endanum í betri og réttari skattskilum sem minnkar síðan vinnuna við eftirlitið. Samskipti við gjaldendur hafa gengið mjög vel þó auðvitað séu alltaf einhverjir sem eru ekki ánægðir með álgögnar og láta það stundum bitna á starfs-

leyti gölluð og of flókin og ógagnsæ. Það er kannski ekki margt sem ég sé fyrir mér að sé unnt að breyta til batnaðar alveg á næstunni en þó einna helst varðandi virðisaukaskattinn. Mér finnst hann oft ekki vera í takti við önnur skattskil, sérstaklega í ljósi þess hversu mikilvægur hann er í tekjuöflun ríkissjóðs.

Á undanföllum árum hefur komið öðru hverju upp umræða um skipan skattumdæma og hlutverk skattstofanna. Sú umræða hefur ekki alltaf einkennst af fagmennsku eða þekkingu á málinu. Til dæmis voru skattumdæmin á sínum tíma látin fylgja kjördæmaskipan, fyrir utan Vestmannaeyjar sem voru sérstakt skattumdæmi. Eftir að kjördæmaskipan var breytt hafa stundum heyrst þær raddir að eðlilegt væri að færa skattstofuna frá



Hanna Björnsdóttir skattstjóri á skrifstofu sinni.

fólkinu. Yfirleitt hefur okkur nú tekist að útskýra okkar mál þannig að allir verði að lokum sáttir við forsendur álagningar eða þá ákvörðun sem skattstjóri tekur.

Með tímanum og aukinni tækni mun starfsemi skattstofanna breytast þar sem almenn framtöl verða með fyrirfram árituðum fjárhagsupplýsingum í meira mæli. Vinnan við þau verður því kerfisbundnari og einfaldari og minni tími fer í upplýsingaöflun. Það gefur tíma til að fara betur yfir og skoða einstök mál þar sem eru einhver frávik. Þetta leiðir til betra eftirlits en skattaftirlit hér fyrir á árum hefði þurft að vera öflugra. Þar kemur til að atvinnu- og efnahagslífið hefur sífellt orðið flóknara og skattkerfið alls ekki fengið þær fjárveitingar sem þurft hefði til að skerpa á eftirlitinu. Þá var samkeppni um starfsfólk erfið á meðan eftirspurnin á vinnumarkaði var sem mest, þótt þess hafi ekki gætt sérstaklega hérna. Skattalöggjöfin er að mörgu

Siglufirði til Blönduóss eða Sauðárkróks, þar sem Siglufjörður sé ekki lengur í sama kjördæmi og stærsti hluti umdæmisins. Þessi umræða er í raun alveg út í hött og byggist á mikilli vanþekkingu. Það er ekkert sem segir að skattumdæmin eigi að fylgja kjördæmum þótt það hafi verið svo áður. Skattumdæmin eru sérstök umdæmi sem eru ákveðin með lögum. Þegar þetta er rætt bendi ég oft á að ef skattumdæmin ættu að fylgja kjördæmum ætti bara að vera ein skattstofa í hverju kjördæmi. Í Norðausturkjördæmi eru þrjár skattstofur og í Norðvesturkjördæmi eru þær tvær. Að mínu mati er ekki nein ástæða til að hreyfa við þessari skipan þar sem hún hefur reynst vel og ekki sýnilegt að breyting verði á því í næstu framtíð.

Samrunar

og skiptingar fyrirtækja

Tilkynna ber til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra alla þá samruna og skiptingar fyrirtækja sem framkvæmdir eru á grundvelli XIV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ákvæði þessara kafla gilda þegar félögum er slitið án skuldaskila með þeim hætti að félag er algjörlega sameinað öðru félagi með yfirtöku eigna og skulda.



Ólafur Magni
Sverrisson



Skúli
Jónsson

Í tilviki skiptingar er það skilyrði laganna að félag/félög taki við eignum og skuldum hins skipta félags gegn endurgjaldi til hluthafanna. Samrunar eða skiptingar sem uppfylla þessi skilyrði hafa ekki í för með sér skattskyldar tekjur fyrir hluthafa félaganna samkvæmt IV. kafla laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Samrunar/skiptingar eru framkvæmdir í tveimur skrefum gagnvart fyrirtækjaskrá. Í fyrra skrefinu móttækur fyrirtækjaskrá samruna- eða skiptingaráætlun ásamt fylgigögnum, þ.m.t. yfirlýsingu matsmanna um að hve miklu leyti samruninn eða skiptingin muni rýra hag lánardrottna, og birtir tilkynningu í Lögbirtingablaði um móttöku samrunaáætlunar. Lánardrottnar félag-

anna geta þá, ef þeir telja þörf á, kynnt sér stöðu sína gagnvart fyrirhuguðum samruna og brugðist við ef þeim sýnist svo. Í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu þessarar tilkynningar og í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir birtingu verða viðkomandi félög að halda hluthafafundi/stjórnarfundi þar sem samruninn er endanlega staðfestur. Sé það ekki gert fellur samruni niður og verður ekki skráður. Með breytingu á lögum sem tók gildi 1. október 2006 var sett inn krafa um að fullgilda yrði samruna og skiptingu innan fjögurra mánaða frá birtingu tilkynningar í Lögbirtingablaðinu. Þetta var þörf breyting því fyrir viðskiptalífið er að sjálfsögðu mikilvægt að ekki sé hægt að draga endalaust að ganga frá samruna eða skiptingu. Of mikil brögð hafa verið að því að mál séu ekki klárað á eðlilegum tíma en það veldur þá óvissu um hver raunveruleg staða félaganna sé. Í seinna skrefinu er tilkynningu um lok samruna/skiptingar skilað inn til fyr-

irtækjaskrár ásamt afritum af fundargerðum þar sem samruninn/skiptingin var endanlega staðfest. Á grundvelli þessara gagna eru samruninn eða skiptingin skráð í fyrirtækjaskrá.

Samrunar


Ýmsar ástæður eru fyrir því að ákvarðanir eru teknar í fyrirtækjum um að ráðast í samruna. Má þar nefna hagræðingu í rekstri fyrirtækjasamstæðna, einföldun á eignarhaldi eða myndun öflugra fyrirtækja með betri samkeppnisstöðu en áður. Einnig má nefna að mikil aukning á skuldsettum yfirtökum hefur hér áhrif en því efni voru gerð ítarleg skil í desember tölublaði Tíundar 2008. Með sívaxandi fjölda skráðra félaga hefur samrunum einnig fjölgað mikið á undanförunum árum. Á myndinni hér til hliðar má sjá fjölda samrunaáætlana sem móttækjar hafa verið hjá fyrirtækjaskrá á árunum 2003 – 2008.

Samrunum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár, en þeir virðast þó hafa náð ákveðnu hámarki árið 2007 þegar 270 samrunaáætlunum var skilað inn til fyrirtækjaskrár. Einnig má geta þess að það ár gerðu þessar 270 samrunaáætlanir sem móttækjar voru hjá fyrirtækjaskrá ráð fyrir því að samtals 424 félög yrðu afskráð vegna samrunanna. Tíðni samruna og áhrif þeirra á íslensk fyrirtæki sést kannski best á því að á tímabilinu sem tölurnar ná yfir, þ.e. 2003-2008, hafa tæplega 1.900 félög verið afskráð vegna samruna. Það er því staðreynd að samrunar eru algengir í íslensku viðskiptalífi.

Skiptingar

Skiptingum fyrirtækja þar sem annað félag tekur við hluta af eignum og skuldum fyrirtækis hefur einnig fjölgað undanfarin ár. Ástæður fyrir skiptingu geta verið ýmiskonar en þó er algengasta form skiptingar það að fyrirtæki vilja aðskilja eignarhald og rekstur húsnæðis. Þá er stofnað nýtt félag sem tekur við fasteign, rekstri hennar og skuldum tengdum henni. Þó eru dæmi um skiptingar þar sem skipting varð að eiga sér stað vegna lagasetningar, sbr. skiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. í tvö félög, þar sem skilja þurfti á milli samkeppnisreksturs og sérleyfisreksturs félagsins vegna breytinga á lögum á auðlinda- og orkusviði.

Á mynd sem sýnir móttækjar skiptingaráætlanir má sjá þróun í fjölda skiptinga sem hafa borist fyrirtækjaskrá á árunum 2003-2008. Eins og sjá má fjölgaði skiptingum mikið á árunum 2003-2007 en fækkaði svo aftur á árinu 2008. Líklegt



er að þar hafi áhrif slæmar aðstæður á fjármálamarkaði og í rekstrarumhverfi fyrirtækja. Á árinu 2006 varð með breytingu laga um þetta efni heimilt að skipta einkahlutafélögum en það átti áður einungis við um hlutafélög. Án efa hefur þetta leitt til fjölgunar á skiptingum félaga því það varð þá ekki eins viðurhlutamikið og áður.

Áhrif fjármálakreppunnar á samruna og skiptingar

Ef þróun samruna og skiptinga er skoðuð kemur í ljós að sú aukning sem hefur átt sér stað á undanförunum árum stöðvaðist á árinu 2008. Samrunum fækkaði lítillega en fjöldi skiptinga hríðféll. Munar þar mest um síðustu 3 mánuði ársins en mikill fjöldi samruna og skiptinga hefur jafnan borist fyrirtækjaskrá í lok árs. Á síðustu þremur mánuðum ársins 2008 komu einungis 34 samrunar og 11 skiptingar inn á borð hjá fyrirtækjaskrá en til að finna svipaðan fjölda innsendra samruna og skiptinga á síðustu 3 mánuðum ársins þarf

að leita allt aftur til ársins 2003 þegar 31 samrunaáætlun og 7 skiptingaráætlanir voru lagðar inn til fyrirtækjaskrár á síðasta fjórðungi árs.

Svo virðist sem sú mikla óvissa sem ríkir í kjölfar efnahagskreppunnar sé þess valdandi að stjórnir fyrirtækja haldi að sér höndum varðandi þessi mál og vilji stíga varlega til jarðar. Einnig kann að vera að fjármálastofnanir hafi komið talsvert að þessum aðgerðum félaganna með ráðgjöf og/eða hvatningu og við fall bankanna hverfi sá hvati til aðgerða. Líklegt verður þó að teljast að samrunum muni fara fjölgaandi á ný þegar stjórnendur fyrirtækja fara að leita leiða til hagræðingar og einföldunar í rekstri.

Skjól gegn skatti og markaðsupplýsingum

Hliðarverkun skattaskjóra er leynd og laumuspil. Hrun íslensku bankanna er dæmi um ítrustu óhollustu í þeim efnum.



Sigrún Davíðsdóttir

Fjármálakreppan hefur dregið skattaskjól og skattaundanskot fram í dagsljósið víða um lönd. Leiðandi stjórnálamenn í Frakklandi og Þýskalandi hafa gert að forgangsmáli að þvinga banka og stórfyrirtæki til að standa skil á sköttum og skyldum undanbragðalaust. Barack Obama hefur iðulega talað um staði eins og Cayman-eyjar og önnur afgangssvæði sem þjóðfélagsmeinsæmd sem verði að upp-ræta. Bandaríkin tóku svissneska bankann UBS kverkataka til að fá frá honum upplýsingar um bandaríska skattgreiðendur. Stjórnendum hans er nú ráðlagt að ferðast ekki til að eiga ekki á hættu að verða framseldir til Bandaríkjanna. Síðasta stóra skrefið í þessa átt var að á fundi G20-landanna í London í byrjun apríl sl. var samþykkt að birta lista yfir

skattaskjól og fylgja eftir reglum OECD um þessi mál.

Í allri þessari umræðu hefur athyglin beinst að þætti banka í viðkomandi löndum í þessari myllu skattaskjóra. Annars vegar er deginum ljósara að ríkur þáttur í þjónustu banka um allan heim hefur verið að aðstoða viðskiptavinum við að komast hjá skatti. Hins vegar eru einnig dæmi um að bankarnir sjálfir nýti fjallabaksleiðir skattkerfisins í eigin þágu.

En skattaskjól fela fleira í sér en hugsanleg undanskot undan skatti. Með flóknu eignarhaldi og nafnlausum félögum á afgangssvæðum hverfur fleira en skattur. Félög á afgangssvæðum eru iðulega notuð til að leyna eignarhaldi – leyndin er nokkurs konar aukaverkun skattaskjóra. Með þeim hætti geta menn til dæmis komið sér undan yfirtökuskyldu eða stundað aðrar sjónhverfingar á markaðinum. Þeir sem fjárfesta í skráðum félögum fá þá ekki allar upplýsingar um aðstæður þeirra. Á endanum er því verið að minnka gagnsæi og þar með leika á markaðinn. Þetta er ekki séríslenskt vandamál heldur alþjóðlegur vandi. En í smæðinni á Íslandi eru afleiðingarnar enn magnaðri en í stærri löndum.

Bankar í feluleik við skattinn

Breska blaðið Guardian hefur fjallað mikið um skattamál undanfarið og meðal annars sýnt fram á að stórbankinn Barclays hefur sett upp flókið viðskiptaferli sem teygir sig til Cayman-eyja og Lúxemborgar, að því er virðist í þeim eina tilgangi að komast hjá skatti. Málið kom upp þegar Vince Cable þingmaður frjálslyndra demókrata, í stjórnarandstöðu, fékk send skjöl sem sýndu hvernig ákveðin deild í Barclays bankanum starfaði. Cable er sjálfur hagfræðingur og þekktur fyrir skorinorða gagnrýni á bankana.

Nafn sendandans er óupplýst. Talsmenn bankans ályktuðu að þarna væri á ferðinni óánægður bankastarfsmaður, annaðhvort fyrrverandi eða enn starfandi við bankann. Málið um skattaskipulag Barclays er enn eitt dæmið um mál sem kemur upp af því svokallaður „whistleblower“ kemur upp um mál sem er algengt í Bretlandi og víðar en næstum óþekkt á Íslandi.

Cable kom sendingunni til skattyfirvalda en Guardian komst einnig í skjölin. Barclays fékk í gegn lögban á birtingu skjalanna því þau væru eign bankans og hefðu verið tekin ófrjálsri hendi. Guardian gat þó komið saman frétt um hvaða saga

kom þar fram. Barclays starfrækir deild með um 130 manns sem hefur það eina verkefni að skipuleggja viðskipti í þeim eina tilgangi að skapa frádráttarbærar skuldir.

Árið 2007 hafði bankinn til dæmis á þrjónunum að sökkva sextán milljörðum punda í bandarísk lán í samvinnu við lítinn bandarískan banka. Peningunum var fleytt á milli bankanna tveggja um félög á Cayman-eyjum, í Bandaríkjunum og Lúxemborg og þannig urðu til frádráttarbærar skuldir. Blaðamenn Guardian fundu svo sjálfir tvö önnur dæmi um viðskipti af sama toga – viðskipti sem

arnir hafi einbeitt sér að því að fylgja lagabókstafnum, ekki anda laganna. Einnmitt það sama hefur Guardian eftir fyrrum starfsmanni breskra skattfyfirvalda. Barclays upplýsi aldrei neitt óumbeðinn. Skattfyfirvöld þurfi að spyrja nákvæmlega réttu spurninganna sem her bankanna vinni við að svara þannig að svörin verði rétt samkvæmt bókstafnum en annars eins óupplýsandi og mest megi vera. Einn breskur þingmaður sagði að eltingarleikur faliðaðra skattfyfirvalda við bankann væri „eins og feit lögga að elta Ferrari á fleygiferð.“



eingöngu voru gerð til að skapa frádráttarbærar skuldir og koma fé undan skatti.

Forráðamenn Barclays hafa hafnað því að umrædd viðskipti snúist eingöngu um skattaundanskot. Bankinn sinni fjármögnun í þágu hluthafa sinna og einn liður hennar séu skattamálin.

Feit lögga að elta Ferrari

Málið vakti mikla athygli í Englandi – og einnig reiði. Starfsaðferðir Barclays sýna glöggð það sem marga hefur grunað en er erfitt að sanna: að bankar og stórfyrirtæki hafa á takteinum her manna við að fylgja lagabókstafnum en brjóta anda laganna.

Málið kom upp á versta tíma fyrir Barclays þar sem bankinn er að semja við ríkið um ríkistryggingar. Bankinn hefur ekki leitað eftir lausafé hjá ríkinu. Þær raddir hafa heyrst að ein ástæðan fyrir því sé að bankinn vilji ekki að ríkið, í hlutverki stórs eiganda í bankanum, hnýsist um of í rekstur bankans. „Skattaviðskiptin“ við Cayman-eyjar og aðra staði gætu verið dæmi um þætti sem bankinn kys að halda fyrir sig.

Það er athyglisvert að í skýrslu sinni um aðdragandann að hrúni bankanna bendir Kaarlo Jännäri á að íslensku bank-



Málið um skattaskipulag Barclays er enn eitt dæmið um mál sem kemur upp af því svokallaður „whistleblower“ kemur upp um mál sem er algengt í Bretlandi og víðar en næstum óþekkt á Íslandi

Gloppóttar ársskýrslur

Það á eftir að koma í ljós hvort íslensku bankarnir höguðu sínum skattamálum á skapandi hátt. Það eru þó þegar komnar fram vísbendingar um að svo hafi verið. Þannig hafa komið fram dæmi þar sem íslenskur banki setti upp félög sem voru samkvæmt skilgreiningunni dótturfélög en komu ekki fram í ársskýrslum bankans þó tilgangur ársskýrslna sé að gefa heildarmynd af starfsemi viðkomandi fyrirtækis. Stjórnendur bankans sátu í stjórn félags í

Lúxemborg sem átti eignarhaldsfélag útibúsins þar. Félaganna er hvergi getið í ársskýrslum bankans, vísast af því þetta var skilgreint sem svo að félögin hefðu ekki „efnisleg áhrif“ í rekstri bankans.

Skýringin sem skattasérfræðingur hjá viðkomandi banka gaf er að innan fyrirtækjasamstæðu eru félög sett upp sem samhangandi klasar inni í kassa þannig að hver kassi er skattaleg samstæða. Ef það hentar skattalega er félögum stungið inn til að ná fram skattalegri hagkvæmni eins og það heitir, með öðrum orðum til að lækka skattinn á samstæðunni.

Það eitt að eignarhaldsfléttur voru vísitandi teygðar yfir mörg lönd og á afgangssvæði, gerði yfirvöldum, hvort sem um var að ræða skattfyfirvöld eða fjármálaeftirlit, erfitt um vik að hafa eftirlit með umsvifunum. Við þær aðstæður getur líka skapast óvissa um verkaskiptingu milli landa þó í alþjóðlegri samvinnu þessara yfirvalda sé markvisst unnið að því að útrýma slíkri óvissu. Ýmis álitamál geta til dæmis sprottið af félögum sem nefnd voru hér að ofan. Félag í eigu íslensks fyrirtækis með íslenskum stjórnarmönnum gæti verið skilgreint sem íslenskt jafnvel þó það sé skráð í Lúxemborg.

Falið eignarhald – falin tengsl

Það er æ betur að koma í ljós hvað margt hefur verið á huldu í íslensku viðskiptalífi en jafnframt er það ljóst að allir þræðirnir liggja til bankanna. Þeir stýrðu ekki aðeins fjármagni heldur tóku þátt í spilinu þegar kom að stofnun félaga og fyrirtækja, kaupum, sölum og samrunum. Það er ekkert séríslenskt að bankar taki þátt í fjárfestingum með viðskiptavinum sínum – þannig starfa fjárfestingabankar. Séríslenska útgáfan af þessu er að viðskiptavinahópurinn var lítill og í kjarna hópsins voru stórir viðskiptavinir í öllum bönkunum, verkefningin voru stór og það jók áhættuna.

Það vekur athygli hversu mörg félög íslensku bankarnir hafa stofnað í Lúxemborg. Í ljósi þess að Ísland er ekki háskattaland eru það tæplega eingöngu skattalegar ástæður sem liggja öllum þessum félögum til grundvallar. Það er vitað mál að það getur verið erfitt að nálgast opinberar upplýsingar um eignarhald Lúx-félaga – og félög skráð á afgangssvæðum tengjast þeim iðulega. Skráningar félaga á afgangssvæðum geta falið ýmis spor.

Á þennan hátt var fjöldi íslenskra eignarhaldsfélaga í eigu félaga erlendis. Mestur fjöldi þessara erlendu félaga var skráður hjá útibúum íslensku bankanna

úti eða tengdust þeim í gegnum félög sem þessi erlendu félög stofnuðu á vegum íslensku bankanna. Með þessum hætti mynduðust alls kyns undarlegar króka-leiðir í eignarhaldi. Ein afleiðingin var að efnahagur bólgnaði upp, fyrirtæki virtust eiga meira en þau áttu. Önnur afleiðing var að eignarhald var sveipað hulu og þættir eins og yfirtökuskylda voru óvirkir. Þannig mátti villa um fyrir fjárfestum,

sem ekki voru hluti af eigendahópnum og fyrir yfirvöldum.

Hlutverk banka er vissulega að hjálpa viðskiptavinum að ávaxta sitt pund – en það er spurning hvort það sé hlutverk þeirra að hjálpa þeim að fela fé fyrir skattinum. Hliðarverkun skattaskjóla er falið eignarhald sem gerði íslenskan hlutabréfamarkað að óárennilegum stað fyrir óinnvígða. Ógagnsætt eignarhald var viðloðandi gagnrýni

á íslenskt viðskiptalíf erlendis frá. Það er athyglisvert að á meðan íslenskir umsvifamenn og bankar nýttu sér frjálsræði í peningamálum til útrásar og íslenski hlutabréfamarkaðurinn sló sífellt hækkunarmet höfðu útlendingar engan áhuga á að taka þátt í íslenskum fjárfestingum. Íslenskt viðskiptalíf var eftir sem áður heimavætt, ekki hnattvætt. Feluleikirnir áttu á endanum sinn þátt í fallinu.

Lagabreytingar á vorþingi 2009

Í síðasta tölublaði Tíundar var umfjöllun um frumvarp sem fjármálaráðherra lagði fyrir Alþingi. Í frumvarpinu var mælt fyrir um breytingar á tekjuskatts- og staðgreiðslulögum til styrkingar á skattfrankvæmd og til að setja hömlur við skattundanskotum. Alþingi samþykkti frumvarpið sem lög þann 20. apríl 2009. Frumvarpið breyttist nokkuð í meðförum þingsins en í nefndaráliti efnahags- og skattanefndar kemur m.a. fram að skoða þurfi betur hvaða áhrif það hafi á íslenskt atvinnulíf að leggja skatt á vexti sem greiddir eru úr landi.

Í fyrsta lagi voru samþykktar breytingar á 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga. Breytingin felur í sér að til skattskyldra tekna telst ekki eignaauki eða aukning ráðstöfunartekna sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga. Hið sama á við um eignaauka eða aukningu ráðstöfunartekna sem stafa af eftirgefnum skuldum sem mælt er fyrir um í nauðasamningum til greiðsluaðlögunar sbr. lög um gjaldþrotaskipti. Þá var fjármálaráðherra fengin heimild til að setja reglugerð um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar og skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna. Með þessari breytingu er komið til móts við þá sem eru komnir í greiðsluvandræði eða –prot og sjá fram á að skuldir þeirra verði afskrifaðar að hluta eða að öllu leyti vegna venjulegra nauðasamninga, nauðasamninga til greiðsluaðlögunar eða vegna eftirgjafar af öðrum toga.

Í öðru lagi var nýja ákvæði bætt við lögin, 57. gr. a. Samkvæmt þessu nýja ákvæði eru þeir skattaðilar, sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að hvers konar lögaðilum sem heimilisfastir eru í lágs kattaríkjum, skattskyldir af tekjum lögaðilans. Íslenskt eignarhald telst vera fyrir hendi þegar helmingur af hinum erlenda lögaðila er í eigu eða umráðum íslenskra skattaðila, eins eða fleiri. Ekki er gert að skilyrði að tengsl séu á milli hinna íslensku eigenda eða umráðamanna. Hugtakið lágs kattaríki er skilgreint í frumvarpinu sem ríki eða landssvæði sem leggur á tekjuskatt sem er lægri en 2/3 af íslenskum tekjuskatti. Við mat á þessu er gert ráð fyrir að tekjuskattsstofn hins erlenda lögaðila verði fundinn út samkvæmt íslenskum skattareglum og reiknað út hvað yrði lagt á hann hér á landi bæri hann ótakmarkaða skattskyldu hér. Frá meginreglunni er að finna undantekningar sem taka til erlendra lögaðila með raunverulega atvinnustarfsemi, en með því er átt við að lög-

aðilinn hafi með höndum framleiðslu eða sölu á vöru og/ eða þjónustu enda sé fyrir hendi tvísköttunarsamningur milli Íslands og hins erlenda ríkis með fullnægjandi upplýsingaákvæði. Samkvæmt þessu eiga ákvæðin við um lögaðila sem hafa að meginstofni til svokallaðar óvirkar tekjur (e. passive income), þ.e. arð, vexti, söluhagnað, þóknanir o.s.frv. Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til þess að markmiðið með löggjöf af þessu tagi sé að hamla gegn skattasniðgöngu sem fram fer með þeim hætti að innlendir aðilar leyni eignum sínum og flytji tekjur úr landi í félög, sjóði eða stofnanir sem skráðar eru í lágs kattaríkjum.

Í þriðja lagi var með samþykkt laganna aukið við upplýsingaskyldu banka og annarra fjármálafyrirtækja til skattyfirvalda. Nú er fjármálafyrirtækjum skylt að afhenda upplýsingar um öll útlán til viðskiptamanna, innstæður í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum og upplýsingar um hlutabréfaviðskipti sem fjármálafyrirtækin hafa haft milligöngu um sem og upplýsingar um hvers kyns viðskipti með annars konar fjármála-gerninga. Þessi lagabreyting hefur það í för með sér að unnt verður að árita mun meira af upplýsingum á skattframtöl einstaklinga en verið hefur. Þá er alveg ljóst að upplýsingaskylda þessi er ómetanlegt tæki í öllu skatteftirliti.

Í fjórða lagi voru gerðar breytingar á 94. gr. tekjuskattslaga þar sem kveðið er á um upplýsingaskyldu íslenskra móðurfélaga um viðskipti íslenskra skattaðila og dótturfélaga eða útibúa sem starfrækt eru erlendis þegar viðskiptin snúast um eignarhald eða umráð á lögaðilum í lágs kattaríki sem 57. gr. a tekur til. Íslenskt móðurfélag getur þannig ekki losnað undan upplýsingaskyldu með því að láta viðskipti fara fram í gegnum erlent dótturfélag eða útibú. Þá var með lögnum lögð upplýsingaskylda á fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðra sem veita skattaráðgjöf eða aðra þjónustu sem snertir umráð, beina eða óbeina eignaraðild að rekstri lögaðila sem skráðir eru erlendis. Þeim er gert skylt að halda lista yfir þá sem þiggja slíka ráðgjöf og skal listinn tiltækur skattyfirvöldum sé þess óskað. Ennfremur var lögfest að þagnar- og trúnaðarskyldu-ákvæði annarra laga víki fyrir ákvæðum tekjuskattslaga um upplýsingaskyldu skv. 94. gr. Það er því skýrt að upplýsingaskylduákvæði tekjuskattslaga víkja til hliðar ákvæðum í öðrum lögum sem kveða á um einhvers konar þagnar- eða trúnaðarskyldu.

GJJ

Eigendur BANKANNA



Páll
Kolbeins

Eftir að bankarnir þrír, Landsbanki, Kaupþing og Íslandsbanki voru seldir í hendur einkaaðila í byrjun síðasta áratugar jukust umsvif og áhrif þeirra verulega, ekki aðeins hér á landi heldur einnig á vettvangi alþjóðlegrar fjármálastarfsemi. Það vekur undrun hve hratt litlum bönkum sem höfðu árum saman byggt starfsemi sína á þjónustu við íslensk heimili og fyrirtæki var breytt í alþjóðleg fjármálafyrirtæki sem teygðu anga sína um allan heim. Margir tóku þátt í ævintýrinu og keyptu hlutabréf í þessum fyrirtækjum sem uxu með ógnarhraða, skiluðu undraverðum hagnaði ár eftir ár og sáu þúsundum ungs vel menntaðs fólks fyrir góðum störfum.

Í hugum flestra hafa bankar ávallt verið taldar íhaldssamar stofnanir sem standa traustum fótum á grunni efnahagslífs þjóðarinnar. Fólk hefur treyst bönkum fyrir peningunum sínum. Það er einmitt tiltrú almennings sem er forsenda þess að nútíma bankastarfsemi geti þrífist. Á hverjum tíma geta bankar aðeins greitt út hluta þeirra innstæðna sem eigendur innlána eiga á reikningum sínum. Bankar umbreyta innlánum sparifjäreigenda sem

eiga fé á lausum reikningum í áhættusöm útlán sem fást endurgreidd með vöxtum á löngum tíma. Þannig stuðla bankarnir að vexti og framförum í þjóðfélaginu á sama tíma og þeir skapa vaxtatekjur og arð fyrir eigendur sína. Það gefur því auga leið að bankar geta ekki staðið í skilum gagnvart sparifjäreigendum ef traust þverr og allir eigendur innstæðna vilja taka út af reikningum sínum á sama tíma. Víðast hvar lýtur hvers konar fjármálastarfsemi því ströngum skilyrðum og opinberu eftirliti sem er meðal annars til þess gert að auka tiltrú almennings á bankakerfinu þannig að ekki komi til þess að góðir bankar falli vegna skorts á lausafé. Til að treysta undirstöður bankakerfisins enn frekar hafa Seðlabanki og loks ríkissjóður ábyrgst innstæður sparifjäreigenda. Það var því mikið áfall þegar allt hrundi til grunna flestum að övörum.

Eftir að stjórnvöldum hafði verið gert ljóst að bankarnir gætu ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum og innstæðueigendum voru þeir einn af öðrum yfirteknir af ríkinu. Bankarnir voru komnir í þrot og eigendur töpuðu hlutafé sínu. Landsmenn stóðu frammi fyrir algeru hruni fjármálakerfisins. Í kjölfarið settu stjórnvöld neyðarlög til að tryggja almenna greiðslumiðlun í landinu. Menn geta rétt ímyndað sér hvernig ástand hefði skapast ef bönkunum hefði verið lokað og engar skýringar verið gefnar. Á tímum rafrænna viðskipta liggja fáir með mikið lausafé og því hefði skapast algert neyðarástand í landinu ef

fólk hefði ekki getað orðið sér út um peninga til kaupa á nauðþurftum.

Íslenskum fyrirtækjum er gert að standa skattfyrvöldum skil á hlutfjármiðum vegna hlutfjäreignar og arðgreiðslna á hverju ári. Hlutfjármiðarnir sýna hverjir voru eigendur hlutfjárj á árslok og gefa þannig góða mynd af því tjóni sem einstaklingar og lögaðilar, eigendur bankanna, urðu fyrir þegar bankarnir fóru í þrot. Það er sennilega óþarft að taka fram að í árslok 2008 voru hlutabréf í þrotabúum bankanna lítils virði.

Seldu fyrir hrun

Allt frá því að bankarnir voru einkavæddir hækkaði gengi hlutabréfa í þeim nær látlaust. Hæst fór gengi hlutabréfa Kaupþings þann 18. júlí 2007 í 1281 og gengi hlutabréfa í Glitni í 30,9 tveimur dögum síðar. Hjá Landsbankanum fór gengi hlutabréfa hæst í 44,6 þann 17. október 2007. Haustið 2007 fóru að sjást blikur á lofti. Erfitt varð fyrir íslensku bankana að fjármagna sig á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og gengið tók að falla. Verulega syrti í álinn 26. september 2008 þegar Glitnir féll, en þá var gengið komið niður í 15,7. Þann 3. október voru viðskipti svo stöðvuð með bréf félaganna. Þá var gengi á hlutabréfum í Kaupþingi 654 og 19,85 í Landsbankanum en gengið í Glitni 3,91. Rétt er að taka fram að gengi í Kaupþingi miðast við hverjar 10 krónur en ekki hverja krónu nafnverðs eins og hjá hinum bönkunum.

Það vekur nokkra athygli að margir þeirra einstaklinga sem áttu stóran hlut

Skipting hlutafjár í bönkunum eftir því hvort um innlenda eða erlenda eigendur er að ræða

Upphæðir í þúsundum kr.

Nafnverð hlutafjár í árslok	Fjöldi hluthafa			Hlutafé/Stofnfé			Arðgreiðsla *			Arðgreiðslur samtals
	Glitnir	Kaupþing	Landsb.	Glitnir	Kaupþing	Landsbanki	Glitnir	Kaupþing	Landsb.	
Óskattskyldir	825	1.987	2.520	5.134.831	4.542.729	2.922.010	2.250.976	8.826.832	0	11.497.510
Einstaklingar	735	1.865	2.426	137.490	718.011	416.078	60.420	1.869.374	0	1.940.664
Lögaðilar	90	122	94	4.997.341	3.824.717	2.505.932	2.190.555	6.957.458	0	9.556.846
Skattskyldir	11.414	20.920	19.866	9.745.870	2.861.802	8.270.744	2.737.804	5.140.652	0	8.643.789
Einstaklingar	10.948	20.299	19.441	1.341.652	614.020	698.876	506.231	1.546.875	0	2.345.276
Lögaðilar	466	621	425	8.404.218	2.247.782	7.571.868	2.231.572	3.593.777	0	6.298.513
Samtals	12.239	22.907	22.386	14.880.701	7.404.531	11.192.754	4.988.779	13.967.484	0	20.141.299

* Arður greiddur hluthöfum í árslok 2008

Í bönkunum í árslok árið 2007 losuðu sig við hlutabréf sín fyrir hrúnið. Margir þessara einstaklinga hafa þannig ýmist innleyst hagnað eða bjargað því sem bjargað varð rétt fyrir hrúnið. Þetta á aðallega við stærri hluthafa en um helmingi færri einstaklingar áttu meira en 500 þúsund kr. að nafnvirði í Landsbankanum og Kaupþingi í árslok 2008 en 2007. Af þeim 230 sem áttu meira en 500 þúsund að nafnvirði í Landsbankanum í árslok 2007 höfðu 109 ýmist losað sig við hlutabréfin eða selt stóran hluta eignar sinnar áður en bankakerfið hrundi. Meira en helmingur þeirra sem áttu meira en 500 þúsund að nafnvirði í Kaupþingi, eða 87 af 166, höfðu selt hluta eða öll hlutabréf sín í félaginu fyrir árslok 2008. Stórir hluthafar voru þannig mun virkari en litlir hluthafar, sem er skiljanlegt í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi voru. Þó voru augljóslega margir sem sátu uppi með hlutabréfin þegar fallið reið yfir og töpuðu þeir sumir stórfé. Við hrúnið var markaðsverð hlutabréfanna mjög mismunandi og því var 500 þúsund kr. hlutur í Kaupþingi ekki sambærilegur við 500 þúsund króna hlut í Landsbankanum eða Glitni.

Tapið dreifðist á marga

Þúsundir einstaklinga töpuðu hlutafé sínu í bönkunum. Í árslok 2008 sendu bankarnir þrjár 55.714 tilkynningar um eignarhlut til einstaklinga og 1.818 til lögaðila. Á þeim tíma var, eins og gefur að skilja, hluturinn einskis virði enda bankarnir komnir í þrot. Alls áttu 44.819 einstaklingar og lögaðilar hlut í einhverjum bankanna eða öllum bönkunum. Þar af áttu 43.530 ein-

staklingar hlut í einum eða fleiri bankanna. Langflestir þessara hluthafa áttu þó aðeins lítinn hlut í bönkunum, minna en 10 þúsund krónur að nafnvirði.

Bankarnir voru að stærstum hluta í eigu lögaðila. Í árslok 2008 áttu einstaklingar 9,9% hlut í Glitni, 18% hlut í Kaupþingi og 10% hlut í Landsbanka Íslands. Eignarhlutur einstaklinga í bönkunum hafði þá farið minnkandi.

Sumir töpuðu miklu

Margir urðu fyrir tilfinnanlegu tjóni við hrún bankanna. Það vekur þannig athygli



Bróðurpartur hlutafjár í bönkunum var í eigu lögaðila. Tíu lögaðilar áttu t.d. meira en 100 milljóna króna hlut í Kaupþingi en nafnverð hlutarins var rúmum fimm milljarðar

að 79 einstaklingar, sem hver um sig átti stærri en 500 þúsund kr. eignarhlut í Kaupþingi áttu samanlagt rúman milljarð í bankanum að nafnvirði. Þetta eru 78,7% þess hlutafjár sem var í höndum einstaklinga. Þá eru auðvitað ekki taldir með þeir fjölmörgu einstaklingar sem hafa stofnað félag um fjárfestingastarfsemi sína. Sum þessara félaga áttu hlut í bönkunum sem

var tugmilljóna króna virði aðeins nokkrum dögum fyrir bankahrúnið.

Sem fyrr segir var bróðurpartur hlutafjár í bönkunum í eigu lögaðila. Tíu lögaðilar áttu t.d. meira en 100 milljóna króna hlut í Kaupþingi en nafnverð hlutarins var rúmum fimm milljarðar. Nafnverð hlutafjár í Kaupþingi var rúmum 7,4 milljarðar þannig að rúm 68,3% hlutafjár í bankanum var í eigu þessara tíu lögaðila sem hver um sig átti meira en 100 milljónir að nafnvirði í bankanum. Af þessum fimm milljörðum voru rúmum 4,2 í eigu fimm aðila sem ekki voru skattskyldir hér á landi. Staðan var ekki ósvipuð hjá hinum bönkunum. Tíu stærstu eigendur Glitnis áttu 8,3 milljarða í bankanum eða rétt rúm 56% hlutafjár. Þar af voru rúmum 4,5 milljarðar í eigu erlendra aðila. Tíu stærstu hluthafarnir áttu rúma 7,9 milljarða í Landsbankanum, sem er 69,5% hlutafjár í bankanum. Þar af voru rúmum 2,2 milljarðar í eigu fimm aðila sem ekki eru skattskyldir hér á landi. Fyrir utan stóru hluthafana átti fjöldi fyrirtækja, opinberra aðila og félagasamtaka sem eru ekki í eiginlegri fjárfestingastarfsemi hlut í bönkunum. Í flestum tilvikum er þó aðeins um lítinn hlut að ræða.

Stór hluti í eigu erlendra aðila

Stór hluti hlutafjár í bönkunum var í eigu aðila sem ekki eru skattskyldir hér á landi. Samkvæmt hlutafjármiðum sem bankarnir sendu ríkisskattstjóra vegna hlutafjáreignar í árslok 2008 var 34,5% hlutafjár í Glitni, 61,4% hlutafjár í Kaupþingi og 26,1% hlutafjár í Landsbankanum í eigu aðila sem ekki eru skattskyldir hér á landi. Erlendir lögaðilar áttu 33,6% hluta-

fjár í Glitni, 51,6% hlutafjár í Kaupþingi og 22,4% hlutafjár í Landsbankanum. Þessir lögaðilar áttu þannig stóran hlut í bönkunum og sumir í öllum bönkunum þremur. En eins og kunnugt er eru einhver, ef ekki mörg, þessara félaga í eigu Íslendinga sem af ýmsum ástæðum kjósa að eiga í íslenskum félögum gegnum erlend eignarhaldsfélög.




Margir þessara hluthafa fengu greiddan arð af eign sinni í bönkunum árið 2008, rétt fyrir hrunið. Af þeim rúmlega 20 milljörðum sem Kaupþing og Glitnir greiddu í arð árið 2008 voru tæpir 11,5 milljarðar greiddir aðilum sem ekki eru skattskyldir hér á landi. Þetta eru 57,1% arðgreiðslanna. Landsbankinn greiddi engan arð af hlutafé árið 2008. Margir þeirra sem fengu greiddan arð höfðu losað sig við hlutabréfin fyrir hrunið. Hér er um að ræða 4.009 einstaklinga og lög- aðila, 3.812 innlenda og 197 erlenda.

Áfall fyrir þjóðina

Bankarnir voru mjög umsvifamiklir í íslensku þjóðlífi. Við fall þeirra töpuðu tugir þúsunda Íslendinga hlutafé sínu sem hafði nokkrum mánuðum fyrir hrun verið metið á margföldu nafnverði. Margir einstaklingar sem lagt höfðu stóran hluta ævisparnaðar síns í hlutabréfakaup í bönkunum sem af mörgum voru taldir örugg fjárfestingar urðu fyrir verulegum búsifjum. Aðrir töpuðu minna.

Verð hlutabréfa byggir iðulega á væntingum um hagnað í framtíðinni og þeir sem kaupa hlutabréf taka því ákveðna áhættu. Hugsanlega hafa margir sem áttu eða keyptu hlut í bönkunum hvorki vitað hvernig horfði í heimi alþjóðlegra fjármála né heldur gert sér fulla grein fyrir stöðu og horfum íslensku bankanna þegar ákveðið var að freista gæfunnar með kaupunum. Þegar upp var staðið reyndust væntingar um góðan gróða í framtíðinni vera tálsýn. Tapið var hins vegar raunveruleiki. Það er ekki gott að segja hversu mikið tjónið hefur verið fyrir hvern og einn, hversu miklu var til kostnað, hvað menn greiddu fyrir hlutinn, hversu þungt hlutabréfin vógu í eignasafni fólks eða hvernig kaupin voru fjármögnuð. Það er hins vegar ljóst að margir töpuðu miklu í hruninu, sumir jafnvel gríðarlega miklu. Fólk er misjafnlega í stakk búið til að takast á við þetta áfall en tap ákveðinna einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum hlýtur hins vegar að teljast fremur léttvægt í ljósi þess gríðarlega áfalls sem hrun íslensku bankanna var fyrir landið.

Fjöldi hluthafa og nafnverð hlutafjár í eigu einstaklinga í árslok 2008



Fólkið á vaktinni

Úrskurðadeild

Úrskurðadeild er ein þriggja eininga á stjórnáslusviði ríkisskattstjóra. Verkefni deildarinnar eru margbreytileg en í megindráttum má segja að undir verksvið hennar falli fyrst og fremst verkefni sem lúta að heimfærslu málsatvika undir gildandi rétt við skattákvæðanir í málum sem beinast gegn einstökum gjaldendum.

Starfsmenn úrskurðadeildar fara yfir þau mál sem berast frá skattrannsóknarstjóra ríkisins og taka ákvörðun um hvort tilefni sé til endurákvörðunar á opinberum gjöldum, virðisaukaskatti og/eða staðgreiðslu. Sé tilefni talið til endurákvörðunar er gjaldanda tilkynnt um þær breytingar sem fyrirhugað er að gera og andmælafræstur veittur í samræmi við lög. Að andmælafræsti loknum er málið tekið til úrskurðar að teknu tilliti til framkominna andmæla ef tilefni er til.

Fjöldamörg erindi berast þar sem skattaðilar fara fram á að skattar þeirra verði endurreiknaðir. Ástæður þess að óskað er eftir endurupptöku eru margar og mismunandi. Almennt má segja að skattaðili eigi rétt á endurupptöku geti hann sýnt fram á að mistök hafi orðið í framtalsgerð, ný gögn leiði til þess að leiðrétta þurfi áður innsendar skýrslur eða framtöl o.s.frv. Í samræmi við það sjónarmið að skattstjór-

um beri að sjá um frumálagningu opinberra gjalda eru öll erindi þar sem óskað er eftir að innsent skattframtal verði lagt til grundvallar álagningar opinberra gjalda í stað áætlunar framsend skattstjörum til afgreiðslu. Endurákvörðunarerindum hefur fjölgað mikið og má rekja fjölgunina til þess að Tryggingastofnun ríkisins endurreiknar bætur til sinna bótaþega eftir að álagning opinberra gjalda liggur fyrir. Endurreikningur bótanna leiðir í ljós að einhverjir hafa fengið of háar bætur og aðrir of lágar. Skattframtöl viðkomandi skattaðila þarf að leiðrétta til samræmis við þær bætur sem raunverulega fást eftir endurreikning og sjá starfsmenn úrskurðadeildar um þá leiðréttingu sem snýr að skattframtölunum.

Í lögum er kveðið á um að tilteknir úrskurðir skattstjóra séu kærnanlegir til ríkisskattstjóra. Má sem dæmi nefna úrskurði um fyrirframgreiðslu barna- og

vaxtabóta, um sérstaka endurgreiðslu virðisaukaskatts, um fyrirframgreiðslu þinggjalda og um ákvörðun reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu. Undir verksvið úrskurðadeildar fellur að úrskurða um þær stjórnáslukærur sem berast embættinu. Ennfremur má nefna að úrskurðum skattstjóra um ívilnun má skjóta til ríkisskattstjóra og úrskurðar úrskurðadeild þegar svo ber undir.

Úrskurðadeild hefur umsjón með þeim kaupréttaráætlunum sem berast ríkisskattstjóra til staðfestingar sbr. 10. gr. tekjuskattslaga. Þá hefur deildin úrskurðarvald vegna umsókna um endurgreiðslu á staðgreiðslu vegna náms, veikinda, slysa, aldurs eða fráfalls maka. Ennfremur afgreiðir deildin umsóknir um undanþágur frá afdrætti fjármagnstekjuskatts.

Samkvæmt lögum ber ríkisskattstjóra að hafa eftirlit með iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóði. Vegna þessa lögbundna verkefnis safnar úrskurðadeild saman upplýsingum um greidd iðgjöld úr framtölum og ber þær saman við upplýsingar um greiðslur sem berast frá lífeyrissjóðunum. Komi í ljós að skattaðili hafi ekki greitt í lífeyrissjóð skv. lögum er ábendingu um það komið á framfæri við viðkomandi lífeyrissjóð eða söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Starfsfólk úrskurðadeildar er í nánú samstarfi við aðrar einingar á stjórnáslusviði, lögfræðideild og alþjóðamál, sem og aðrar deildir hjá embættinu. Mikil samskipti eru milli starfsfólks deildarinnar og þeirra sem starfa í þjónustuveri ríkisskattstjóra enda er starfsfólk deildarinnar á vakt vegna fyrirspurna og álitafna sem beint er þangað.

GJJ

Starfsmenn deildarinnar eru talið frá vinstri Guðrún Jenný Jónsdóttir, Viðar Jónsson, Anna María Baldvinsdóttir, Kjartan Sturluson, Margrét Ríkarðsdóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, Andrea Laufey Jónsdóttir, Reynir Jóhannesson, Albert B. Oddsson og Örn Gíslason.





Starfsmenn vélbúnaðardeildar, Elín G. Helgadóttir, Robert Biglio og Brigitte M. Jónsson.

Vélbúnaðardeild

Á tækni- og skipulagssviði ríkisskattstjóra er margvíslegum verkefnum sinnt. Tæknihluti sviðsins samanstendur af tveimur deildum, vélbúnaðardeild og hugbúnaðardeild. Deildirnar sinna upplýsingatæknimálum embættisins og skattkerfisins í heild og bera hitann og þungann af lausnum þeirra verkefna sem tengjast upplýsingatækninni. Vélbúnaðardeildin er staðsett á 5. hæð Laugavegsálmur hússins að Laugavegi 166.

Vélbúnaðardeild fer með vélbúnaðarmál, rekstur á tölvum og staðalhugbúnaði sem á þeim er keyrður, staðarnet RSK og víðnet skattkerfisins, skrifstofukerfi og notendaþjónusta. Hún gerir áætlanir og undirbýr samninga um kaup á vélbúnaði og sér um framkvæmd þeirra. Starfsmenn í vélbúnaðardeild eru samtals þrír og deildarstjóri er Brigitte M. Jónsson.

Eitt af mikilvægustu verkefnum vélbúnaðardeildar er að sjá um rekstur víðnets skattkerfisins. Reksturinn nær til allrar grunnþjónustu, þ.e. reksturs á staðarnetum, reksturs alls miðlægs tölvubúnaðar og hugbúnaðar, notendaþjónustu og eftirlits. Þá hefur deildin umsjón með rekstri Lotus Notes ásamt tilheyrandi kerfum. Með aukningu verkefna í vélbúnaðardeild hefur verið reynt að hagnýta sem mest þá sjálfvirkni sem kerfin bjóða upp á. Stefna vélbúnaðardeildar er að stuðla að því að bestu lausnir séu ávallt valdar á hverjum tíma og eru í því sambandi sérstaklega skoðuð atriði er varða kostnað, tæknilega högun, samræmingu við önnur kerfi og

rekstrarhagkvæmni. Undanfarnar vikur og mánuði hefur staðið yfir undirbúningur að flutningi tölvuvers ríkisskattstjóra innan húsnæðisins að Laugavegi 166. Nú hefur verið sérinnréttað húsnæði þar sem öllum þörfum nútíma tölvurekstrar er mætt og kröfur uppfylltar um öryggi rekstrar og húsnæðis. Starfsmenn vélbúnaðardeildarinnar hafa lagt gjörva hönd á plóg við undirbúninginn og ekki síður við flutningana sjálfa sem stóðu yfir frá miðjum apríl og fram í síðustu viku aprílmánaðar.

Starfsmenn deildarinnar leggja mikinn metnað í að veita öllum starfsmönnum skattkerfisins góða þjónustu. Reynsla þeirra, kunnátta og þekking er ákaflega mikil enda hafa þeir starfað að þessum verkefnum samanlagt í meira en hálfa öld. Töluverð samskipti eru við aðra starfsmenn skattkerfisins, einkum vegna uppsetninga á tölvum og tölvukerfum en einnig við leiðbeiningar og kennslu í notkun vélbúnaðar og staðalhugbúnaðar. Kerfisbundið er unnið að bættri starfsaðstöðu starfsmanna skattkerfisins og má í því sambandi nefna

að á síðasta ári var skipt út litlum skjám fyrir stærri skjái eða viðbótarskjái hjá mörgum starfsmönnum kerfisins.

Meðal margra verkefna vélbúnaðardeildar er að sjá um samninga m.a. vegna gagnaflytninga og víðnets skattkerfisins. Á síðasta ári var undirritaður nýr þjónustusamningur við Símann og var markmiðið að fá hraðvirkari tengingar á betra verði.

Stöðugt er leitað leiða til að bæta rekstraröryggi tölvukerfa hjá embættinu og í því sambandi má nefna endurnýjun á Lotus Notes þjóni hjá ríkisskattstjóra á síðasta ári en kerfið er nú uppsett á tveimur þjónum, s.k. speglakerfi þar sem annar þjónninn er í biðstöðu og tekur við ef hinn bilar. Þá er á stefnuskrá vélbúnaðardeildar að fækka þjónum enn frekar. Hugbúnaður fyrir sýndarþjóna hefur verið skoðaður og var fjárfest í vél- og hugbúnaði í lok síðasta árs. Markmiðið er að byggja enn frekar upp þróunar- og prófunarumhverfi fyrir mikilvægustu tölvukerfin og aðgreina rekstur þeirra frá raunumhverfi.

JPS

Nýr vefur www.tiund.is og endurbætur á öðrum

Í marsmánuði var opnaður nýr vefur fyrir Tíund, fréttablað ríkisskattstjóra, en blaðið hefur notið vaxandi vinsælda undanfarin misseri. Auk þess var þjónustuvefurinn skattur.is endurbættur sem og vefur skattalagasafns RSK.

www.tiund.is

Tíund, fréttablað ríkisskattstjóra, hefur verið gefin út allt frá árinu 1987 sem þýðir að blaðið hefur komið út í 22 ár. Á þeim tíma hefur blaðið tekið ýmsum breytingum, bæði útlits- og efnislega. Í upphafi kom blaðið út sem áttblöðungur í litlu broti. Árið 1991 var blaðið komið í núverandi brot og nokkrum árum síðar var það prentað í lit.

Á undanförunum misserum hefur blaðið verið stækkað töluvert og hafa vinsældir þess vaxið. Á árinu 2007 var það 32 blaðsíður en er nú komið í 48 blaðsíður.

Til að bæta aðgengi að blaðinu og dreifingu þess hefur ríkisskattstjóri nú opnað sér vefsíðu fyrir blaðið á slóðinni www.tiund.is. Þar er blaðið aðgengilegt í nýrri og mjög notendavænni útgáfu þar sem hægt er að fletta því á einfaldan hátt sem og leita í því. Einnig er hægt að senda einstakar síður í tölvupósti eða sækja þær á PDF-formi.

Nýjustu eintök Tíundar verða aðgengileg á þessu nýja formi en eldri eintök blaðsins verða á PDF-formi líkt og verið hefur.

Ríkisskattstjóri vonast til að þessi nýja þjónusta falli lesendum blaðsins vel.

www.skattur.is

Við opnun vefframalsins þann 1. mars sl. var endurbættur þjónustuvefur tekinn í notkun á www.skattur.is. Megin breytingin felst í útliti vefsins þar sem búið er að samræma útlit þjónustuvefsins við aðra rafræna þjónustu síðunnar. Á vefnum er að

finna alla rafræna þjónustu skattyfirvalda á einum stað líkt og umsókn um veflykla fyrir erlendis búsetta, dánarbú og þá sem hafa týnt veflyklinum sínum. Jafnframt er hægt að sækja um skattkort, fá lengri framtalsfrest, nálgast framtalsleiðbeiningar o.fl. tengd atriði.

Framtalsleiðbeiningarnar hafa einnig verið uppfærðar á rafrænu formi en þær má m.a. nálgast á slóðinni www.rsk.is/framtalsleidbeiningar.

Skattalagasafn RSK

Þann 5. mars sl. var nýtt og endurbætt skattalagasafn tekið í notkun á vef ríkisskattstjóra á slóðinni www.rsk.is/skattalagasafn, en safnið var endurhannað frá grunni, bæði útlitslega og tæknilega. Í skattalagasafninu er að finna heildarsafn gildandi laga, reglugerða, reglna o.fl. er varða beina og óbeina skatta, álagningu opinberra gjalda, ársreikninga, bókhald o.fl.

Lagasafninu er skipt upp í samræmi við útgefnaðar bækur. Í fyrsta lagi tekjuskatt, í öðru lagi virðisaukaskatt, vörugjöld og bifreiðaskatta og í þriðja lagi ársreikninga og bókhald. Einnig er hægt að skoða lagasafnið í heild sinni. Í því er leitarvél þar sem hægt er að leita í öllu safninu eða takmarka leitina við lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli.

Nú er mun einfaldara en áður að uppfæra lagasafnið og verður það gert reglulega.



Í dag er 14. apríl 2009

- Fréttir
- Skattframtal 2009
- Leitastjórnir
- Skattframtal 2009
- Vefurinn
- Tilvitnir vefurinn
- Fréttir og fréttir
- Fréttir
- Fréttir



Vefframtal 2009 var opnað 1. mars

Rafraen samkipti við skattfrávirvöld
Á skattur.is getur þú sannað námost öllum samkiptum við skattfrávirvöld s.s. tölur fram, fengið skilríki, sýnað skattgæmslu og sýnað virðisbæturskatt og staðgreiðslu.

Skattadagatalið
14. apríl - Skattadagur á endurgreiðslustofnu vörugjalds fyrir jan.-feb. 2009.
15. apríl - Eindagur staðgreiðslu vegna mars.
28. apríl - Gjaldsdagur vörugjalds, innviðagjalds og skattgjalds fyrir jan.-feb. 2009.
1. maí - Greiðsla barnabóta fyrir 2. ársþéttning.

Uppfýsingavefur RSK

Innskráning

Kennitala:

Vefskrá:

Tölur vafstúl:

Innskráning

Skattframtal Staðgreiðsla - Virðisbæturskattur Launamáður - Ársreikningar

Innskráning með rafrænum skattframtali

skattur.is

RSK Skattalagasafn

Heildirafnaskattur Tekjuskattur Virðisbæturskattur, vörugjöld og bifreiðaskattur Bókhald og ársreikningar

Prenta Let

Heim Log | Reglugerðir | Aðgöngingar, reglur o.fl.

Skattalagasafn

Frumvörp til laga
Hér er að finna frumvörp til laga um breytingar á lögum í skattalagasafninu.

Hér er að finna heildirafn gildandi laga, reglugerða, reglna o.fl. er varða beina og óbeina skatta, lágningsopinberra gjalda, ársreikninga, bókhald o.fl.

Yfirlit yfir gildisdagsetningar og breytingar
Hér er að finna yfirlit yfir gildisdagsetningar og breytingar á skattalögum.

Lagasafninu er skipt upp í samræmi við útgefna bækur, í fyrsta lagi tekjuskatt, í öðru lagi virðisbæturskatt, vörugjöld og bifreiðaskatta og í þriðja lagi ársreikninga og bókhald. Hér til hlíðar er hægt að velja lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli, þ.e. aðgöngingar, reglur o.b.h.

Uppfærslur
Hér er að finna yfirlit yfir nýjustu uppfærslur á skattalagasafninu.

Hægt að leita í safninu í heild sinni eða eftir lögum, reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.




Skattalagasafnið er uppfært til 7. apríl 2009.

TÍUND

Ríkisskattgjöld - Opna í sér glugga

Til baka



Þetta er þetta af þessu...
Hér er að finna...
Skattgjöld...
Skattgjöld...
Skattgjöld...



Samstarf ríkisskattstjóra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

Um samstarf ríkisskattstjóra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja...
Linn Málfríður...
Samstarf...
Samstarf...




Marreglan

Marreglan
Marreglan
Marreglan



Marreglan
Marreglan
Marreglan





Lovísa ehf. gegn íslenska ríkinu

Dómur Hæstaréttar Íslands 19. mars 2009 í máli nr. 218/2008

Í þessu máli var deilt um hvort viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald sem giltu fyrir þá sem starfa við sjómennsku hefðu næga lagastoð. Í umræddum reglum um reiknað endurgjald kom fram að reiknað endurgjald vegna viðmiðunarflokks F5 skyldi ekki vera lægra en 40% af aflaverðmæti báts.



Guðrún Jenny
Jónsdóttir

Málavextir eru þeir að L ehf. gerði út bát undir 12 brúttórúmllestum að stærð og var eigandi L ehf. eini starfsmaður félagsins. Þar sem reiknað endurgjald eigandans vegna starfa í þágu L ehf. var lægra en sem nam 40% af aflaverðmæti bátsins hækkaði skattstjóri reiknað endurgjald hans að undangenginni fyrirspurn og boðun. Að sama skapi endurákvæðaði skattstjóri tryggingagjald L ehf. vegna hækkunar á reiknuðu endurgjaldi.

L ehf. sætti sig ekki við hækkun skattstjóra og kærði úrskurðinn til yfirsattanefndar og krafðist þess að hann yrði felldur úr gildi. Yfirsattanefnd hafnaði kröfum félagsins og að fenginni þeirri niðurstöðu stefndi L ehf. íslenska ríkinu til ómerkingar á úrskurði skattstjóra.

Helstu rök stefnanda, L ehf., fyrir kröfum sínum voru í fyrsta lagi þau að framangreind regla um að reiknað endurgjald skuli vera 40% af aflaverðmæti hafi ekki lagastoð. Stjórnarskráin kveði á um að engan skatt megi leggja á nema með lögum settum af Alþingi. Stjórnvaldsfyrirmæli geti þannig aldrei verið skattlagningarheimild. Í lögum um tekjuskatt hafi verið að finna heimild fyrir ríkisskattstjóra (nú fjármálaráðherra) að

ákveða lágmarksendurgjald vegna starfa við eigin atvinnurekstur og lögaðila. Við ákvörðun endurgjaldsins beri að hafa hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf, kjarasamningum o.fl. Reglan um að reiknað endurgjald skuli vera 40% af aflaverðmæti sé ekki studd við kjarasamninga eða rannsóknir kjarrannsóknarnefndar og sé í engu samræmi við 1. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins

”

**Héraðsdómur Reykjavíkur
komst að þeirri niðurstöðu að
ekki væri unnt að sjá að
nokkur heimild eða málefna-
legar ástæður hafi staðið
til þess að ákvarða reiknað
endurgjald með þeim hætti
sem um var deilt í málinu**

enda taki það viðmið til báta þar sem áhafnarmedlimir séu yfirleitt mun fleiri en á þeim báti sem L ehf. geri út. Ekki fái staðist að skattyfirvöldum sé í sjálfsvald sett að ákveða skatt þeirra sem vinna við eigin atvinnurekstur.

Í öðru lagi kom fram hjá stefnanda að reglan bryti gegn meðalhófsreglu stjórn-sýslunnar enda miðist reglan við bestu hugsanlegu aðstæður um borð.

Í þriðja lagi rökstuddi stefnandi kröfur sínar með því að ekki hafi verið tekið nægjanlegt tillit til þeirra skýringa á því hvers vegna endurgjaldið var lægra en nefndar viðmiðunarreglur. Skattstjóra sé heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglurnar kveði á um enda komi fram fullnægjandi skýringar og rökstuðningur frá skattaðila. Stefnandi hafi stundað veiðar á sjó í um þrjú mánuði á árinu 2002. Með beitingu nemi vinna eiganda stefnanda um það bil fimm mánaða vinnu eða um 42% af fullu ársstarfi. Ekki hafi þannig verið um fullt starf að ræða. Þá hafi skattstjóri ekkert tillit tekið til afkomu rekstrarins þegar hann hækkaði reiknaða endurgjaldið.

Í fjórða lagi byggði stefnandi á því að 40% reglan valdi því að hann þurfi að greiða skatt af neikvæðum tekjum. Það leiði til eignaupptöku sem stríði gegn friðhelgi eignaréttarins.

Í fimmta lagi var á því byggt að úrskurður skattstjóra væri rangur þar sem tryggingagjald hafi verið reiknað rangt út og að hækkunin á reiknaða endurgjaldinu hafi haft í för með sér hækkun á greiðslu lífeyrismótframlags sem ekki hafi verið tekið tillit til í rekstrarreikningi.

Í sjötta og síðasta lagi byggði stefnandi kröfur sínar á því að mál hans hafi ekki hlotið réttláta málsmeðferð í skattkerfinu. Yfirsattanefnd væri í orði kveðnu óháður úrskurðaraðili en í raun liti nefndin svo á að það væri hlutverk hennar að treysta grundvöll skattákvæðana sem ekki byggjast sérstaklega á lögum.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og vísaði til þess að úrskurður skattstjóra væri í samræmi við lög. Stefndi rökstuddi sýknukröfu sína með því að samkvæmt ákvæði í lögum um tekjuskatt beri mönnum sem vinna við eigin atvinnurekstur eða við atvinnu lögaðila þar sem hann sé ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórn-

unaraðildar, að reikna sér endurgjald sem ekki skuli vera lægra en endurgjald fyrir sömu vinnu fyrir óskyldan aðila. Samkvæmt lögum hafi fjármálaráðherra, áður ríkisskattstjóri, heimild til að setja árlega viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald og að við ákvörðun lágmarksendurgjalds skuli hafa hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf. Aðeins megi víkja frá viðmiðunarreglunum til lækkunar séu færð fram viðhlítandi gögn eða að rökstuðningur réttlæti slíka ákvörðun. Stefnandi hafi ekki gert það í máli þessu.

Stefndi vísaði til þess að samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, nú lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, hafi ríkisskattstjóra verið falið að setja reglur um lágmarks reiknað endurgjald sem taki mið af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.

Stefndi benti á að sjómenn, ólíkt öðrum starfsstéttum, taki laun sín sem hlutfall af aflaverðmæti í stað fastra launa. Við útgáfu á reglunum um reiknað endurgjald hafi verið kannað hvernig lagagrundi væri háttað á skiptum á aflaverðmæti milli áhafnar og útgerðar. Í lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins sé að finna þá reglu að þegar seldur er óunninn afli hér á landi sé skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75%. Með

hliðsjón af þessum reglum og með tilliti til fjölda í áhöfn sem skiptu síðan hafi það verið talin hófleg viðmiðunarregla að allt að 40% af aflaverðmæti smábáta færi til greiðslu launa, hvort sem það væri til útgerðarmannsins sjálfs eða til háseta.

Þá benti stefndi á að útskýringar í stefnu um að ekki hafi verið um fullt starf að ræða haggi ekki niðurstöðu skattstjóra og yfirskattanefndar enda séu þær ekki studdar neinum gögnum. Stefndi benti á að einu skattarnir sem stefnanda sé gert að greiða með úrskurði skattstjóra sé hærra tryggingagjald og að sama skapi séu einu launatengdu gjöldin sem stefnanda beri að standa skil á móttframlag í lífeyrissjóð af hækkuðu reiknuðu endurgjaldi. Svo virðist sem stefnandi hafi blandað saman skyldu eiganda síns til að greiða tekjuskatt og útsvar af reiknaða endurgjaldinu við skyldu stefnanda til að standa skil á greiðslu tekjuskatts af hagnaði í rekstri. Stefndi hafnaði öðrum málsástæðum stefnanda sem röngum og órökstuddum.

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að sjá að nokkur heimild eða málefnalegar ástæður hafi staðið til þess að ákvarða reiknað endurgjald með þeim hætti sem um var deilt í málinu. Umrædd regla um að reiknað endurgjald skuli ekki vera lægra en 40% af aflaverðmæti hefði

þannig ekki lagastoð og bryti gegn stjórnarskránni.

Stefndi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Íslands sem staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með dómi sínum þann 19. mars síðastliðinn. Í dómi Hæstaréttar segir að samkvæmt 1. mgr. 59. gr. laga um tekjuskatt bar ríkisskattstjóra að hafa hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf við ákvörðun á lágmarki reiknaðs endurgjalds. Áfrýjandi, íslenska ríkið, hafi vísað til þess að tekið hafi verið mið af 1. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Að mati Hæstaréttar er ekki unnt að draga ályktanir um raunverulega hlutdeild sjómanna á aflaverðmæti enda fjalli lögin um grundvöll hlutaskipta en ekki hvað sjómenn fái í sinn hlut af skiptaverðmætinu. Ennfremur segir svo í dómi Hæstaréttar:

„Áfrýjandi hefur ekki í málatilbúnaði sínum vísað til neinnar annarrar viðmiðunar, sem stutt gæti að raunverulegar tekjur sjómanna fyrir sambærileg störf á þessum tíma hafi svarað 40% af heildarverðmæti afla. Áfrýjandi hefur því ekki sýnt fram á að þessi viðmiðun hafi haft næga stoð í áður nefndu ákvæði 1. mgr. 59. gr. laga nr. 75/1981.“

Glitnir banki hf. gegn íslenska ríkinu

Dómur héraðsdóms Reykjavíkur 22. desember 2008 í máli nr. E-16/2008

Þann 22. desember 2008 var kveðinn upp í héraðsdómi Reykjavíkur dómur í máli þar sem tekist var á um túlkun á 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Sé hlutafélagi slitið þannig að það sé algjörlega sameinað öðru hlutafélagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í félagi því sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Við slíkan samruna hlutafélaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var.“

Málavextir samkvæmt stefnanda eru þeir að í júní 2003 keypti Fjárfestingafélagið

Straumur hf. (S) 57,08% hlutfjár í Framtaki fjárfestingabanka hf. (FF). Greiddi S að 71% hluta með hlutabréfum í sjálfu sér og 29% hluta með peningum. Eftir að Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið samþykktu kaupin gerði S öllum hluthöfum í FF yfirtökutilboð. Kaupverð var greitt með sama hætti og áður, 71% í hlutabréfum í S og afgangur í peningum. Þegar þessi kaup fóru fram átti stefnandi 22,43% eignarhlut í S og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 6,28%. Í gegnum eignarhald stefnanda í Sjóvá-Almennum átti stefnandi beint og óbeint tæplega 30% hlut í S. Þann 3. desember 2003 sömdu svo stefnandi og S um kaup stefnanda á öllu hlutafé í FF. Kaupverðið var greitt með peningum sama dag og kaupin voru samþykkt. Þessu til viðbótar keypti S tilgreindar eignir af FF á bókfærðu verði. Starfsfólki FF hafi svo

fækkað jafnt og þétt og þegar á leið hafi stefnandi komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri eftirsóknarvert að reka FF sem sjálfstætt félag. Var því ákveðið að sameina stefnanda og FF. Var samrunaáætlun undirrituð í janúar 2004 og samkvæmt henni yfirtók stefnandi rekstur FF. Á skattframtali gjaldársins 2005 vegna rekstrarársins 2004 voru eignir og skuldir FF fluttar yfir til stefnanda á skattalega bókfærðu verði. Þá var yfirfærnanlegt tap FF að fjárhæð kr. 1.474.838.867, fært til frádráttar skattskyldum tekjum stefnandans. Ríkisskattstjóri hafi svo endurákvarðað opinber gjöld FF og stefnanda gjaldárið 2005 með úrskurði dags. 28. desember 2006 þar sem á því var byggt að samruni FF og stefnanda hefði ekki verið í samræmi við 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga. Í úrskurðinum kemur fram að stefnandi væri ábyrgur fyrir

ir gjaldabreytingum FF enda hefði hann við samruna félaganna tekið við skyldum og réttindum FF. Með úrskurðinum voru gerðar breytingar á tekjuskattsstofni FF og stefnanda þannig að tekjuskattsstofn FF hækkaði vegna rangra skattskila við slit á félaginu og samruna þess við stefnanda. Tekjuskattsstofn stefnanda var hækkaður vegna óheimillar nýtingar á tapi sem flutt var frá FF til stefnanda við samruna.

Stefnandi höfðaði mál fyrir héraðsdómi og krafðist þess að úrskurður ríkisskattstjóra yrði ógiltur og viðbótarálagning þannig felld niður. Stefnandi vísaði til þess að ríkisskattstjóra hefði borið að skipta málinu upp í tvo hluta þ.e. annars vegar á hendur FF og hins vegar á hendur stefnanda enda væri niðurstaða ríkisskattstjóra sú að samruni stefnanda og FF hefði ekki verið samkvæmt skattalögum og þar af leiðandi hefði stefnandi ekki tekið við skattaréttarlegum skyldum og réttindum FF við slitin. Félagaréttarlegi samruni FF og stefnanda hafi átt sér stað 1. janúar 2004 og á þeim degi hafi FF verið með eigin kennitölu og verið undir sérstakri stjórn, hefði ríkisskattstjóri því átt að beina kröfum sínum að stjórnendum þess félags.

Í öðru lagi byggði stefnandi kröfu sína um ógildinguna á því að brotið hafi verið gegn andmælarétti stefnanda þar sem ríkisskattstjóri hafi bæði byggt endurákvörðun sína á því að gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga hafi ekki verið fullnægt og að því hafi verið fullnægt. Ríkisskattstjóri hafi talið í máltilbúnaði sínum að ákvörðunarástæða stefnanda fyrir samrunanum við FF hafi verið að nýta tap FF. Stefnandi hafnaði þessu og vísaði til þess að samruninn hafi farið fram í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi. Um sama rekstur hafi verið að ræða hjá FF og stefnanda, FF hafi verið í sams konar rekstri og stefnandi fyrir sameiningu og að tapið hafi myndast í sams konar rekstri. Þá hafnaði stefnandi því að horfa ætti heildstætt á allt ferlið, þ.e. frá því að S keypti FF og þar til stefnandi keypti FF af S. Túlka verði samninga samkvæmt hefðbundnum sjónarmiðum lögfræðinnar. Þá hafi ríkisskattstjóri ekki með formlegum úrskurði hafnað því að samruni stefnanda og FF hafi verið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga.

Ennfremur kom fram hjá stefnanda að ríkisskattstjóri gæti ekki byggt endurákvörðun sína á eðli máls enda sé það ekki gild réttarheimild við skattlagningu. Jafnframt vísaði stefnandi til þess að ekki hafi

verið um úttektir á eignum úr hlutafélagi að ræða heldur yfirfærslu til yfirtökufélags í tengslum við slit þess félags sem yfirtekið var. Þá hafi samruninn óumdeilanlega verið gildur að félagarétti.

Stefndi krafðist sýknu af ógildingarkröfu stefnanda. Málavextir samkvæmt stefnda voru þeir að stefnandi keypti allt hlutafé í FF af S í desember 2003 og hafi kaupverðið verið greitt með peningum. S hafi ekki fengið greiðslu fyrir hlutina með öðru en reiðufé. Þann 1. janúar 2004 hafi FF verið sameinaður stefnanda sem hafði átt allt hlutafé í FF frá því í desember árið áður. Stefnandi hafi flutt eignir og skuldir FF yfir til sín á bókfærðu verði og nýtt uppsafnað tap FF til frádráttar í skattskilum sínum.

Stefndi vísaði til þess að í skattframkvæmd hefði verið litið svo á að hluthafar í yfirtekna félaginu, sem slitið var, fái peningagreiðslu ef yfirtökufélagið kaupir hluti þeirra og sameinist svo félaginu. Í tilviki stefnanda og FF hafi skilyrðið um gagngjald í 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga ekki verið uppfyllt. Líta yrði samfellt á allt ferlið, allt frá því að stefnandi keypti allt hlutaféð í FF af S og þar til stefnandi og FF sameinuðust. Það sé í samræmi við skattframkvæmd að horfa heildstætt til kaupa hlutafjár og eftirfarandi sameiningar. Þá sé það einnig í samræmi við raunveruleikareglu skattaréttar, þ.e. hvað gerðist raunverulega en ekki í hvaða bún-ing hlutir voru færðir. Aðferðin sem beitt var við sameiningu FF og stefnanda hafi ekki verið í samræmi við það sem boðið sé í 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga enda hefðu fyrri hluthafar FF, þ.e. hvorki S né þeir sem seldu S, fengið hluti í hinu sameinaða félagi sem gagngjald fyrir sína hluti.

Þá vísaði stefndi til þess að frekari skilyrði fyrir nýtingu taps sé að finna í 54. gr. tekjuskattslaga. Við sameiningu stefnanda og FF í byrjun árs 2004 hafi eingöngu einn starfsmaður verið við störf hjá FF og hafi hann unnið að ársuppgjöri. Þess utan hafi einn starfsmaður verið við ræstingar. Að mati stefnda fullnægir þetta ekki skilyrðum 54. gr. tekjuskattslaga um að hið yfirtekna félag verði að hafa verið í rekstri, en það er eitt af skilyrðum þess að nýta megi rekstartap. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á tilurð tapsins, þ.e. að það hafi myndast í sams konar rekstri og það var svo nýtt í.

Jafnframt vísaði stefndi til þess að eðlilegur rekstrartilgangur samruna sé að ná fram samlegðaráhrifum. Stefnandi greiddi verulegar fjárhæðir til S vegna

kaupa á hlutum í FF og þar með hafi horfið mikið fé út úr félögunum sem sameinuðust. Aldrei hafi þannig orðið algjör samruni eiginfjár stefnanda og FF þar sem eigið fé stefnanda skertist sem nam greiðslunni til S fyrir hlutabréfin. Gagn-gjaldsskilyrði tekjuskattslaga og venjulegur og eðlilegur rekstrartilgangur með samruna geri einmitt ráð fyrir að þetta gerist ekki.

Stefndi vísaði því á bug að stefnandi hefði getað verið í vafa á hverju ríkisskattstjóri byggði máltilbúnað sinn. Umboðsmenn stefnanda, færustu fagmenn, hafi svarað og hvergi í svörum þeirra sjáist merki um að þeir hafi verið í vafa um máltilbúnað ríkisskattstjóra.

Ennfremur vísaði stefndi til þess að ólíklegt sé að eignatengsl og samtvinnun viðskipta milli stefnanda og S hafi verið jafn mikil og skipti jafn miklu máli og stefnandi vilji vera láta. Þá bendi frétt sem birtist á fréttavef Kauphallar Íslands þann 3. desember 2003 um kaup stefnanda á FF til að þá hafi legið fyrir ákvörðun um að sameina FF og stefnanda.

Fjölskipaður héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að ríkisskattstjóra hefði verið rétt að beina úrskurði sínum að stefnanda í stað þess að skipta málinu upp eins og krafist var. FF var sameinaður stefnanda þann 1. janúar 2004 og voru eignir og skuldir færðar í samrunaefnahagsreikning félaganna þann dag og tók stefnandi við eignum og skuldum félagsins sama dag. Héraðsdómur taldi að við úrlausn málsins yrði að leggja til grundvallar að stefnandi hafi keypt öll hlutabréfin í FF og samhliða selt S þær eignir sem lá fyrir að féllu að starfsemi S. Þá vísaði héraðsdómur til þess að samkvæmt greinargerð bankaráðs stefnanda frá því í janúar 2004 verði engir hlutir gefnir út í tengslum við sameiningu FF og stefnanda, hlutafé stefnanda verði óbreytt en hlutafé FF falli niður. Samkvæmt þessu hafi stefnandi fengið gagngjald fyrir hlutafé sitt í FF við samrunann, það sem leiddi af yfirfærslu eigna og skulda félagsins til stefnanda. Héraðsdómur taldi þennan framgangsmáta við samrunann jafngilda því að stefnandi hafi sem hluthafi allra hluta í FF eingöngu fengið hlutabréf stefnanda sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í félaginu sem var slitið og þar með hafi skilyrðum 1. mgr. 51. gr. tekjuskattslaga verið fullnægt.

Úrskurðir



Bragi Freyr
Kristbjörnsson



Runólfur
Vígússon

245/2008

Oliugjald – körfubíll – sekt – skráningarskylda

Ríkisskattstjóri ákvarðaði kæranda sekt vegna brota á lögum um oliugjald. Ríkisskattstjóri taldi að skilyrði fyrir undanþágu frá oliugjaldi skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004 væru ekki uppfyllt í tilviki kæranda þar sem umrædd ökutæki hefðu ekki verið skráð hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota, sbr. áskilnað þar að lútandi í 4. mgr. 4. gr. greindra laga. Óumdeilt var í málinu að slíkrar skráningar hafði ekki verið aflað vegna ökutækjanna þegar eftirlitsmenn Vegagerðarinnar tóku sýni úr eldsneytisgeymum ökutækjanna. Voru því lagaskilyrði til beitingar sektar samkvæmt 5. mgr. 19. gr. laganna í tilviki kæranda.

Kröfum kæranda um niðurfellingu sektarákvörðunar var hafnað.

Í þessum úrskurði staðfesti yfirskattanevnd það ófrávíkjanlega skilyrði fyrir undanþágu gjaldskyldu til oliugjalds að bifreiðar af þeim toga sem um er að ræða þurfi að vera skráðar hjá Umferðarstofu sem ökutæki til sérstakra nota og bera sérstök skráningarmerki til staðfestingar á því.

259/2008

Opinber gjöld – miskabætur – starfslokasamningur

Ágreiningur í máli þessu varðaði þá ákvörðun skattstjóra að færa kæranda til tekna í skattframtali hans greiðslu sem kærandi fékk á grundvelli starfslokasamnings. Um skattskyldu greiðslunnar vísaði skattstjóri til 2. tölul. A-liðar 7. gr. tsl. Kærandi taldi hins vegar að umrædd greiðsla væri undanþegin skattskyldu samkvæmt 2. tölul. 28. gr. þág. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem um miskabætur væri að ræða. Í úrskurði yfirskattanevndar kom fram að við úrlausn á því hvort greiðsla samkvæmt samkomulagi gæti talist undanþegin skattskyldu á þeim grundvelli að um miskabætur væri að ræða, yrði ávallt að meta sjálfstætt hvers eðlis greiðslan sé, þ.e. hvort unnt sé að líta svo á að um sé að ræða bætur fyrir miska. Nafngift greiðslu samkvæmt samkomulagi réði ekki úrslitum þar um. Kærandi gat ekki sýnt fram á að hafa orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni vegna meintrar ólögðrar uppsagnar. Að mati yfirskattanevndar lutu allar röksemdir kæranda að því fjárhagslega tjóni sem hann varð fyrir en ekki ófjárhagslega sem miskabætur hefðu átt að bæta. Ekki var því sýnt fram á að hin umdeilda „miskabótageiðsla“ hafi átt að vera undanþegin skattskyldu og því var aðalkröfu kæranda hafnað.

Kærandi gat ekki sýnt fram á að hann hefði orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni vegna starfslokanna. Umræddar starfslokageiðslur gátu þar af leiðandi ekki talist bætur fyrir miska. Horft var framhjá nafngift greiðslunnar og litið svo á að um venjulega starfslokageiðslu væri að ræða og skattskylda hennar var því staðfest.

264/2008

Opinber gjöld – vextir af skuld félags við eiganda – tímamark endurákvörðunar – kúlulán

Deilt var um þá ákvörðun skattstjóra að lækka vaxtatekjur og hækka tekjuskatts- og útsvarstofn kæranda. Ákvörðun sína byggði skattstjóri á ákveðnum viðskiptum kæranda við félag í hans eigu og taldi að líta yrði á þau sem óvenjuleg skipti í fjármálum, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.). Taldi skattstjóri að raunverulegur tilgangur með viðskiptunum hefði verið sá að lækka skattgreiðslur kæranda. Í málinu kom fram að um væri að ræða skuldabréf sem félagið gaf út til kæranda að fjárhæð 2.500.000 kr. Af skuldabréfinu, sem var til fjórtán og hálf árs, átti skuldarinn að greiða 150.000 kr. í þóknun á mánuði, sem svarar 72% ársvöxtum, og skyldi bréfið greiðast í einu lagi hinn 31. ágúst 2015. Yfirskattanevnd taldi ekki að greiðslurnar gætu fallið undir lög- mæta úthlutun fjármuna félagsins og staðfesti niðurfellingu vaxtagjalda félagsins og skattlagningu greiðslanna sem laun hjá kæranda.

Niðurstaða yfirskattanevndar í máli þessu er í samræmi við úrskurðaframkvæmd og staðfestir úrskurðurinn að ríkar formkröfur séu gerðar í málum af þessum toga.

286/2008

Opinber gjöld – ófyrnanleg réttindi – fiskveiðiheimildir – sölutap – stofnverð

Ágreiningur þessa máls laut í meginatriðum að því hvort kæranda væri heimilt við uppgjör sölutaps vegna sölu báts án veiðiheimildar að telja með stofnverði bátsins þann hluta kaupverðs hans sem jafngilt andvirði veiðiheimilda sem honum fylgdu við kaupin. Kröfu sína byggði kærandi á ákvæði 2. mgr. 48. gr. tsl. þar sem fram kemur að heimilt sé að telja keypt leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. 5. gr. laga nr. 38/1990 til stofnkostnaðar með því skipi sem það er tengt. Í tilviki kæranda var aðeins um að ræða sölu báts á árinu 2004, en ekki um sölu veiðiheimilda er honum



tengdust, sem honum voru úthlutaðar á grundvelli laga nr. 74/2004. Við ákvörðun á stofnverði bátsins taldi yfirsattanefnd að með tilliti til uppgjors sölutaps gæti verðmæti veiðheimildanna ekki skipt neinu máli, sbr. 2. mgr. 13. gr. tsl. Kröfum kæranda var þar með hafnað.

Með 50. gr. A laga nr. 75/1981, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1997, var tekið af skarið um það að keyptan rétt til nýtingar á náttúruauðæfum, svo sem keypta varanlega aflahlutdeild og sambærileg réttindi, væri hvorki heimilt að fyrna né gjaldfæra, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. laga nr. 90/2003. Túlkun kæranda á umræddum lagaákvæðum var talin fara þvert á tilgang laga nr. 118/1997, svo sem hann kemur fram í lögskýringargögnum, auk þess sem hún var ekki talin samþýðast orðalagi ákvæðanna.

287/2008

Opinber gjöld – ökutækjastyrkur – full afskrift tveggja bifreiða

Deilt var um þá ákvörðun skattstjóra að hlutfalla afskriftir tveggja bifreiða sem kærandi notaði í þágu launagreiðanda síns eftir notkun þeirra. Kærandi hafði á skattframtali sínu krafist fullrar afskriftar fyrir báðar bifreiðarnar.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að líta verði svo á að árlegri afskrift ökutækis sem lið í heildarrekstrarkostnaði þess samkvæmt matsreglum fjármálaráðherra sé fyrst og fremst ætlað að endurspegla verðmætarýrnun ökutækis samfara eðlilegri notkun þess og aldri. Væri þannig frekast um að ræða ígildi almennrar fyrningar samkvæmt almennum reglum tsl. Með vísan til þessa og hins fortakslausa ákvæðis í skattmatsreglum árið 2006 var þeirri aðalkröfu kæranda, um að heimila fasta afskrift beggja bifreiða, hafnað. Hins vegar var fallist á þá varakröfu kæranda að fyrna aðra bifreiðina fullri afskrift en hina ekkert, í stað

hlutföllunar afskriftar eftir akstri hvorrar bifreiðar um sig. Í skattmatsreglum kæmi hvergi fram áskilnaður um að skipta bæri árlegri afskrift bifreiðar hlutfallslega milli bifreiða í þeim tilvikum þegar fleiri ökutæki en eitt eru notuð til aksturs í þágu launagreiðanda allan ársins hring.

Í reglum um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2009 er heimiluð hlutfallsleg árleg afskrift sem nemur nýtingu mest einnar bifreiðar í eigu launþega.

308/2008

Sala hlutabréfa – dulinn arður – afturvirk skattlagning

Kærandi hafði ásamt öðrum keypt hlutabréf í BNA-félagi þann 1. apríl 2000 að nafnvirði 13.333 bandaríkjadalir fyrir 1.000.000 kr. hvor um sig. Þeir seldu svo félagi í þeirra eigu þann 31. desember 2001 hlutabréfin á genginu 5,4375 fyrir samtals 15.000.000 kr. miðað við gengið 103,45 á bandaríkjadal. Félagið greiddi fyrir hlutabréfin með lækun skuldar á tilteknum reikningum. Skattstjóri taldi að hlutabréfin hefðu verið seld félaginu á yfirverði og þar sem rekstrarlegar forsendur væru ekki að baki kaupunum væri um dulinn arð að ræða. Skattstjóri byggði ákvörðun sína um að söluverð hlutabréfanna væri of hátt á 2. mgr. 57. gr. tsl.

Yfirsattanefnd taldi, með hliðsjón af viðteknum sjónarmiðum, að skýra ætti ákvæði 2. mgr. 57. gr. tsl. þröngt gagnvart almenna ákvæði 1. mgr. lagagreinarinnar og vísaði í því sambandi í nokkra úrskurði yfirsattanefndar. Segir m.a. að ákvæðið hafi verið talið taka bæði til þess þegar hluthafi kaupir eignir af hlutafélagi á óeðlilega lágu verði sem og þegar selt er slíku félagi á óeðlilega háu verði. Skattyfirvöldum bæri að sýna fram á með óyggjandi hætti að verð væri óeðlilega hátt og skjóta traustum stöðum undir matsverð það sem þau ákveða. Yfirsattanefnd taldi að vafasamt væri að telja að

óskyldur aðili hefði keypt framangreind hlutabréf á rúmlega fimmföldu nafnverði og taldi að ekki hefði neitt staðið því í vegi að skattstjóri ákvarðaði matsverð á þeim grundvelli sem hann gerði, enda hafði tekjuviðbót ekki verið ofákvörðuð.

Þar sem ákvæði 2. gr. laga nr. 133/2001 (breyting á 3. mgr. 1. tölul. og 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. l. nr. 90/2003) tók gildi 1. janúar 2002 og kom til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2003 var ekki unnt að beita því vegna tekna á tekjuárinu 2001 eins og skattstjóri gerði. Hér vísar yfirsattanefnd til 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar um afturvirkni skattalaga. Fór því um hinn dulda arð eftir 4. tölul. C-liðar 7. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr. l. nr. 75/1981. Niðurstaða yfirsattanefndar leiddi til að hækkun tekjuskatts- og útsvarsstofns kæranda var felld niður. Um sameiganda kæranda í þessu máli var fjallað í úrskurði nefndarinnar nr. 309/2008 og félagið sjálf í úrskurði nr. 310/2008.

Yfirsattanefnd féllst á það með skattstjóra að vafasamt væri að óskyldur aðili hefði keypt hlutabréfin á fimmföldu nafnverði og að 2. mgr. 57. gr. tsl. ætti við. Þá var tekið undir það með skattstjóra að virða bæri greiðslur félagsins í þágu kæranda til tekna hans af hlutareign hans í félaginu, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981.

310/2008

Hlutafélag – sala hlutabréfa – málamyndagerningur – afturvirk skattlagning gjaldfærslu – ómerking að hluta

Eigendur kæranda keyptu hlutabréf í félagi í eigin nafni. Sama ár seldu þeir kæranda sömu bréf á um þreföldu verði. Greitt var með því að jafna út skuld eigenda við kæranda. Ári síðar afskrifaði kærandi hlutafé sitt í félaginu, enda varð félagið gjaldþrota fyrir á því ári. Yfirsattanefnd féllst á með

skattstjóra að um málamyndagering hafi verið að ræða, sbr. 57. gr. tsl., enda var sýnt fram á að tilgangur kaupanna hafi verið að nýta frádráttarmöguleika rekstraraðila, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 31. gr. sömu laga.

Kærandi hafði einnig keypt hlutabréf í öðru félagi af eigendum þess á nær fimmföldu verði með sama hætti, þ.e. greiddi fyrir bréfin með niðurfellingu skuldar samkvæmt öðrum reikningum en í fyrri tilvikinu. Á grundvelli niðurstöðu yfirsattanefndar í máli 308/2008 var úrskurður skattstjóra felldur úr gildi hvað varðar þetta félag.

Talið var að þar sem 1. mgr. 57. gr. tsl. tæki til samnings aðila kæmi frádráttarheimild 2. mgr. 5. tölul. 31. gr. sömu laga ekki til álitu í tilviki kæranda.

9/2009

Bindandi álit – innlausn hlutdeildarskírteina – staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts

Umboðsmaður kæranda óskaði eftir bindandi álitu ríkisskattstjóra vegna samninga um reglubundinn sparnað kæranda. Óskað var álits á því hvort fyrirhugaðar ráðstafanir hefðu í för með sér að:

1. fjármagnstekjur kæranda, fallnar á inneign hans við flutning milli sjóða, teldust til skattskyldra tekna og hvort hann þyrfti að sæta afdrætti skatts,
2. gagnaðila bæri að halda eftir staðgreiðslu vegna inneignar,
3. endurgreiðslur umsýsluþóknunar í formi bónuss teldust til skattskyldra tekna og hvort kærandi þyrfti að sæta afdrætti skatts,
4. gagnaðila bæri að halda eftir staðgreiðslu af endurgreiðslu umsýsluþóknunar kæranda.

Niðurstaða ríkisskattstjóra var í stuttu máli sú að fjármagnstekjur kæranda sem féllu á inneign hans við flutning milli sjóða teldust til skattskyldra tekna á því tímamarki og bæri honum að sæta afdrætti 10% tekjuskatts af tekjunum í staðgreiðslu. Þá teldist endurgreiðsla umsýsluþóknunar í formi bónuss til skattskyldra tekna hjá kæranda þegar færsla á innstæðu milli sjóða ætti sér stað og bæri honum að sæta afdrætti skatts í staðgreiðslu af bónusunum á því tímamarki.

Yfirsattanefnd taldi að af ákvæðum 2. mgr. 8. gr. tsl., sbr. 2. mgr. 59. gr., mætti leiða að gengishækkun hlutdeildarskírteina bæri að telja til tekna við

innlausn eða sölu skírteina, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, sbr. 2. gr. 113/1996. Ljóst væri að flutningur inneignar viðskiptavinar milli sjóða ætti sér stað með innlausn hlutdeildarskírteinis í einum sjóði og ráðstöfun andvirðis í hlutdeildarskírteinum í öðrum. Var því talið að flutningur inneignar milli sjóða fæli í sér innlausn í skilningi 53. gr. laga nr. 30/2003 og fram færi sá útreikningur innlausnarvirðis sem mælt væri fyrir um í 4. mgr. framangreinds ákvæðis.

Einnig var talið að kæranda bæri að sæta afdrætti staðgreiðslu tekjuskatts samkvæmt 1. gr. laga nr. 94/1996 af vaxtatekjum þessum við framangreindan flutning, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. sömu laga, sbr. 2. gr. laga nr. 133/1996. Var öllum kröfum kæranda hafnað.

Staðfest var af hálfu yfirsattanefndar að innlausn átti sér stað þótt eigandi fjárens fengi ekkert útgreitt á sama tímapunkti. Ávallt þarf að gera upp hver viðskipti með hlutdeildarskírteini fyrir sig.

16/2009

Krafa um endurupptöku á úrskurði yfirsattanefndar – almenn hæfiskilyrði

Krafist var að yfirsattanefnd ómerkti úrskurð sinn nr. 133/2008 uppkveðinn 11. júní 2008, þar sem einn nefndarmanna hefði náð hámarksaldri nokkru áður en úrskurðurinn var kveðinn upp og honum því verið óheimilt að taka þátt í málsmeðferð nefndarinnar.

Nefndarmaðurinn var skipaður til að gegna hlutastarfi í yfirsattanefnd frá og með 1. júlí 2002 til og með 30. júní 2008. Var beiðni um endurupptöku hafnað með vísan til skipunarbréfs nefndarmannsins.

Yfirsattanefndarmaður var skipaður í hlutastarf til sex ára og var fyrirfram vitað að hann myndi ná 70 ára aldri á skipunartíma. Af því leiðir að hann taldist ekki vanhæfur eftir að þeim aldri var náð og þar til að skipunartíma lauk.

27/2009

Erfðafjárskýrsla – ákvörðun tímamarka varðandi kaupgengi hlutabréfa – framsending beiðnar um ívilnun

Í máli þessu var ákvörðun sýslumanns um að miða skattstofn erfðafjárskatts við skráð kaupgengi hlutabréfa á dánardegi arfleif-

anda, kærð til yfirsattanefndar. Af hálfu kæranda kom fram að þegar skýrslunni var skilað hefði verið komin til yfirtaka íslenska ríkisins á stærstu bönkum landsins en sú yfirtaka hefði haft í för með sér að verðgildi hlutabréfa dánarbúsins hefði að engu orðið. Ekki væri því um að ræða verðlækkun hlutabréfa heldur væru viðkomandi hlutabréf ekki lengur til. Væri um að ræða mjög einstakar aðstæður sem ekki hefði verið gert ráð fyrir í lögum. Yfirsattanefnd taldi að lög nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, væru afdráttarlaus hvað þetta varðar. Skorti því lagaheimild til að taka til greina kröfu kæranda um lækkingu á skattstofni erfðafjárskatts. Þeim hluta kærunnar er laut að beiðni um ívilnun var vísað frá yfirsattanefnd og hún framsend skattstjóra til meðferðar.

Ekki voru fyrir hendi lagaskilyrði til að taka tillit til þess við ákvörðun erfðafjárskatts að hlutabréf í íslensku viðskiptabönkunum voru verðlaus eftir að erfðafjárskýrslu var skilað enda ákvæði laga nr. 14/2004 afdráttarlaus um ákvörðun stofns erfðafjárskatts.

30/2009

Niðurfelling tilfærðs taps af sölu hlutabréfa

Skattstjóri felldi niður tilfært tap af sölu hlutabréfa í einkahlutafélagi. Skattstjóri byggði á því að óumdeilt væri að um væri að ræða tapað hlutafélag og því ætti 1. mgr. 24. gr. tsl. ekki við og frádráttarheimild vegna tapaðs hlutafjár væri ekki fyrir að fara. Í ljós var leitt að kærandi seldi bróður sínum, sem hefði verið framkvæmdastjóri félagsins, öll hlutabréf sín í félaginu að nafnverði 1.500.000 kr. fyrir eina krónu enda hefði kærandi metið stöðuna svo „að bréfin væru í raun orðin verðlaus.“

Yfirsattanefnd tók undir þá niðurstöðu skattstjóra að virða bæri umrædda ráðstöfun kæranda á hlutabréfunum til bróður síns sem málamyndagering sem horfa yrði framhjá í skattalegu tilliti. Var því byggt á því að umræddur frádráttur í skattskilum kæranda hefði í raun verið afskrift hlutabréfanna. Kröfum kæranda var því hafnað.

Niðurstaða í þessu máli er í samræmi við áralanga skattframsæmd í málum af sambærilegum toga.

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2009

■ Skatthlutfall staðgreiðslu.....	37,2%
■ Tekjuskattur.....	24,1%
■ Útsvar.....	13,1%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára.....	
af launum umfram kr. 100.745.....	6,00%
■ Af vöxtum og arði.....	10,00%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2009.....	kr. 1.361.452

Persónuafsláttur frá 1. janúar 2009

■ í einn mánuð.....	kr. 42.205
■ í hálfan mánuð.....	kr. 21.102
■ í 14 daga.....	kr. 19.426
■ í eina viku.....	kr. 9.713
■ Sjómannaafsláttur á dag.....	kr. 987

Hámark barnabóta 2009 miðað við heilt ár

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni.....	kr. 152.331
- með börnum umfram eitt.....	kr. 181.323
- ótekjutengd viðbót v/barna yngri en 7 ára	kr. 61.191
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni.....	kr. 253.0716
- með börnum umfram eitt.....	kr. 2460.262
- ótekjutengd viðbót v/barna umfram eitt og yngri en 7 ára.....	kr. 57.891

Barnabætur eru greiddar út 1. feb., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv.

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald.....	5,34%
■ Sérstakt viðbótargjald v/sjómanna.....	0,65%

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 5/2008

Gildir frá 1. 10. 2008

■ Almennt gjald, af fyrstu 10 þ.km, pr. km:	kr. 92,00
---	-----------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag, skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 6/2008

Gildir frá 1. 10. 2008

■ Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring.....	kr. 17.200
■ Fyrir gistingu í eina nótt.....	kr. 10.000
■ Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag.....	kr. 7.200
■ Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag.....	kr. 3.600

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54

Virðisaukaskattur

Almennt skattþrep.....	24,5%
Sérstakt skattþrep.....	7,0%

Skattalagasöfn

Nýlega hafa verið gefin út tvö skattalagasöfn. Annars vegar er ritið Tekjuskattur sem er samfella laga, reglugerða og auglýsinga er varða beina skatta og álagningu opinberra gjalda og miðast við löggjöf sem var í gildi 1. febrúar 2008.

Hins vegar er um að ræða ritið Virðisaukaskattur sem er samfella laga um virðisaukaskatt, vörugjald, skilagjald, áfengisgjald og bifreiðaskatta og miðast við löggjöf sem var í gildi 30. apríl 2008.

Ritin eru seld í Pennanum-Eymundsson, Bóksölu stúdenta og hjá ríkisskattstjóra.

